"Öku-Þór"

Útgefandi:

Málfundafjelag Hvammstanga

I. ár

Ritstjóri: Halldór Sigurðsson
Meðstjórnendur: Jónas Sveinsson
Magnús Þorleifsson

1923 - 24

Efnisyfirlit

1. blað

Óku-þór bls. 1
Ávarp - 1
Síðasta för Ökuþórs til Geirröðargarða - 3
Neistar - 3
Samtal - 3
Tafl - 6
Lóreley - 7
Sá gamli talar við sjálfan sig - 9

2. blað.

Jól - 11
Á nolumþeli - 17
Vöggugjafir - 17
Staka - 18

3. blað

Börn í brekkuvísi - 19
Guðrún Ósvífursdóttir - 26
Stökur - 26

4. blað

Höndin - 27
Tvær vísur - 29
Orðaveigar - 29

Öku Þór

Öku-Þór.

Öku-Þór! Öku-Þór!
Vertu ímynd orku og hreysti.
Enn sem fyrr þín Skrýmnir freisti
Brugg. bjargföst trú þig treysti.
Til að verða dáðastór.
Endurborinn Öku-Þór.

Öku-Þór! Öku-Þór!
Brjóttu veg um blásin klungur.
Brúa gjár og hraunasprungur,
Björgin moli Mjölnir þungur.
Merki veg þinn landnám stór
Enn sem forðum Öku-Þór

Öku-Þór! Öku-Þór!
Helgan eld í hjörtum gloddu;
Hraun og sanda lífi goddu;
Ís og hjarn úr hugum broddu.
— Hreinan skjöld og áform stór
Berðu, ungi Öku-Þór!

M. Þorleifsson.

Ávarp.

Svo langt er nú komið, að málfundafjelag er stofnað vor á meðal. Tilgangur þess er, sem ykkur er kunnugt og nafnið bendir til, að kenna mönnum talfimi og rökrjetta hugsun í ræðu sem riti. Nú á tímum eru þær kröfur sem gerðar eru til hvers og eins af okkur í hverri stöðu og verkahring, sem við skipum, æði miklar, má segja að ef vel á að fara, þurfi valinn maður í hverju rúmi að vera. Leiðirnar sem menn ganga og leita til að verða að nýtum borgurum, landi sínu til gagns og sóma, eru margar, en fáum mun blandast hugur um fyrsta skilyrðið til þess er góður fjelagsskapur og fátt sem auðgar andann meir og gerir menn hæfari til nytsamra starfa í þjóðfjelaginu, en starfsemi með góðum fjelögum, þar sem hver og einn lærir gjör samvinnu og samheldni. Það er ykkur öllum kunnugra en svo, að á það þurfi að minnast hvílíkt skaðræði fjelagsleysið er; þetta að hver einstakur húki í sínu horni afskiftalaus með öllu af því sem fram fer í umhverfinu. Er fátt sem stuðlar betur að því að gera hvern og einn að andlegum eintrjáning, auk þess sem fjelagsleysið, í hvaða mynd sem það

birtist, beinlínis eða óbeinlínis skaðar þjóðfjelagið Hversu mörg eru eigi þau nytsemdarmál sem að engu hafa orðið vegna fjelagsleysis og ósamheldni?

Þó fælli nýstofnaði fjelag okkar sjer aðeins nefnist málfundafjelag, þá á takmark þess vissulega að vera annað og meira en eingöngu að temja oss orðfimi Vonandi lærum við fyrst og fremst að meta gildi þess að starfa í góðum fjelagsskap og vinna saman og hyggast. Sjálfsagt er einnig að við tökum ýms nauðsynja og áhugamál sveitar okkar, sýslu og lands til okkar taka, ekki síst þar sem við eigum góðum kröftum á að skipa, og ýmsir málsmetandi menn eru fjelagsskap okkar tilheyri, og nóg verkefni er að moða. Væri eigi nokkuð unnið, þó eigi næðist lengra en fylgja uppi og vekja áhuga á einhverju nauðsynja og framfaramáli sveitar okkar eða sýslu hvað þá heldur ef okkur auðnaðist að koma því í framkvæmd?

Væri eigi vera nokkur vinning að ræða ef hægt væri að vekja verulegan áhuga einhvers fjelaga eða þroska góða hæfileika, sem annars hefðu niðri legið? Vafalaust viljum við allir ná lengra Við viljum vekja eftirtekt á fjelaginu okkar og sýna að með sameiginlegu erfiði getum við komið mörg góð og nytsöm mál fram til eigna.

Góðir fjelagar! Vit erum flestir viðvaningar í að rita og tala, en getum þess, at það má með engu móti hamla okkur frá því að leggja eitthvað gott af mörkum í þarfir fjelagsins okkar. framtíð þess er undir því komin að enginn grafi pund sitt í jörðu. Það hefur þótt sannast á okkur Íslendingum þetta "Andinn er að sönnu reiðubúinn" o.s.frv., það er að segja ef heimfært er upp á fjelagslíf. að ~~ef~~ við höfum góðan vilja á að stofna til fjelags, en skorti seiglu og viljaþrek til þess að halda fjelagsskapnum vakandi og starfandi Hefur reynslan sýnt að fjelög ýmiskonar, sem stofnuð hafa verið hafi síst langlíf reynst; fjörið og áhuginn hjá meðlimunum dofnað fljótlega

Látum umfram alt ekki slíkt henda fjelagið okkar unga. Verum sístarfandi í frístundum okkar fyrir það, og vekjum annara áhuga á að styðja okkur í starfinu Stígum á stokk og strengjum þess heit að hlynna sem best að því, og starfa vel ~~(og starfa vel)~~ og starfa lengi, og láta aðra læra af okkur hvað þetta snertir. Við höfum vissulega séð hjer góðu fræi í jörð og því gildir um að uppskeran verði okkur ei til skammar, og illgresi nái uppi að vaxa.

Jónas Sveinsson

Síðasta för Öku-Þórs til Geirröðargarðu

Nú skal heimskan hæðilega hamri niður barin,
því að enn í Austurveg
Öku-Þór er farinn.

Hann mun þora að þoka
þýji og vanans tröllum. [Lt: á]
til að friða óðal á
andans Glæsivöllum

Þegar heimsins þeim er gjörð
þrátt lýðsins hagur
grænum lauki prýða jörð
gyllir frelsis dagur.

Jón S. Bergmann

Neistar

Sjálfsagt hefur engu í þessum heimi verið svo ranglátlega skift meðal mannanna sem heilbrigðri skynsemi. Allir þykjast hafa hana í svo ríkum mæli, að jafnvel þeir, sem aldrei þykjast hafa nóg af neinu öðru, kvarta þó aldrei um það að þá skorti skynsemi

Það er eðlilegt, að menn sem ekki verða að vera svangir verði saddir lífdaga.

Gömul spakmæli.

Samtal

Björn: Sæll og blessaður Jón minn hvernig sæki jeg að þjer. það er nú nokkuð langt síðan við höfum sjest — ekki síðan jeg var hjá þjer um lima hjeruðum sumarið. Síðan hef jeg verið hjer og þar, eins og gengur

Jón: Komdu blessaður og sæll. Þú sækir nú heldur vel að mjer núna Jeg er ekki eins slæmur af gigtinni eins og stundum endranær. En nú verður þú að koma inn og segja mjer frjettirnar. Gerðu svo vel.

Þú hefur nú sjálfsagt einhverjar frjettir að segja úr því þú hefur farið svo víða það er munur eða við gömlu mennirnir, sem aldrei förum neitt. Og þó að við sjáum blöðin, hvaða gagn er að því? Helmingurinn ~~sem~~ af því, sem í þeim er er rifrildi og persónulegar skammir Og svo hitt ómerkilegar samtíningar og auglýsingar það var þó oft skárra í gömlu blöðunum þó voru oft langar greinar um landsmál, og margar góðar En ekki var þó hægt að segja að ekki gæti slegið í brýnu stundum Nú er ekki vegist með sverðum og spjótum eins og í fyrri daga

þegar menn áttu sigurinn
undir karlmensku sinni
og kreyti. Nú er öldin
önnur. Nú er um að gera
að geta spúð sem mestu
bleki og prentsvertu í allar
áttir eins og blekfiskar. Jeg
get ekki líkt því við ann-
að

Björn: Já, það er ekki hægt að
neita því að deilumálin
eru mörg og margt sem
verður að sundurþykkju og
ágreiningi. Við því er ekki
hægt að gera. Ekki hafa allir
sömu skoðun og af því rís
oft sundurþykkja. En ekki
væri það betra að allir væru
á sama máli. Það ber
einmitt vott um aukna
mentun þjóðarinnar, að
þeir eru orðnir fleiri sem
finna köllun hjá sjer til að
taka þátt í umræðum um
sem flest mál. Og jafnframt
eru þeir fleiri nú orðið sem
færir eru til þess. Af þessu
leiðir að margar verða mein-
ingarnar.

Jón: Þetta er nú mikið rjett
og jeg get fallist á það
með þjer. En jeg átti nú
ekki beinlínis við það,
heldur hitt, að þeir væru
ekki að níða og svívirða
hvern annan. Það eru per-
sónuleg-heitin, þetta að
láta alt snúast um menn-
ina en ekki málefnin
Það er ónmgilegt að halda
uppi svörum fyrir sig

og halda fram einum mál-
stað ef menn halda sjer
við efnið – um málefnin sjálf.
Jeg hefi skömm á þessum
persónulegu níðgreinum –
Og þetta ennn við að
kaupa; leggja út peninga
fyrir. Hvað heldurðu nú ann-
ars, Björn minn, að per-
sónulega skammagreinarnar
kosti um misserið eða um
árið skulum við segja.
Það er nú ekki gott að
vita það með vissu, en
það er stórfje

Björn: Þetta leiðir aðallega af
stjórnarfyrirkomulaginu
Nú eru þeir orðnir svo margir
sem taka þátt í myndun
stjórnanna, bæði beinlínis
og óbeinlínis. Af þessu
leiðir, að það verður að reyna
að mela mennina sem
til greina koma og þeir
eru kanske margir. Það er
farið út í mannjöfnuðinn
og svona skapast hvað af
öðru; eykst orð af orði, eins
og kallað er

Jón: Það sem þú sagðir nú
getur líka átt við þing-
mennina og þingmanna-
efnin. Mjer datt þá í hug
að segja þjer það sem jeg
var að hugsa um hjerna
um daginn. Jeg sá tvo
hana-unga vera að fljúgast
á. En hvað mjer þótti skringi-
legt að sjá til þeirra. Þarna
stóðu þeir hvor andspænis
öðrum. Stukku svo saman

og bitust og reyttu fjaðrirnar
hvor af öðrum. Svo varð
fiðrið á þeim alt úfið.
Fjaðrirnar stóðu út í loftið
af reiðinni og vonskunni
og jeg held að þeir hafi
bitið hvor annan til blóðs
En hvað mjer fanst þess-
ar aðfarir hanaunganna
líkar aðferð stjórnmálamann-
anna og þingmannanna
Þeir bítast og berjast, bara
með öðrum aðferðum og
á annan hátt. En jeg
gat hlegið að þessum sam-
anburði, því að mjer fand
hann eiga svo vel við

Björn: Jeg get nú ekki neitað
að þessi samlíking þín
er nógu smellin og alveg
rjett. Báráttan á sjer alstaðar
stað þar sem margir eigast
við.

Jón: Jæja, jeg get nú ekki að
því gert að mjer finst þetta
alt orðið hálfvitlaust og
öðruvísi en það ætti að vera
En hvað jeg ætlaði mjer að
segja – hvað varstu nú að
hugsa um að taka fyrir?
Þú hefur að undanförnu
verið á sífeldu flökti og flugi
eins og kríurnar, ~~undan-~~
~~förnu~~ til að leita að æti eins
og hún. Þú ert nú sjálfsagt
búinn að eignast svo mikið
að þú getir farið að búa,
því allaf eruð þið þó að hugsa
um það, lausamennirnir,
að græða sem mest. Og fyrir
hverju eruð þið, að ~~safna~~ vinna

Handa hverju eruð þið að safna
ef þið eruð að skrölta svona
lausir allaf? Mjer finst, eins
og þeir gömlu sögðu að þú
ættir að staðfesta ráð þitt og
kvongast – Þú ert nú að mig
minnir bráðum þrítugur, og
þá er komið mál til að fara
eitthvað að hugsa um það,
því jeg segi það eins og mjer
finst, og það er ekkert hól
eða neinir gullhamrar, það
hefur margur maðurinn byrjað
hjúskap og búskap, sem eldri
er far til þess, en jeg álít þig
vera.

Björn: Það getur vel verið að
jeg fari að reyna búskap-
inn, en þó er það ekki
fullráðið enn

Jón: En svo með leyfi að
spyrja, ertu þá ekki búinn
að útvelja konuefnið?

Björn: Nei, ekki er jeg búinn að
því enn. Maður getur tekið
sjer jörð og búið ógiftur það
er ekki óvanalegt.

Jón: Jú, Jú! Það er nú orðið
ekki óvanalegt Sýnist [nauðsyn] að
vera að komast í móð. En á
mínum yngri árum var
það víst alment skoðað, að
það fyrsta væri að ná sjer í
konuefnið ef hugsað væri til
að byrja búskap. <u>Þetta</u> að
vera að bauka við búskap
einir sins liðs! Jeg vil kalla
það bara eitthvert <u>vitrinna-
hokur</u>, það er hálfur dauði
en ekki líf. Það er líka
alveg víst. – Hjerna okkar í

mitt sagt að blessaðar stúlkurnar, þær eru líka til með að byrja hjúskap og húskap með þeim sem þeim geðjast að og líkar. Það stendur ekki á því. Og jeg er viss um það, Björn minn, að þjer verður varla skotaskuld úr því að ná þjer í einhverja – jeg meina ekki einhverja druslu eða einhverja aum-ingja, heldur myndarlega og almennilega stúlku. Því þær eru náttúrlega alstaðar í og með.

Björn: Það var nú ekki meiningin að jeg hefði afráðið neitt um það að búa einn. Og jeg er ekkert að kvíða fyrir því að jeg geti ekki náð mjer í kven-efnið, ef jeg fer að reyna það. En mjer finst það ekki nóg. Maður verður að hafa haft fyrirhyggju einhverja fyrir því að geta komist almenni-lega og sómasamlega áfram, svo að maður verði ekki handbendi annara – fari ekki blátt áfram á hreppinn.

Jón: Satt er það, en eins og jeg sagði áðan, ertu nú búinn að efnast svo að engin hætta er á því. Svo kemur það af sjálfu sjer, þegar krakkarnir fara að koma, þá verður maður tvöfaldur í roðinu. Þá finnur maður að fyrir eitthvað er að lifa, til ein-hvers er að vinna, að koma krökkunum á legginn. Og þó að maður þurfi að bjástra og vinna nokkuð, þá er gleðin og ánægjan eftir á móti margföld, ef sambúðin er bærileg. — Þú er nú búinn að reyna þetta sjálfur, og jeg veit nokkurnveginn hvað það er! En næst þegar við hitt-umst, gæti jeg spjallað meira við þig um þetta og kannske fleira.

Björn: Já, mjer þætti ekkert að því, en nú verð jeg að fara. Vertu blessaður og sæll.

Jón: Vertu blessaður og sæll. Þú kemur áður langt líður.

B. E.

— II —

Tafl.

Ef tafl vilt þreyta þá teflðu um
sem til er að vinna og frá að [alt] tapa
Að enduðum leiknum þú annað-
hvort skalt
ná algerðum sigri eða gersöllu
tapa

Og gladdir öllu þú gakktu á brott
og gleymdu ekki heim með þinn
böli
en leitaðu uppi eitthvað gott
sem eyði því skjóta en sólbráð
föli

En vinnirðu, nota þá vald
þitt ei
til að vega að þeim, sem hlífar
bíður

og gættu þess vel: Alt hold
er hey
að hjúkra og græða er sigur
meiri.

Magnús Þorleifsson.

Lóreley.

Flest ykkar eða jafnvel öll munuð kannast við kvæðið hans Heine um Lóreley. Það kvæði er líklega kunnara hjer á landi en flest önnur út-lend kvæði, því að alstaðar er það sungið og kvæðið og fleira en eitt af skáldum okkar hafa snúið því á íslenska tungu og á því sjer maður að kvæðið er mörgum hug-þekkt.

Kvæði þetta er ort út af þjóðsögu um hafmeyna Lóreley. Sagan sjálf gerist á þeim tímum þegar hjátrúin var í blóma, þegar álfar bjuggu í hólum, tröll í tindum, haf-meyjar á hafinsbotni og hvers-konar vættir gengu ljósum loga. Lóreley var hafmey, og haf-meyjar þessar voru konur til hálfs og fiskar til hálfs og komu stundum upp á yfirborð vatnsins og ljeku sjer á sljettum vatnsfletinum eða í löðrinu við klettana og stór eða lágu á skerjum uppi líkt og selir. Annars voru heimkynni þeirra á sjávar-botni. Þar áttu þær skrautlegar hallir skreyttar dýrindis perlum og allskonar gersemum.

Gjarnar þóttu þær á að heilla til sín menska men; – formenn er framhjá sigldu enda þóttu þær alloftast fagrar sýnum og laðandi að líta. Þær sungu, og söngur þeirra ljet laðandi og yndis-lega í eyrum. Brennandi var augnaráð þeirra og töfr-andi fas þeirra og hjálpaðist alt að því að seiða og heilla hug formannsins, enda ljetu margir undan síga fyrir því seiðmagni. Hlupu þeir þá ýmist fyrir borð eða gættu eigi stjórnar skipsins og steyptu upp á rif eða sker.

Í kvæðinu lætur Heine for-manninn vera gæddan mann-legum breyskleika og íslöðuleysi og vita sig jafnvel veikan fyrir freistingunni. Því sagan segir jafnvel að hann hafi bundið sjálfan sig við siglutrjeð svo að hann geti notið söngsins og sýn-innar án þess að fara sjer að voða og reynt þannig að komast heill á húfi framhjá freistingunni. En jafnvel það var til einkis því að hugur hans heillast er hann sjer hafmeyna töfr-andi fagra sitja á klett-inum og heyrir óminn af söng hennar, hamstola og seiðandi. Og svo voldugt

að viðlensl engi er viðsins hófralag." Og farmaður-inn ógæfu-sami hlustar og heillast. Mótstöðuaflið þverrar og minnið sljóvgast og hverfur að lokum; hann gleymir sjálfum sjer, gleymir bæði stund og stað, hann gleymir hvert hann ætlar. Hafmeyjan verður honum allur heimurinn og takmark hans og til hennar verður fleygimenið og til hennar dregst hann sem af einhverju segulmagni. En hann gætir ekki hvar löðrið leikur um hvassydd rifin fyrir stafni skipsins og endirinn verður sá að hann steypir skipi sínu þar upp og ferst.

Kvæðið eða sagan sjálf er ekkert annað en æfintýri. En flest eða öll æfintýri hafa fleiri en eina hlið sem athuga má. Jafnframt því sem geta verið barnagaman og skrítileg ef þau eru tekin bókstaflega, þá er oft falið í þessum óbrotna búningi djúpur sannleikur eða lífspeki og eiga þau því alt eins og ekki síður erindi til fullorðinna. Það er engu líkara en að þau vaxi með manninum, geti átt erindi til allra á hvaða þroskastigi sem menn eru. Þau geta verið æfa gömul, en eru þó alltaf ný.

Vafalaust hefur eitthvað sjerstakt vakað fyrir skáldinu er það gerði þetta kvæði, meira en það að snúa sögunni í ljóð. Vafalaust er einhver sannleikur falinn í þessu raunalega æfintýri, einhver lífspeki fólgin í söguefninu. En hvað er það þá? Hver er hún, þessi Lóreley? Er hún einhver gotneskborin dís, sem kveldist svo úr dulaheimunum til að benda okkur til æðra lífs? Eða er hún ~~jafnvel~~ kannske æðsta takmark göfugra hugsjóna sem menn eigi jafnvel að brjóta skip sitt fyrir? Nei, ónei. Síður en svo. Hún er hvorugt. Hún er óheillagyðjan, nautnin sjálf. Hún er persónugerfingur allra girnda allra lægri hvata og fýsna sem lokka og lokka og leiða í ógæfu. Ástríðurnar töfrandi og heillandi að líta en sem bera hel og hörmung við skínandi barm. Mörgum hefur hún á knje komið um dagana. Margur maðurinn hefur liðið skipbrot og strandað á því óheilla skerinu, þar sem hafgyðjan Lóreley situr og gellur sinn Grógaldur.

Áin Rín er lífsleið okkar allra. Við erum farmennirnir sem siglum niður eftir henni og á leiðinni til strandar, þar sem hafið tekur við djúpt og ómælanlegt. Straumurinn eða rás lífsins ber okkur stöðugt áfram í áttina þangað framhjá skógum og dröngum þar sem hafgyðjurnar, freistingarnar sitja með sitt fláráða strengjaspil sem heilla svo magnan, svo magnan, og láta oft svo unaðlega í eyrum

Margur farmaðurinn tekur glepjast af ginningarröddum freistinganna og gefst þeim á vald. Hann hættir að stýra eftir stjörnunum og sól og gætir eigi heldur boðanna sem leika um ólánsrifin nje strandarinnar þar sem unnvörpum liggja og minna á sorgleg afdrif einhverra annara, en sjer aðeins snjóhvítan barm hafgyðjunnar og þráir það eitt sökkva sjer ofan í sætleik nautnarinnar. Hann heyrir ekki gnýinn af brotnandi bárunum sem er eins og að vara hann við hættunni en söng Lóreley heyrir hann og í faðm hennar steypir hann en fyrirhittir aðeins feigðarboða við skerin og brýtur skip sitt í spón.

H. S.

Sá gamli talar við sjálfan sig

Hann sat á hálfrögutum hrosshaus framan við hlóðarsteininn og hrærði í grútarsótugum súpupotti með gömlu og forn-fálegu kústskafti. Hann lygndi augunum og jórtraði makindalega. Annað slagið rjetti hann úr kryppunni og gaut augunum niður í súpupottinn og grétti sig.

"Jeg held jeg megi sitja til eilífðar áður en þetta verður soðið og það verður heldur aldrei annað en hundamatur. Það er af sem áður var, þá fjekk maður oft feitan bita í pottinn. En nú er afturför í öllu. Nú eru allir óþokkar og glæframenni svo hugleysir að þeir ~~þora~~ ekki að framkvæma það sem jeg hvísla að þeim. Nú þorir enginn að stela nema einum eða tveimur mörköggum í senn. Slíkt þótti nú smáræði fyrr á dögum. Nú eru þeir líka hættir að gefa hver öðrum á kjaftinn hvað þá meir, nú drepa þeir ekki einu sinni lús svo að vitnum verði við komið.

Nú eru allir hættir að ljúga og er það nú merkilegast af öllu. Almenningsálitið heimtar að öll lygi sje flutt í ljóða eða sögu formi og það eru ekki allir sem hafa þá gáfu að þeir geti það svo, að það hafi tilætlað áhrif. Nú ef þessu fer fram þá verður lítið að bíta og brenna á mínu heimili. Ekki er það merkilegur hátíðamatur að japla á hornunum af skinhoruðum kjaftakerlingum og hnútunum af ólseigum hreppsnefndarmönnum, sem hingað fleygjast af tómri eigingirni. Og svo eru þeir líka farnir að brasast við að eitra annig sem sitjandi

af sjer, á minsta kosti þeir sem skrifa undir allar sínar gerðir með fyrirvara. Því þeim verður nú ekki kápan úr því klæðinu sem hinum vitru mönnum, því þeir fá hverja morgungjöfina annanhvern dag og þá verða þeir neyddir til að leyta til mín ef jeg vil þá nýta þá. Skynsamlegast væri kannske að láta þá flakka um. Öðrum til viðvörunar og sjálfum sjer til háðungar."

Nú verður honum litið niður fyrir sig og sjer þá að hann hefur hnýtt halanum upp á milli fótanna og í hökutoppinn.

„Bítum við!"

Hann klórar sjer með annari framlöppinni bak við eyrað. „Nú man jeg það; það var útsvarið mitt sem jeg ætlaði að klaga. Tekjurnar eru orðnar rýrar og altaf gengur á eignirnar. Jeg ber mig saman við Bjarna. Hreppsnefndin dregur frá fyrir tóbaki og brennivíni hjá honum og er það þó hvorttveggja óþarfi, en jeg eyði talsvert meiri eldivið en hann og þarf þess utan feiknin öll af skóleðri handa mjer og minni fjölskyldu, en nú þarf Bjarni ekki nýja skó fyr en við næstu kosningar.

En sjáum til. Jeg tek oddvitann líka; hann er konunglegur embættismaður og þarf ekki að vinna nema einn dag í hverjum mánuði.

Hann er aðal manna forseti í Esperanto og hefur brjefaviðskifti við heiðmeyjar austur í Kína og Japan og fer frá þeim offjár á hverju ári. Hann hefur minna útsvar en sá minsti á mínu heimili og hefur hann þó ekki önnur laun en róg og ugga og hagnýt heilræði.

Jeg sendi litla Lust til Baldvins í Helguhvammi og bið hann að koma fyrir mig; honum þykir allir gjalda ofmikið nema hann sjálfur og hreppstjórinn. Hann kann líka að gera greinarmun á því að sýnast og vera, hann er margvitur og fjölkunnugur og veit lengra en nef hans nær, og er það þó víðförult og fundvíst á það sem öðrum á að vera dulið."

Og svo gamli hamaðist og hvarð í ákafa um fína kinnokaffið hökk i sundur. „Svona eru sviðin úr þeim dönsku! Hallo, Surtur! Farðu aðra upp í nýja kaupfjelagið og vittu hvort þú getur ekki fengið þar prönn fyrir neðan innkaupsverð – Skilurðu það er ómögulegt að nota við þennan garm lengur."

X.

Jól.

Smásaga eftir
Torráð Vandráðsson.

"

Snjónum hlóð niður í þjettum flyksum. Það var blæjalogn og frostlítið. Tveir menn voru á gangi heim að bænum á Hjalla. Þeir komu frá gegningunum og voru illa til fara. Annar þeirra var bóndinn, roskinn maður og ófríður með mikið alskegg. Hinn var vinnumaður hans, aldurhniginn og þreytulegur. Hann stakk við öðrum fæti því gigtin hafði lagst þungt á hann undanfarið og gaf honum bæði skapstyggan og aumkunarlegan útlit. Þeir töluðu saman um harðindalegt útlit og slæmar horfur, um tíðarfar og heyföng.

„Jeg sendi Sigga til hrossa" sagði bóndi, „það verður víst engin snöp þegar upp birtir. Jeg ætla að taka folaldshryssuna og hann Tilla-Brún, þau voru hjerna suður og upp í brekkunum í gær."

„Það er nú rjett" svaraði gamli maðurinn, „en bara að strákurinn villist nú ekki; hann er svo skolli dimmur – og svo fer að skyggja."

„Það er ómögulegt" svaraði bóndi „hann sem er svo nauða kunnugur."

Hinn gengdi þessu ekki enda voru þeir nú komnir heim og teknir að skafa af sjer snjóinn, hver með sínum sjálfskeiðing, en á móti þeim lagði ilmandi lykt af hangikjöti og nýsteiktu laufabrauði því þetta var á aðfangadaginn.

Sigurður var sonur Jóns gamla vinnumannsins. Hann var átján ára, stór og þroskamikill, enda fanst honum allmikið til sín, og hefði vært þótt sjer misboðið ef hann hefði heyrt þá tilgátu föður síns að hann myndi villast í logndrífunni.

Þegar þeir bóndi og Jón gamli höfðu skafið af sjer, gengu þeir rakleiðis í baðstofu. Þar voru nú konur önnum kafnar við undirbúning hátíðarinnar. Sigríður gamla kona Jóns var að enda við að þvo baðstofugólfið og lá á hnjánum í dyrunum þegar þeir komu inn. Hún

vjek sjer til hliðar og hleypti þeim framhjá sjer. Bóndi gekk til húss síns í öðrum enda baðstofunnar. Dóttir hans seytján ára gömul færði honum þurra sokka og sjaldskifta buxur, því nú vildi hún að hann hjeldi sjer til ~~um~~ þar sem hátíðin væri í nánd.

Jón gamli settist á rúm sitt frammi í baðstofunni. Eftir litla stund kom kona hans með sokka og buxur á handleggnum. "Hvar er Siggi?" spurði hún. "Hann fór til hrossa" svaraði Jón þurlega. "Viltu ekki fara úr og fá vatn að þvo þjer?" spurði Sigríður. "Nei jeg held það taki því ekki því jeg verð víst að fara út og hjálpa stráknum til að láta inn hrossin ef hann þá finnur þau." svaraði hann.

"Hann finnur þau ekki í þessu myrkri, og gott ef hann villist ekki." "Já, það var helvítis vitleysa að láta drenginn fara út í þetta" sagði nú Jón og stóð á fætur. Hann labbaði út úr baðstofunni og fram göngin. Ljósglampa lagði fram úr búrinu þar voru húsfreyja og vinnukona að fást við jólamatinn. Þegar Jón kom nokkuð framar í göngin hljóp einhver í fang honum svo hart að hann hentist upp að veggnum og hljóðaði við því hann sárkendi til í mjöðminni.

"Hver fjandinn gengur á?" spurði hann. Þetta var þá Anna heimasætan.

"Jeg hjelt það væri annaðhvort draugur eða þá hann Siggi að hrekja mig" sagði Anna. "Það er ekki víst að Siggi angri þig í kvöld; hann fór til hrossa og það er ekki fyrir nokkurn mann að rata í þessu – svo sem hann kvað á – myrkri." Anna svaraði ekki, en skaust inn í búrið.

Jón hjelt áfram út á hlaðið og tautaði við sjálfan sig "En hvernig þau láta þessi krakkafífl. Þau eru altaf að stríðast á og eiga í sífeldum erjum – En þau hætta því nú bráðum, þetta er svona byrjunin. Þau ná saman ~~bráðum~~ ef þau lifa. Jeg kann ekki við þetta – Ef þau lifa? Já ef að strákurinn drepur sig nú ekki" Karl greikkaði ~~sporið~~ og skrefaði til hesthússins þegar þangað kom, skreiddist hann upp á heytóftina og tók að kóa og eiga hundinum sem fylgdi honum, í allar áttir. Þess á milli hlustaði hann, en heyrði ekkert nema veðurgný í norðurátt. "Hann er að fara í norðan-byl" tautaði hann "Helvítis vitleysa að senda drenginn – og komið myrkur."

Nú kom fyrsta vindhviðan og önnur ~~og önnur~~. Mjöllin þyrlaðist upp og iðulaus stórhríð var skollin á.

Jón staulaðist ofan af tóftinni og inn í hesthúsið; hann treysti sjer ekki einsömum heim til bæjar. Hann sparti stein fyrir hurðina að innan og ætlaði að láta þarna fyrirberast. Hann kærði sig ekkert um að fara heim. "Aumingja drengurinn að deyja úti í þessu veðri" hugsaði hann. Væri ekki best að hann færi líka út í hríðina og fylgdi syni sínum. Nei, enn var ekki vonlaust – og þó – Nei hann ætlaði að bíða. Nú mundi hann eftir því að það var jólanóttin. Ýmissa jólaminningar komu fram í huga hans. Myndi nú ekki vera gagn að því, að biðja hann sem var í heiminn kominn þessa nótt til þess að taka á sig sök mannanna. Jú. hann ætlaði að reyna það. Og Jón settist á jötustokkinn og fór að biðjast fyrir, en þess á milli oddi hann um krónc og tautaði. "Helvítis vitleysa að senda drenginn út í þetta." Svo settist hann aftur og baðst fyrir á ný, en hríðin lamdi utan hesthúskofann með tröllauknum krammi sínum.

Nú víkur sögunni til Sigurðar þegar húsbóndinn bað hann að sækja hrossin, fór hann tafarlaust af stað. Hann var ljettur í lund og gekk hratt. Hann vildi vera kominn heim aftur til þess að hafa fataskifti áður en kveikt yrðu jólaljósin. Hann var að hugsa um brellu til þess að geta dregið Önnu um kvöldið þegar jólasveinarnir yrðu dregnir. Hann ætlaði að biðja Valda bróður hennar að lofa sjer að sjá hvernig miðarnir væru skrifaðir og merkja þann miða – það var hægðarleikur svo skyldi hann stríða henni á því að hann hefði dregið hana fyrir eiginkonu. Hann var sokkinn ofan í þessar hugsanir og óslaði lausamjöllina stekklega. Alt í einu rak hann sig á stóran stein. Hvert var hann kominn? Hann skoðaði steininn gaumlega og þekti hann. Steinninn var á mel beint upp undan bænum. Hann hafði þó villst, ekki var gott að láta alla vita um ~~það~~ þetta. Anna myndi stríða honum á því í nokkra daga. Hann tók nú stefnu beint í suður og hljóp til þess að vinna tímann, sem hann hafði mist við villuna, en brátt kom hann að sama steininum aftur.

Það var farið að dimma Siggi stóð kyr og hugsaði ráð sitt. Honum leitst ekki á að hann myndi finna hrossin. Hann hlustaði, og eitthvert hljóð barst honum að eyrum; það var veðurgnýr. Það fór nú að fara um Sigga þótt hugaður væri; hann tók til fótanna beint undan brekkunni, en þá skall hríðin á. Hann

hjelt áfram og reyndi við að reka sig á túngarðinn, en alt í einu fann hann að hann var kominn á hálan ís. Hann hafði farið fram-hjá bænum og var í ánni. En hverju megin við ána? Líklega hafði hann farið undan hríðinni og var fyrir sunnan bæ., og því fór hann að reyna að brjótast á móti út bakkann, en gekk seint því veðrið var óstætt. Alt í einu rakst hann á hrossa-hóp sem hímdi undir barði. hann skoðaði hrossin og þekti að þetta voru þau sem hann var að leita að. Hann stökk á bak á Litla-Brún og barði fótastokkinn í sífellu; hann ætlaði að láta hann ráða í þeirri von að hann færi heim. Brúnn sneri undan hríðinni á hörðu brokki. Stóð og folald-ið komu á eftir.

Þá er að segja frá því, sem heima gerðist á bænum. Húsfreyja kom inn með logandi kerti í hendi; hún ætlaði að fara að kveikja, og gekk því inn í hús til bónda síns. Hann lá þar uppi í rúmi á sokkaleistunum og hálf-klæddur.

„Það var verst að Siggi skyldi fara í [illegible] svona seint. Jeg ætlaði að fara að kveikja og koma með kaffið" sagði húsfreyja.

„Jeg skil ekkert í því ef hann fer ekki að koma" svaraði bóndi.

Húsfreyja setti kertið á borðið og fór að leita að jóla-skónum handa manni sínum. En þá kom hviður á húsin. Bóndi stóð á fætur og gekk út að glugganum. „Það er komin stórhríð" mælti hann. „Jeg má til að fara út og vita hvort Siggi er kominn." „Nei!" kallaði hann, en Sigríður svaraði honum. „Hann er farinn út fyrir löngu." Bóndi fjekk sjúkulpu sína og hettu og hjelt út í veðrið. Kven-fólkið og Valdi, sem ekki var nema tólf ára, fylgdi honum fram í bæjardyrnar og varð þar eftir með [illegible] fyrirbænum þegar það sá hríðarkófið úti. Bóndi þreifaði sig áfram með-fram bæjarþiljunum og komst skamt út á túnið, með því að skríða á fjórum fótum. Brátt rak hann sig á smiðjuna sem var nokkru neðar en brautin til húsanna; þar sneri hann aftur og komst með illan leik inn í bæinn. Hann óð inn göngin. Fólkið gægðist óttaslegið út úr öllum skotum og dyrum og spurði tíð-inda. Bóndi svaraði fáu, en æddi alsnjóugur inn í bað-stofu og síðan fram og aftur. Sumir þorðu þó ekki að spyrja tíðinda er þurftu þess ekki. Það voru þær Sigríður og Anna. Sigríður skreið í rúm sitt og grjet þar með krampa-kendum ekka. Anna laum-

aðist svo lítið bar á inn í hús foreldra sinna og kastaði sjer upp í rúmið að hurðar-baki. Hún hugsaði um Sigga úti í hríðinni. Hún sá hann brjótast áfram í ófærðinni. Hún sá hann leggjast fyrir örmagna og deyja. hún gat ekki hugsað um þetta. hún gróf höfuð sitt ofan í koddann og tárin streymdu þögul og þung. Hún heyrði andvarp móður hans hinum-megin við þilið. hún fann svo sárt til með henni. En ekki grjet hún þó þess vegna — því var hún að gráta? Hún mintist orða Jóns gamla um kvöldið. „Það er ekki víst að Siggi sofi heima þetta kvöldið." „Aumingja mig" sagði hún við sjálfa sig. Þau höfðu að vísu oft eldað grátt silfur, og stundum hafði hún orðið reið við hann, en það fann hún nú, að hann hafði verið sá eini þar á heimilinu, sem hún hafði yndi af sambúðinni við. Henni flaug í hug hve sárt hún myndi sakna hans þegar hann væri horfinn og henni fanst lífið myndi verða sjer óbærilegt. Svo sá hún hann alt í einu kátan og kankvísan, og hún fór að hugsa um, hve laglegur og karlmannlegur hann var nú orðinn; það hafði hún ekki hugsað um fyr, og nú var hann að berjast við dauðann einhversstaðar úti. — Gráturinn kom aftur.

Ekki höfðu önnur ljós verið kveikt í baðstofunni, en kertið það er húsfreyja hafði sett á borðið í herbergi þeirra hjóna og var því ömurlegt rökkur þar inni.

Valdi kom þá inn og settist við borðið. „Þetta er leiðinlegt" hugsaði hann, „nú koma engin jól". Honum varð litið á Forn-aldar-sögur Norðurlanda, sem lágu á borðinu og sá á end-ana á löngum og mjóum mið-um allavega út úr bókinni; það voru jólasveinarnir, sem hann hafði skrifað með allri vandvirkni. Myndi ekki vera rjettast að brenna miðana? Jú, en hann þorði ekki, því hann var hræddur við drauga og svo ef þeir Siggi og Jón gamli væru nú orðnir úti, þá mætti búast við því að svipir þeirra leituðu heim; þeir myndu standa einhversstaðar alsnjó-ugir og hann gæti rekist á þá. Hann varð óttasleginn því nú varð honum fyrst ljóst hvað um var að vera. Hann litaðist um, og rökkrið og ömur-leikinn höfðu þau áhrif á hann, að honum lá við að hljóða því að hann heyrði eitt-hvert þrusk í rúminu að hurðarbaki. Hjartað hans stansaði af ótta, en þá sá hann á fótunum á Önnu og hljóp þangað. Hann greip dauðahaldi í

hana, en hún forðaði sér undan. Þá varð hann þess var að hún var að gráta og hjelt það væri af hræðslu og við þetta óx honum sjálfum hugur svo hann sagði „Vertu ekki hrædd, jeg skal vera hjá þjer" og hann skreið upp í rúmið hjá systur sinni.

Húsfreyja kom inn og fann þau börnin. „Verið róleg börnin mín; við skulum treysta Guði og þakka honum að hann pabbi ykkar komst þó inn aftur" sagði húsfreyja.

„Hann pabbi" hugsaði Anna, henni hafði ekki fundist hann vera í mikilli hættu staddur.

Húsfreyja gekk að borðinu, tók biblíuna úr skápnum og tók að lesa Jóla-guðspjallið hátt. Þegar því var lokið, hjelt hún áfram lestrinum nokkra kapítula.

Fólkið hafði smátínst inn í baðstofuna og sat nú hver á sínu rúmi; allir hljóðir og hugsandi.

Bóndi hafði setið á fremsta rúminu og þiðnaði nú snjórinn af fötum hans og kom pollur á gólfið. Hann var að hugsa um, hvernig færi nú ef hann misti vinnumennina eina [?] báta; það yrðu ljótu vandræðin. Allir urðu nú einnig saman rólegri; jafnvel Sigríður var hætt að gráta og Anna hafði fengið nýja von og var farin að biðja fyrir Sigga.

Alt í einu heyrðust ógurlegir skruðningar frammi í bænum. Húsfreyja hætti að lesa og allir hjeldu niðri í sjer andanum. Skruðningarnir færðust nær. Bóndi stóð á fætur og lauk upp hurðinni. Þar frammi í myrkrinu glórði í tvær snjókerlingar.

„Þeir eru komnir" hrópaði bóndi og allir tóku undir með honum „Þeir eru komnir!"

Húsfreyja kom þar fyrir með ljósið og allir flyktust um þá feðga. Þeir voru dregnir inn á gólfið í öllum snjófötunum og vildu nú allir hjálpa þeim úr og lofgjörðinni til Guðs ætlaði aldrei að linna.

Anna tók þó ekki undir þetta. Hún leyndist þar á bak við móður sína og stóðu henni enn þá tár í augum; en nú voru það þakklætis tár.

Siggi bar sig mannalega og sagði húsbóndanum að hann hefði komið hressum í hús, en gat þess ekki að hann átti Hetta-Brún líf að launa. Nú tók hann eftir Önnu og sagði „Hefði jeg drepist, skyldi jeg svei mjer hafa fundið þig í fjörn [?]"

„Guð fyrirgefi þjer" mælti húsfreyja, en Anna svaraði ekki og þótti Sigga henni bregðast [?], því hún var vön að borga spaug hans og gáska í sömu mynt.

Hann leit á Önnu. Hún stóð þar þögul og sljó [?] með tár í augum. Hann hljóðnaði, og allir myndu hafa sjeð hann

roðna af líka, ef hann hefði ekki áður verið eldrauður sem hanakambur af viðureigninni við veðrið.

Nú byrjaði Jólagleðin. Hún var þögul og innileg. Þá voru Jólasveinarnir dregnir og Siggi dró Önnu og það án þess að hafa haft brögð í tafli, enda stríddi hann henni ekki vitund á því.

Valdi reyndi að fá fólkið til að fara í Jólaleik, en þau Siggi og Anna kærðu sig ekki um það. Þau höfðu um annað að hugsa.

Á næturþeli.

Hamast í loftinu hrímský grá
Hafgolan leikur við klökkvið strá
hárödd í hafsins söngnum
Leikur við bláskorn bulda, skvaldra
bak við mig hríslurnar mulda galdra
-Hljómarnir halda mjer föngnum

Háfjöllin vofa yfir grett og grá
Geðrir [?] í klettu til og frá
hirðulaust hlusta eftir söngnum
„Öldurnar brimhvítar klettana kyssa
kuldalega grjótinu skvetta, flissa
-Hljómarnir halda mjer föngnum

Selurinn rekur upp sullarvol [?]
Svara honum máfarnir strax um kol [?]
hjarðma [?] blakka yfir söngnum
Utan frá djúpinu dunar hlátur
daprar drunur og munaðsgrátur
-Hljómarnir halda mjer föngnum.

Magnleysi smýgur í merg og bein
miðnætti komið og nöpur kvein
nöldur og náhljóð í söngnum
Örvar mig hrönn [?] á hölla og drauga
lyftir mig, opnar mjer fjöll og hauga
-Hljómarnir halda mjer föngnum

Magnús Þorleifsson

Vöggugjafir.

æfintýr

Nýfætt barnið lá í vöggunni; hjá því stóðu örlagadísirnar, hin vonda og góða og færðu því gjafir sínar. Hin góða dísin tók til orða: „Jeg gef þjer sakleysið" segir hún, „svo lengi sem þú varðveitir það, mun þjer finnast heimurinn fullur unaðsemda og gleði."

„Jeg gef þjer syndina" mælti vonda dísin „þú munt ekki verða komin langt út í lífið er þú segir skilið við sakleysið og leikur við syndina. Hún mun draga þig æ lengra burtu frá ljósinu út í sortann."

„Jeg gef þjer kærleikann" mælti hin „hann skal verma gróður sálar þinnar og gefa lífi þínu gildi."

„Jeg gef þjer hatrið“ mælti hin örva dísin „það skal brenna hugarlönd þín og skilja þau eftir í auðn.“

„Jeg gef þjer trúna,“ mælti góða dísin, „hún skal leiða þig og vísa þjer veginn heim til Guðs föður þíns“

„Jeg gef þjer efann,“ mælti hin „hann skal draga úr krafti þínum og gera líf þitt að kyrstöðu og dauða“

„Jeg gef þjer vonina“ mælti góða dísin, „hún skal ganga á undan þjer og ef þú getir ekki skilið við trúna, munu þær skila þjer heilum heim“

Og þær hjeldu áfram að bera fram gjafir sínar, þar til gekk fram kona, mikil og göfugmannleg og mælti: „Jeg er samviskan það er jeg sem dæmi, það er jeg sem segi barninu hvort það velur hinar rjettu gjafir“ Þá viku örlagadísirnar burt og skildu eftir gjafir sínar.

Þá gekk fram til annarar handar kona ein fögur og velbúin það var gleðin. Að baki hennar kom önnur kona, sú var kviklátari og fagurskreyttari með gulli og gimsteinum það var kætin. Gegnt hinni fyrri konunni kom önnur fram fölleit, hún ~~dökkum~~ svörtum kufli með dökkan kross í hendi. Það var sorgin. Í fylgd með henni var önnur kona, hún hafði úfið hár og flóttaleg augu. Það var örvæntingin.

Gleðin tók til máls:

„Jeg vil leiða þig á lífsbraut þinni. Í hvert sinn sem þú hefir lokið vel unnu starfi, í hvert sinn er þú hefir breytt eftir boði samvisku þinnar munt þú finna mig, en vara skaltu þig á kætinni þó hún á dalur. Þær sem freistingar heita, og hafa þær margan grátt leikið“

Sorgin mælti: „Ekki mun gleðin ávalt vera hjá þjer, en í hvert sinn er hún sleppir af þjer hönd sinni mun jeg vera þjer nærstödd, þótt þú óskir ekki eftir fylgd minni.

Systir mín, gleðin, mun sýna þjer margar yndislegustu myndir tilverunnar, en jeg mun sýna þjer það, sem er meira um vert, ómetanlegt djúp þíns eigin hjarta. Varaðu þig að ganga á vald ör~~vænt~~væntingarinnar, því þá muntu brátt týna sjálfum þjer“

Barnið svaf og vissi ekki hverjir þar fór, en móðir þess, sem hafði óljósan grun um það, kraup við vögguna og bað fyrir því.

Og sorgin og gleðin tóku höndum saman og snertu hjarta hennar.

Þ. S.

Staka (Sýnd snjóar)

Svalinn næðir eyðinn völl;
sólar-glóðum hallar
sumarklæðin em öll
ofin þræði Mjallar

E.

Öku-Þór

I. ár 3. bl.

Börn í hrekkvísi.

Smásaga eftir
Magnús Þorleifsson

I.

Sýslumannsskrifarinn, Andrjes Jónsson, bylti sjer í rúminu og gat ekki sofnað. Það var kátlegt, fanst honum að hann skyldi vera andvaka; ekki svo sem að neitt sjerstakt hjeldi vöku fyrir honum. Honum var í raun og veru alveg sama um allar ungu stúlkurnar sem hann hafði dansað við um kvöldið hjá verslunarstjóranum. Engin þeirra var það sem hjelt vöku fyrir honum. Og þó að honum litist nú reyndar mjög vel á Siggu Davíðs, þá var það þó aldrei nema stundargaman að horfa á hana, og þó honum þætti gaman að ganga úti með Rúnu Sigtryggs, eða sitja á tali við hana af því hún var svo dæmalaust fyndin, þá var þó enginn dóð í því heldur. Hann sá bara leiðir á öllum þessum alluzasendum og allri þessari fyndni sem hún gerði sjer svo mikið far um og var ekkert annað en vitleysa, oftast nær. Og þó að Steinunni frá Ælfagili væri alltaf jafnráðlindleg, þá mátti hún fara fjandans til. Sama var honum.

Önnu dauðsárnaði honum að hann skyldi ekki geta orðið nokkra lifandi vitund heillaður af stúlkunum. Þó hann gerði alt sitt til. Hann varð þó að játa að Sigga Davíðs væri ljómandi snotur stelpa og það var Steinunn á Ælfagili reyndar líka. En hún var svo skotin, að það var hreinasta kvöl að horfa á hana.

Það var eins og allir gætu orðið ástfangnir nema hann. Hann hlaut að vera úr einhverju skrítnu efni og það var blátt áfram minkun að þessu fanst honum. Auðvitað var þetta hentugast. Og alveg sama var honum.

Sýslumannsfrúin hafði ekki verið á dansleiknum. Hún fór sjaldan á dansleik, og það var auðvitað af því að sýslumaðurinn dansaði ekki. Hann var kominn af barnsaldri, sýslumaðurinn, og svo hafði hann alt annað að hugsa en að leika sjer. Reyndar lögir karl var Björn sýslumaður, óneitanlega, en Andrjesi fanst það samt undarlegt, að hann skyldi eiga svona unga konu. Frú Ásdís var að minsta kosti 20 árum yngri. Það gat ekki hjá því

farið.
Það hafði annars verið leiðinlegur dansleikur þetta hjá verslunarstjóranum í kvöld. Andrjesi fanst hann hafa andstygð á dansi og sjerstaklega var að hann kæmi aldrei framar á dansleik. Það var heldur ekkert líf í þessu smáþorpi, við stelpur sem hann vildi í raun og veru hvorki sjá nje heyra. Fari það alt norður og niður.

II

Það var laust við að Andrjes sýsluskrifari væri mikill fyrir mann að sjá. Hann var lágur vexti en nokkuð þjettvaxinn, tvílegur í hreifingum, nema þegar hann var í leiðslu, og það var hann oft. Hann var dökkur á brún og brá, með dökt yfirskegg; lágt og breitt enni og dökk augu sem gátu leiftrað en voru vanalega lygn og djúp eins og stöðuvatn.
En Andrjes Jónsson var skáld. Það vissu allir. En þeir voru fáir, sem höfðu heyrt nokkuð eftir hann. Hann átti enga vini, og það var aðeins stöku sinnum, að hann gerði sjer glaða stund með kunningjunum úr sveitinni. Og við ölið var hann hvers manns hugljúfi; þá losnuðu hugsanir hans úr læðingi og ljóðin spruttu eins og grængresi í vordögg. Þau voru blíð og innileg, og yfir þeim var heiður, ljósblár vorhiminn.
Annars orti Andrjes sjaldan nema þegar hann var ölvaður. En hann gat setið og látið sig dreyma löngum og löngum. Þá orti hann ljóð sem aldrei komust saman. Og þegar frú Ásdís sat í rökkrinu og söng og spilaði undir, þá barst hugur hans með tónunum eitthvað í burtu — Hann vissi ekki hvert, og að lokum fanst honum að stofan vera orðin að allri veröldinni og hann gleymdi því alveg að tilveran hefði nokkuð í sjer fólgið annað en hana, sem sat við hljóðfærið og söng. Hann var svo utan við sig, að hann hafði ekki nokkra minstu hugmynd um hvað hún var að fara með og þegar ljósið var kveikt og ískaldur veruleikinn hreif hann út úr draumum sínum, var hann svo magnþrota, að hann gat varla hreift sig úr sporunum.

III.

Það var einn dag eftir miðdegisverð. Sýslumaðurinn hafði farið út. Það var farið að dimma og frúin ætlaði að fara að kveikja á hengilampanum.
„Nei, kveikið ekki undir eins," sagði skrifarinn aumkunarlega, „gerið það fyrir mig að syngja ofurlítið eins og þjer eruð vön."
Frúin varð hissa. Hún hafði enga hugmynd um að Andrjesi skrifara þætti gaman að söng. En áhugi hans var svo augljós að henni datt ekki í hug að neita honum um þetta.
Hún settist við hljóðfærið, en hún var samt ofurlítið hikandi í fyrstu. Hún hafði alltaf verið ein um þessa skemtun síðan hún fór úr föðurhúsum. Þarna í þorpinu voru engir sem báru skyn á þessa hluti og henni fanst nú næstum yfirnáttúrlegt að nokkur maður bæði hana í fullri einlægni að syngja lag. Hún var heldur enginn snillingur; það vissi hún best sjálf.
En hún vissi það nú reyndar ekki. Hún hafði ekki nokkra hugmynd um hvert töfraafl þ hún gat lagt í þessi einföldu smálög, sem hún söng og fékk utan að í rökkrinu. Hún var næstum hætt að spila eftir nótum. Hún hafði mest gaman af að spila sömu lögin og hún hafði verið vön að leika heima og henni fell altaf langbest að spila í rökkrinu.
Og þó hún hefði ekki mikil hljóð, þá var röddin mjúk og viðfeldin, en undan hvítu fingrunum hennar streymdu tónarnir ljúfir og hlýir, og í hverjum samhljóm var hyldýpi barnslegrar löngunar. —
Eftir þetta söng frúin altaf í rökkrinu eins og áður. En nú vissi hún af þöglum áheyranda, sem teygaði tónana eins og þyrstur maður svaladrykk. Og nú spilaði hún hreint og beint fyrir Andrjes skrifara og það var svo langt um betra.

IV

Vetur var liðinn. Grængresið hafði þotið upp í vordögginni, vaxið í sumarhlýindunum og var nú tekið að fölna á ný. Brimið niðaði þungt og dimt við fjörugrjótið. Haust var komið.
Það var liðið að kvöldi og komið rökkur. Björn sýslumaður var ekki heima og hans var ekki von fyr en að morgni. En Andrjes skrifari, sem altaf var vanur að vera með honum á ferðalögum sat nú heima aldrei þessu vant.
Frú Ásdís sat við hljóðfærið og ljek brot úr smálagi. Hún spilaði það upp aftur og aftur. Andrjes var líka inni í stofunni. Hann sat á stól og laut fram yfir borðið. Honum var óvenjulega þungt í skapi, en hann vissi ekki hvernig á því stóð. Hálft í hvoru vonaðist hann eftir að frúin spilaði eitthvað eða syngi.
Það var kyrt veður og brimhljóðið bar inn í stofuna um opinn glugga.
Alt í einu byrjaði frúin að spila „Am Meer" eftir Schubert. Tærir samhljómar eins og öldusög á sjávarmöl, svo söng hún:

Das Meer erglänzte weit hinaus
in letzten Abendscheine.
Wir saszen am einsamen Fischerhaus
wir saszen stumm und alleine.
Die Nebel stieg. - - -

Henni fipaðist. Hún hafði aldrei spilað þetta nótnalaust.
„Ætlið þjer ekki að spila ofurlítið meira," spurði Andrjes eftir nokkra þögn. Röddin var venju fremur hás.
Hún svaraði engu. Litla augnablik stóð hún kyr hjá hljóðfærinu svo gekk hún að stólnum sem Andrjes sat á og hneig með báðar hendur fram á stólbakið. Andardráttur hennar ljek um vanga hans og honum fanst hann verða svo undarlega lítill, hann hefði fegin

viljað skríða undir borðið og fela sig.

„Eg er svo einmana — svo einmana" stundi frúin. Andrjes fann höfuð hennar hvíla við barm sjer.

En nú var honum öllum lokið. Hún, sem hann hafði mænt upp til eins og æðri veru skyldi geta legið fyrir fótunum á honum sem hafði daðrað við alskonar stelpur. Fyr mátti nú rota en dauðrota.

Hann stóð á fætur, hvesti á hana augun og það var ískuldi í röddinni:

Eg skil yður ekki — frú.

Svo þaut hann út úr stofunni og skildi við galopna hurðina. Hann æddi berhöfðaður út á götu og þegar götuna þraut hjelt hann áfram og gekk langt út með sjó. Hann vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Þegar hann loksins kom heim var komið miðnætti og orðið niðdimt. Hann afklæddi sig í skyndi og sofnaði undir eins. Hann var alveg yfirkominn af þreytu.

Og þegar hann var sofnaður dreymdi hann að búið væri að draga rúmið hans frá veggnum og færa það fram á mitt gólf. Við höfðagaflinn stóð Rúna Sigtryggs, en Sigga Davíðs og Steinunn frá Úlfagili sín til hvorrar handar. Þær voru allar ljósklæddar og ljettúðarlegar. En inn um dyrnar sem voru rjett við höfðagaflinn kom frú Ásdís. Hún var svartklædd og bar af hinum öllum eins og heiðstirnd vetrarnótt af gráfölum haustdegi. Hún leit til hans, brosti háðslega og mælti:

„Þjer hafið kvennaráð, Andrjes, en — ekki er sopið kálið þótt í ausuna sje komið.

„Eg hef hjerna þrjá engla til að vaka yfir mjer", svaraði hann, „og fyrst að þjer komuð veitir mjer víst ekki af. Því þjer eruð líklega sá svarti Satan sjálfur."

Hún fór og lokaði hurðinni en það þóttist Andrjes finna að allar hinar voru einskis virði í samanburði við frúna.

V.

Andrjes vaknaði ekki fyr en komið var langt fram á dag morguninn eftir og þegar hann vaknaði átti hann bágt með að átta sig á hvað við hafði borið kvöldinu áður. Honum fanst helst að það hlyti alt að hafa verið draumur. En honum virtist loftið umhverfis sig svalt og hráslagalegt og hann kendi tómleika, sem hann hafði aldrei fundið til fyrri.

Hann klæddi sig og fór ofan.

Stúlkan sagði honum að frú Ásdís væri ekki komin á fætur. Honum þótti vænt um að frúin kom ekki til að borða morgunverðinn. Honum fanst helst að hann vildi aldrei þurfa að sjá hana framar.

Sýslumaðurinn kom ekki heim fyr en komið var undir kvöld. Frúin var lasin og klæddi sig ekki allan daginn. Andrjes fór á mis við sönginn það kvöldið en hann fann ekki til þess.

Daginn eftir fékk skrifarinn leyfi til að fara heim í átthaga sína hinu megin fjarðarins. Hann var vanur að fara þangað einu sinni á sumri og vera nokkra daga um kyrt, en það hafði farist fyrir þetta sumar. Hann ljest mundu verða burtu eitt-tíma, en hann var staðráðinn í því með sjálfum sér, að koma ekki aftur.

VI.

Það var úrsvalur haustmorgun. Snjóað hafði ofan í sjó um nóttina. Það var norðan sperra og hráslagi, fjörðurinn ygldur og úfinn og loftið grátt.

Þetta var þriðji dagurinn, sem Andrjes var um kyrt í sveitinni. Hann var búinn til heimferðar.

Hann hafði gert sér von um að hann mundi geta hrist af sjer ólundina þegar hann kæmi heim í átthagana, en það var öðru nær. Það var engu líkara en að hún hefði etið sig inn í hvert kaun á honum og sogið allan þrótt úr bakinu á honum. Og tómleikinn í sál hans fór sívaxandi.

Og fyrir eyrum hans ómaði stöðugt erindið sem frú Ásdís hafði hatt við að syngja um kvöldið.

Die Nebel stieg der Wasser schwoll
die Möwe flog hin und wieder
Aus deinem Augen liebevoll
fielen die Tränen nieder.

En það var ekki rödd frú Ásdísar sem söng það. Honum fanst að hann heyra sjálfan sig syngja það, en með svo ömurlegri rödd að hann hrylti við.

Því fór fjarri, að honum hefði tekist að ljetta á geði sínu þarna úti í sveitinni. Hann var þó vanur að njóta sín best heima hjá Jóhanni bróður sínum og fjölskyldu hans. En nú fanst honum Jóhann svo leiðinlegur sem mest mátti verða og börnin svo óðæl og siðlaus að hann gat varla látið þau óáreitt. Hann var því búinn að fá meir en nóg af dvölinni á öðrum degi og þegar hann kom út á morgni þriðja dags og sá að orðið var alsnjóa fanst honum alt svo ömurlegt að hann afrjeð að fara heim aftur tafarlaust. Það er ekki líft í sveitinni þegar haustar, hugsaði hann.

VII.

Eitt sunnudagskvöld nokkru eftir heimkomu Andrjesar, hafði sýslumanninum og frú hans verið boðið til verslunarstjórans. Frúin bar við höfuðverk og fór ekki.

Stúlkan bar kaffið inn og frúin ætlaði að kveikja á lampanum því það var farið að dimma. Hún tók glasið af, en ljet það á aftur og hætti við að kveikja.

Þau höfðu ekkert talast við frúin og Andrjes skrifari síðan hann kom, en honum var orðið það ljóst fanst honum, að hann mundi aldrei fá litið glaðan dag án hennar. Honum hafði eiginlega fyrst orðið þetta ljóst á heimleiðinni og síðan hafði það skýrst fyrir honum dag frá degi

þegar hann kom heim hafði hann furðað sig á því hve frú Ásdís var föl og þreytuleg og hve handtakið var þróttlaust er hún heilsaði honum. Síðan höfðu dagarnir liðið með seigdrepandi hægð. Andrjes hafði hálft í hvoru búist við að frúin mundi syngja á kvöldin eins og hún var vön og þá ætlaði hann að vera svo þakklátur og auðmjúkur. Meira að segja, hafði vaknað hjá honum veik von um að alt gæti orðið eins og áður. En nú hafði frúin ekki einu sinni látið til sín heyra í rökkrinu og hann hafði ekki haft dug í sér til að biðja hana þess.

Stúlkan fór út og nú sátu þau tvö ein frúin og Andrjes. Þau drukku kaffið og mæltu ekki orð frá vörum á meðan.

En þegar þau höfðu drukkið kaffið herti Andrjes upp hugann hann stóð upp og ætlaði að biðja frúna að leika á hljóðfærið.

En hann var alveg ringlaður. Hann vissi ekkert hvað hann átti að segja og áður en hann gat áttað sig var hann búinn að segja frú Ásdísi allan huga sinn. Hann sagði henni að hann gæti ekki án hennar verið, að hann hefði aldrei elskað nokkra konu nema hana, sagði henni yfir höfuð alla þá speki, sem örvita ást getur blásið manni í brjóst og að lokum rjetti hann frúnni höndina í fáti.

Hún tók ofur vingjarnlega í höndina á honum. Hún var fljót að átta sig og fann að nú þurfti hún að vera sterk á svellinu.

En þegar hún tók til máls talaði hún lágt og það var ekki laust við að röddin titraði:

„Eg bið yður afsökunar á því, hvernig eg kom fram við yður um kvöldið. Eg veit það — skil það svo vel núna að það náði ekki neinni átt. Það var víst alt saman laginu að kenna. — Svo þakka eg yður fyrir hvernig yður — — — — þér hafið kent mér — — — Svo bið eg yður að tala ekki framar um þetta og reyna að gleyma — — — —"

„Eg get aldrei, aldrei — — —" honum vafðist tunga um tönn það snjerist alt í hringi í huga hans og hann þrýsti hönd frúarinnar, sem hann hafði enn ekki látið lausa.

Þá hrundi tár ofan á höndina á honum og hann fann hönd frúarinnar strjúka vanga sinn rjett í svip.

Svo sleit hún sig lausa og hljóp út úr stofunni og skyldi hann einan eftir í myrkrinu.

Andrjes ljet fallast niður í stól og sat þar þangað til stúlkan kom til að taka af borðinu.

Þá stóð hann upp og gekk

rakleiðis upp á herbergið sitt. Þar gekk hann fram og aftur langt fram á nótt.

Nú átti hann aldrei framar að heyra röddina hennar og hvítu fingurnir hennar mundu eigi oftar leysa úr læðingi tóna sem báru sál hans burtu frá fánýtum hversdagsönnum.

- - - - - - - - - - - - - - - -

Fáum dögum síðar fór Andrjes til Reykjavíkur. Það var sagt að hann færi til að leita sér heilsubótar, en enginn vissi til að neitt hefði nokkru sinni gengið að honum.

VIII.

Andrjes Jónsson situr hjá kunningja sínum í þorpinu. Þeir eru báðir ölvaðir. Á borðinu stendur flaska með „ósviknu" og er drjúgum farið að lækka á henni. Þeir þynna áfengið út í stórum glösum.

Andrjes hafði komið aftur frá Reykjavík vorið eftir og síðan hafði hann oftast verið í þorpinu. Kunni best við sig þar.

En hann hefur breyst mikið segja menn. Nú hefst hann lítið að en situr oft að sumbli þegar á daginn líður. Stundum jafnvel dögum saman. Leiðinlegt með jafn efnilegan mann.

Eitthvað hlýtur að hafa komið fyrir hann í vetur. Menn verða að láta sjer lynda að vita ekki hvað það muni hafa verið.

Andrjes er ekki hættur að yrkja og hann yrkir aðeins þegar hann er ölvaður eins og áður. En það er annar blær á ljóðunum hans. Þau eru köld og döpur og yfir þeim er húmdökkur næturhiminn. — — —

Haustvindurinn hvín úti. Það lækkar í glösunum, lampinn rýkur og ljósreykurinn blandast saman við vindlareyk og vínþef.

Andrjes stendur upp og tæmir glasið. Það bregður leiftri fyrir í dökkum augunum er hann hefur upp rödd sína og syngur:

… Ich habe von deiner weissen Hand
die Tränen fort getrunken
Seit jener Stunde verzehrt sich mein Leib
mein Seele stirbt vor Sehnen.
Mich hat das unglücksälge Weib
vergiftet mit ihren Tränen.

Svo færist yfir hann sljóleikki og hann endurtekur eins og hann er vanur:

Mich hat das unglücksälge Weib
vergiftet mit ihren Tränen.

—"—"—"—

Guðrún Ósvífursdóttir
(syngur við laugar)

Mér er sem ég sjái hann
svo sem hann var,
svipur hans og látbragð
af annara bar.
Augnaráðið sverðblikt svo
hreint og svo hvasst
hreimmikil var röddin
og lundernið fast.

Man ég er hann kvaddi mig.
kvaðst hann á ný
koma eftir þrjú ár og
skyldi ég því
bíða sín. Sá tími er liðinn
hann leið
löngu fyr en varði. – Ég beið
og ég beið

Mér er sem ég sjái hann
svo sem hann er,
svipur hans og látbragð af
annara ber
Bíða skal ég örugg, þótt
biðin lengist senn
bíða skal ég örugg því hann
kemur senn.

Magnús Þorleifsson.

Stökur

1.

Einstæðingurinn

Eiga fáum æfi skjól
ýmsra hrjáir þori:
Óskaun spráir yl og sól
eins og strá á vori.

2.

Haustkvöld

Hverfur ýggur. Alt er hljótt
eins og hreggum linni. –
Hljóðum skuggum klæðir nótt
hæg í ruggu sinni.

C.

„Óku-Þór“

I. ár 4. bl.

Höndin.

Að mörgu leyti er höndin skynfæri tilfinningarinnar dásamlegust allra skilningarvitanna.

Hún er eina verkandi skynfærið; hin skynfærin taka aðeins móti áhrifum. Augu eyru og nasir standa einungis opin fyrir utanaðkomandi áhrifum. Ljósið hljóðið og ilmurinn knýja á þau og vjer verðum að sjá heyra og finna lykt, en höndin velur um á hverju hún vill þreifa og snertir við því einu er henni þóknast. Hún hrindir frá sjer því sem henni fellur illa og dregur til sín það sem hún sækir eftir. í stað þess að augun hljóta oft að stara á ýmsar skelfingar án þess að fá af þeim litið; eyrun geta ekki umflúið þau óhljóð sem að þeim sækja og nefið for(?) eigi varið sig gegn illum daun sem að því berst.

Og höndin annast eigi einungis sínar eigin þarfir heldur rækir hún einnig skyldur hinnar tilfinningarinnar þegar þau verða til einskis nýt. Hönd blinda mannsins gengur honum í augastað á strætum úti og vísar honum þar krókaleiðir, sem hann þarf að ganga. Hún athugar andlit vina hans les bækur hans nákvæmlega og skyltir honum langar stundir með hljóðum lestri.

Jafnframt er höndin til túlkur við heyrnarleysingjann og megnar hún að mæla og sjá hlustin lokuð tala fingurnir snjöllu máli við augað sem þá kemur í stað heyranda.

Hversu fullkomin sem hin skilningarvitin eru, eiga þau þó æfið aukið og margfaldað afl sitt og gildi höndinni að þakka. Hún býr til eftirmynd af auganu og fær því sjónaukann til að kanna djúp stjörnugeimsins, og með smásjánni sem er önnur eftirmynd augans, veitir hún því aðgang að enn öðrum undraheimi.

Fyrir eyrað býr hún til ýmiskonar hljóðfæri og kennir sjer meðferð þeirra

hún ber að utan vorum þau klæði er manninum falla best og lýr til þau innefni er hún gjörist. Hefði hún jafnan ekki höndina í fjörunni einni, gæti hún að vekja er sæti sem drottnari eldhússins. Skynsöm tilfinningarnar eru í slétt sæl. Mátt áfram þjónusta mót allra hinna skilningarvitanna.

Og eigi höndin ein á að þjóna líkama mannsins þá leitar hún eigi síður í sérstaklegum mál í þjónustu gáfur hans og skilning, hugsjónir hans og viðkvæmni, vilja hans og vald.

Fáið henni sverð, og hún mun berjast fyrir hann; fáið henni plóg og hún mun yrkja jörðina fyrir hann; fáið henni hörpu og hún mun þrýja hana fyrir hann; fáið henni pensil og hún mun mála myndir handa honum; fáið henni penna og hún mun tala fyrir hann, flytja mál hans, biðja fyrir honum.

Hverju mun hún eigi fá orkað? Hvað hefir hún eigi gjört? Gufuvjelin er eigi annað en stór hönd sem mannsandinn hefir gjört til að auka mátt sinn. Ritsíminn er aðeins langur þenni handa hinni litlu hönd að skrifa með. Stórskotavopnin og önnur hergögn er eigi annað en hönd Kains sem orðin er stór sterkari og meiri. Blóði ötuð. Hvað eru yfirleitt skip, járnbrautir, vitar, brýr, borgir og önnur mannvirki þessa hnattar, annað en verk iðnaðarinnar handar sem mannkynið hefir samkvæmt vilja sínum með sem einn maður?

Þegar jeg hugsa um það sem mannshöndin hefir komið til leiðar frá þeim degi er hún fyrst tilleiðast að rjetta út hönd sína eftir ávexti forboðna trjesins og til þeirra dapru stunda er frelsari heimsins var negldur á krossinn og um allt illt og gott sem mannshöndin hefir gjört, lyfti jeg hönd minni í undrun og ótta. Hvílíkt verkfæri hins góða! Hvílíkt verkfæri hins illa! Og aldrei athafnalaus frá morgni til kvölds.

Ekkert verkfæri er til sem hún er ekki fær um að stjórna, og á starfstíma átti hún ávallt eitthvað að hafa. Það er eftirtektavert að einskorða nöfnin, handiðnarmenn og verkamenn út upphaflegu störf, því þau eiga við alla samherjendur menn og allir ættu að keppa kappi um að eiga tilkall til þeirra.

Veldissprotinn er í hönd konungsins; sverðið í hönd hermannsins; sögin í hönd trjesmiðsins; hamarinn í hönd járnsmiðsins; plógurinn í hönd bóndans; pensillinn í hönd málarans; meitillinn í hönd myndasmiðsins; penninn í hönd skáldsins og nálin í hönd konunnar.

Hafi ekki neitt af þessum eða þvílíkum áhöldum oss einum gefist best, geymdir í handajárnum og í fangaklefum. Því handa öllum konum og körlum, sem eitthvað vilja starfa, eru einhver áhöld til, sem þau verða að nota. Því öllum er þetta boðorð gefið „Allt sem hönd þín gjörir, það gjör þú með krafti".

Magnús Þorleifsson
þýddi úr ensku.

Tvær vísur

Líðar andinn ljóss að strönd.
en leið er vandi að finna.
- fyrir handan hafsins rönd
að heimi landa minna.

Faldi hreykir Kirka köld
Kvelpin sleikir landið
Kaldinn feykir ofsjáls öld
innsta seikir bandið.

K. J. H.

Guðaveigar

Smásaga eftir
G. Þ. S.

Það var fyrsta vinnumennskuárið mitt á Hóli, er saga sú gerðist sem hjer fer á eftir. Mitt vetrarverk var að hirða ærnar; þótti mjer það nokkuð bindandi í aðra röndina en þó hálf gaman. Og svo var jeg dálítið upp með mjer af því að geta setið á meðal annara eldri manna og talað með þeim um lömbin, hagann, heyin og rollurnar.

Á fjórða degi jóla kom jeg heim frá því að reka fjeð; jeg gekk hægt heim húsa hólinn og var að brjóta heilann um, hvernig jeg mundi best geta skemt mjer um nýjárið. Jólin höfðu verið mjög svo skemtanasnauð að mjer fannst. Helst var líklegt fyrir mig að fara ofan að Bakka á Nýjársdagskvöldið og spila þar við bræðurna og Siggu. Raunar hafði jeg mjög lítið gaman af spilum, en betra þó en ekki neitt að grípa til þeirra þegar ekki var annað til. Hvað sem spilunum leið vissi jeg að jeg mundi fá að sjá Siggu ef jeg færi ofan eftir og það var mjer fyrir mestu.

Jeg mátti auðvitað eigi þola það að fólkið færi að stríða mjer á Siggu, enda þótt jeg segðist fara bara til að spila, en stríðinni var jeg orðinn svo vanur að mjer var nærri sama.

Kunningsskapur okkar Siggu byrjaði annars all einkennilega. Það var um vorið, sumri síðar, eftir að jeg kom að Hóli að það bar við að jeg var látinn ásamt öðrum piltum fara að smala. Mjer var sagt að ganga út með svo kölluðum brekkum og haga göngu minni nokkuð eftir því sem jeg sæi til hinna piltanna. Jeg var ljett-klæddur og gekk hratt eins og leið mín lá; og voradaggarnar glitrandi grátperlur allt að hnjám þar sem hrís og víði-runnar voru og teygaði sárþyrstur hið heilnæma fjallaloft, sem þrungið var sælum gróðrarilm. Söngfuglarnir skemtu eyrum mínum og sungu vorinu lof og dýrð, hánum og skorum sínum hver með sínu nefi. Í samræmi við fögur og dýrðleg áhrif hugsaði jeg og ósjálfrátt fór jeg í huganum að bera saman unað vorsins og ömurleik hins dimma og kalda skammdegis, sem við Íslendingar verðum árlega að yfirstíga.

Allt í einu var jeg snögglega vakinn af hugsunum þessum með hárri og skjálfandi kvenmannsrödd sem kallaði: „Hjálpaðu mjer, hver sem þú ert!“ Jeg leit fljótlega upp og í þá átt sem hljóðið kom úr, og sá jeg þá stúlku skammt fyrir sunnan og ofan mig í harða hlaupum að eltast við lamb; það sótti fast í brekkuna, og var stúlkan auðsjáanlega að því komin að missa af henni. Jeg tók sprettinn upp brekkuna án nokkurrar umhugsunar um hver eða hvaðan þessi stúlka væri; komst jeg brátt fyrir ána og dreif hana nauðuga viljuga ofan brekkuna aftur. Þar sat stúlkan á þúfu og þurkaði svitann framan úr sjer með skýluklútnum sínum. Hún heilsaði mjer glaðlega og þakkaði hjálpina með hlýju og mjúku handtaki. „Þú munt vera nýji vinnumaðurinn á Hóli“ sagði hún því næst. „Jú, jeg heiti Þormóður Jónsson og er kominn að Hóli fyrir sumri síðan“ ansaði jeg. „En jeg“ tók hún aftur til máls „heiti Sigríður Þorgrímsdóttir og á heima á Bakka; þú veitst sjálfsagt hvar það er.“ Jeg játti því og tók mjer sæti á mosaþúfu skammt frá henni. Fórum við svo að spjalla um hitt og þetta.

Hún var mjög kát og skemtileg í viðtalinu; hlátur hennar ljettur og óþvingaður. Jeg stalst til að líta á hana þegar jeg hjelt að hún tæki ekki eftir því og var eins og mjer fyndist þetta vera í fyrsta skifti sem jeg sæi kvenmann svo mikið fannst mjer til um hana.

Eftir stundarkorn stóðum við upp og kvöddumst. Hún hljóp af stað ljett í spori og frjálsleg. En jeg stóð eins og jarðfastur steinn í sömu sporum þangað til hún hvarf á bak við næstu leyti. Þá rölti jeg hægt og silalega af stað og var í djúpum hugsunum um þennan einkennilega atburð og þessa fallegu stúlku sem hafði gjörsamlega heillað mig. Jeg fór að rifja upp fyrir mjer útlit hennar. Hárið var ljóst, þykkt og sítt; augun, já augun þau voru ljómandi falleg, heiðblá eins og vorhiminn og í þeim virtist vera ómælisdjúp drauma og æfintýra, en þó voru þau staðfestuleg og ákveðin. Kinnarnar voru rjóðar og mátulega þykkar og í þær komu ofurlitlir spjekollar þegar hún brosti. Munnurinn var fremur lítill og vörunum fannst mjer helst mega líkja við nýútsprungna rós. Hakan var heldur stutt með ofurlitlu spjekoppi. Hálsinn var hvítur og sívalur. Barmurinn hvelfdur og gekk í bylgjum fyrir hinum frjálsa andardrætti hennar; handleggirnir voru hvítir og sívalir, hendurnar hvítar, smáar og nokkuð þykkar. Yfirleitt bar útlit og framkoma stúlkunnar vott um hraust og heilbrigt æskulíf.

Hó og hundgá trufluðu þessar hugsanir mínar. Því nú voru samverkamenn mínir að koma með fjeð framan brekkurnar. Við rákum fjeð heim og eftir það fjekk jeg engan tíma til umhugsunar um fallegu stúlkuna þann daginn.

Nokkru síðar fór jeg til kirkju og þegar minst varði kom Sigga á Bakka til mín þar sem jeg stóð á meðal fólks og heilsaði mjer brosandi með heitu og þjettu handtaki og þakkaði mjer fyrir síðast. Það kom fát á mig aðra snöggvast og jeg fann að jeg myndi roðna því mjer hitnaði öllum. En jeg áttaði mig og reyndi að dylja fát mitt með því að taka glaðlega en þó kunnuglega undir kveðju hennar.

Eftir þetta urðum við Sigga mestu mátar, og þurftum ætíð að segja töluvert mikið

hvort við annað þegar fundum
okkar bar saman.
Vorannirnar tóku enda og slátt-
urinn byrjaði. Dagarnir komu og fóru
hver öðrum líkir. Eg kom oft að
Bakka um sumarið og hitti Siggu.
Um haustið var svo komið, að allar
hugsanir mínar snerust um hana
og dáði eg hana í draumum min-
um bæði í vöku og svefni. Mér
duldist það ekki fyrir sjálfum mér
að eg elskaði Siggu, en hvort það
væri eins fyrir henni, að hún
elskaði mig, vissi eg ekki og þessi
óvissi ætlaði að gera mig sturlaðan,
rændi mig ró og friði hvar sem
eg var og hvert sem eg fór. Eg
þóttist vita að ef þetta yrði hljóð-
bært, mundi almenningsálitið
fljótt fella þann dóm í þessu
máli, að þarna væri um ekk-
ert jafnræði að tala. Hún sem
væri dóttir Þorgríms hreppsstjóra
á Bakka, einhvers efnaðasta
bóndans í Fellssókn, en eg var
bara fátækur og umkomulaus
vinnupiltur, sem varla átti
garmana utan á mig.
Út af öllu þessu var eg sem
milli steins og sleggju; vonlítil
ástarkend öðru megin, en
harðsnúið almenningsálitið hinu-
megin ef til kæmi. Reyndar
hugsaði eg oft sem svo, að mér kæmi
álit annara á mínum málum
heldur lítið við, eg væri víst
ekki skyldugur að feta í fót-
spor fjöldans og svínbeygja
mig fyrir almenningsálitinu
og skríða í duftinu fyrir því
En svona var það ~~þó~~ samt.

Allir þessir agnúar og örðugleikar
voru nógir til þess að hindra
það að eg gæti komið mér að því
að bera upp bónorð við Siggu
hvorki munnlega né skriflega
og í þessu ógna ástandi var
eg, þegar eg gekk heim húsa-
hólum eins og áður er frá sagt.
Þegar eg kom heim í laut-
ina fyrir sunnan bæinn, vissi
eg ekki fyrr en Jói á Felli kom
þar í flasið á mér. Hann heils-
aði mér glaðlega, en eg spurði hann
á hvaða ferð hann væri. Hann
kvaðst hafa verið að koma
með auglýsingu um skemtun
sem ætti að halda á Eyrinni
daginn fyrir Gamalársdag. „Mér
þætti líklegt að þú litir sjá þig
á skemtuninni og fáir þér
einn snúning", sagði Jói. Eg
kvaðst mundu dansa við roll-
urnar þann daginn sem aðra
daga. Eitthvað töluðum við fleira
saman, síðan kvaddi hann
mig og hélt sem leið lá suður
og ofan túnið en eg rölti inn í ba[ð]
fleygði mér upp í rúm og var
í all úfnu skapi. Ekki gat eg
séð nema eina leið til að
komast á þessa skemtun og
hún var hæpin. Eg gat ekkert
farið að heiman nema koma
heim aftur að kvöldi, ef eg ekki
hafði mann í staðinn minn
og þegar annað eins var á seiði
sem þessi skemtun lágu menn
ekki á lausu. Eg vissi að sönnu
af manni, sem eg mundi geta
fengið ef eg næði í hann nógu
snemma. Það var hálfgildings

flakkari og ulli að henda reiður
á hvar hann var niður kom-
inn í það og það skiftið. Maður
þessi hét Ásmundur og var kall-
aður Ási Spónabredda og þekktu
hann allir í sveitinni með því
nafni. Viðurnefni þetta hlaut
hann af því að hann smíðaði
hornspæni og var mikilvirkur
í þeirri grein, en ekki þótti han[n]
að sama skapi velvirkur.
Eg lá góða stund uppi í
rúminu og velti þessu á marga
vegu fyrir mér; mér fanst eg
blátt áfram þurfa að fara á
þessa skemtun, því þar hlyti
eg að fá tækifæri til að tala
við Siggu, og í þessari logandi
óvissu gat eg ekki verið lengur.
Um kvöldið, þegar eg hafði
lokið útiverkum gekk eg heim
staðráðinn í að fara út á
bæi á vökunni og spyrjast
fyrir um Ása Spónabreddu,
en þegar eg kom heim, gladd-
að heldur yfir mér því við
dyrustafinn reis göngustafur
Ása gamla; datt mér í hug
að þetta mundi vera fyrirboði
annara og meiri tíðinda.
Eg flýtti mér inn. Þar sat
Ási gamli við lítið borð og
snaddi allskonar kræsingar.
Seinna um kvöldið tók eg
karlinn tali og bað hann
að vera hjá mér á meðan
eg færi á skemtunina; kvað
hann það velkomið og var
hinn kátasti. Þá er þessi
þrautin unnin, hugsaði eg
bara að ekki gengi ver

með hina.
Loks rann hinn mikli og
margþráði dagur upp – vafalaust
þýðingarmesti dagur æfi minnar.
Eg fór með Ása ofan í hús og
setti hann inn í embættið. Við þið
og annað var eg að snúast fram
á hádegið, þá fór eg að hugsa
til ferða, bjó mig auðvitað í mín
bestu föt og lagði svo einsam-
all á stað, því ekki var um
dansfólk að ræða á Hóli. Eg hélt
rakleitt ofan að Bakka; þar
var allt á tjá og tundri, því
fólkið var í óða önn að
búa sig nema Sigga, hún var
ekkert farin að sýna á sér ferða-
nið og Bensi, bróðir hennar
sagði mér, að það væru ein-
hverjir kvísar í henni, því hún
segðist ekki vilja fara. – –
Mér var vísað inn í dálítið
herbergi í suðurenda baðstof-
unnar og þangað kom Sigga
með kaffi til mín. „Er það
satt, að þú ætlir ekki að fara
á skemtunina?" spurði eg.
„Eg held eg hafi ekkert gaman
af því", svaraði hún. – „Jú,
það er eg viss um að þú hefur
og þú gerir það fyrir okkur
að vera með. – „Eg hefði
ef til vill farið, ef mér hefði
verið boðið", sagði hún því næst.
Eg varð sótrondur við sjálfan
mig, yfir því hvað eg gæti verið
mikill bjálfi að mér skyldi
ekki hafa dottið þetta í hug. –
„Eg býð þér!" hálfhrópaði eg
„hvað segirðu um það. – Eg
auðvitað þigg það með þökk-

um, svaraði hún. Eitthvað ætlaði hún að segja meira, en þá kom móðir hennar inn, svo hún hætti við það. – –

Eg stóð upp og þakkaði húsmóðurinni fyrir kaffið, en Sigga skaust út og þóttist eg vita að hún mundi ætla að fara að búa sig. Gamla konan tók sér sæti á rúmi á móti mér og fór að skrafa við mig um eitt og annað og var hin alúðlegasta.

Eftir nokkra stund var lagt á stað frá Bakka, við vorum öll saman og gengum hratt eins og leið lá inn í Eyrarkaupstað. Þegar þangað kom fór hver til sinna kunningja þar á staðnum og bjó sig undir skemtunina.

Klukkan sex var blásið í horn. Var það merki þess að skemtunin ætti að fara að byrja. Fólkið streymdi hvaðanæfa að þinghúsi hreppsins sem stóð í miðju þorpinu. Eg hitti dyravörðinn og keypti tvo aðgöngumiða annan handa sjálfum mér en hinn auðvitað handa Siggu og fékk eg henni hann svo lítið bar á.

(Niðurlag næst.)

Staka
(M. Þ.)

Hyggjuvegi krækjum vér
kænleguslu hrekkja,
beinar leiðar örðugt er
aftur á móti að þekkja.

Skritlur.

~ — ~ — ~

Eftir staðháttum.

– Þér eruð þá hér í höfuðborginni hr. greifi, en hversvegna gangið þér í svona útslitnum fötum?

– Því ekki það? Mér þykir gott að nota þau út og hér þekkir mig enginn.

– En þér eruð líka í þeim þegar þér eruð heima hjá yður.

– Já, því ekki það. Þar þekkja mig allir.

Málsbætur.

– Hún: Segðu mér, góði, hvort það er satt sem mamma segir.

– Hann: Hvað er það?

– Hún: Hún segir að þú ætlir að giftast mér vegna þess að eg á von á að eignast svo mikla peninga.

– Hann: Hvaða vitleysa barn, mér þætti svo langt um betra að þú værir búin að eignast þá.

Í sögutíma.

– ~ – ~ –

Kennarinn: Hversvegna fór Hannibal yfir fjöllin?

Nemandinn: Vegna þess að þá voru ~~engin~~ jarðgöngin ekki til.

Guðaveigar

Smásaga eftir
G. Þ. S.

Niðurlag.

Fólkið streymdi inn í samkomusalinn og skemtunin hófst. Fyrst var leikinn stuttur gamanleikur. Svo kom fram ræðumaður og talaði um einn þátt daglega lífsins og fórust vel orð. Þá var lesin upp smásaga eftir annað mesta áðeilu-skáld Íslendinga og tókst lesaranum prýðilega. Nú varð hlé um stund, en síðan var tekið að dansa. Eg var einn með þeim fyrstu sem sté fram á gólfið og dansaði fyrsta dansinn við Siggu á Bakka. Eftir litla stund voru flestir teknir að dansa af miklu fjöri og enginn virtist hafa hugmynd um hvað tímanum leið nema eg, eg horfði með angist og kvíða eftir hverri mínútu og hverju augnabliki, sem leið og var stöðugt að hugsa um hvernig eg ætti að skapa mér tækifæri til að tala við Siggu. Jeg dansaði lítið við aðrar stúlkur en hana og mér fanst eg hvergi hafa þol né þreyju. Loksins datt mér í hug að fara út. Veðrið gat ekki betra verið, alstirndur himinn og glaða tunglsljós. Eg gekk suður stíginn, sem liggur gegnum þorpið og er eg hafði skamt gengið kom eg auga á mann sem kom á móti mér. Hann slangraði sitt á hvað og var auðsjáanlega mjög drukkinn. Eg þekti hann fljótt, það var fornkunningi minn Grímur „Gullrott“. Við Grímur höfðum verið samtíða þegar hann var um tvítugt, en eg um ferminguna. Þá var Grímur mesti reglumaður og að allra áliti gott mannsefni. Við Grímur vorum mjög samrýndir og sagði hann mér frá ýmsu, sem hann ætlaði að framkvæma. Á þeim dögum var hann áreiðanlega mjög bjartsýnn. Seinna varð hann fyrir vonbrigðum í ástamálum og eftir það varð hann svartsýnn og drykkfeldur vesalingur, sem hvergi átti heima. – „Ert það þú Toggi minn? Komdu afinlega blessaður; þú ert náttúrlega hingað kominn til að skemta þér eins og eg og aðrir góðir menn. O, jæja.“ – „Já,“ svaraði eg, „mig langaði til að lyfta mér upp svona einu sinni á vetrinum.“ – „Já ekki má það nú minna vera,“ svaraði Grímur, „og komdu nú með inn á veitingahús og drekktu með mér kaffi.“ Eg þáði boðið. Við gengum inn í veitingahúsið og Grímur bað um kaffi handa okkur

Við settumst við lítið borð innarlega í stofunni. ~~[illegible] kaffi.~~ Grímur var hinn skrafhreifnasti en ég tók lítið eftir því sem hann sagði, því hugur minn var allur við vandamál mín.

„Mér finst þú eins og utan við alla mannlega hluti; það togast varla úr þér orð,“ sagði Grímur. „Ég veit ekki hver skollinn gengur að þér og veit það þó, ég sé það á þér.“ „Það skil ég varla,“ ansaði ég. „En látum svo vera, þú segir mér þá, ef til vill hvað þú hyggur að gangi að mér.“ – „Já, það skal ég gera,“ sagði Grímur. „Þú ert auðvitað ástfanginn í einhverri blómarósinni þarna í danssalnum, en getur af einhverjum ástæðum ekki tjáð henni ást þína, hún er ef til vill eitthvað altstærri og ríkari en þú og vitanlega verður afsvarið því beiskara sem persónan er stærri. Hafi ég getið rétt til um hagi þína, þá er það mín ráð, að þú farir strax í kvöld og talir við stúlkuna því „ástar fírna skyli engi maðr“ segir í ~~H~~ávamálum sem er „gull=satt“ eins og allt sem þar stendur.“

Nú kom kaffið. Grímur dróg upp vasapelann og helti drjúgum út í bollann sinn. – „Lof mér að bæta þetta ögn hjá þér,“ sagði hann og ætlaði að hella í bollann minn úr glasinu. Ég stöðvaði á honum hendina, því ég bragðaði aldrei áfengi. – „Guð hjálpi þér drengur. Bragðar aldrei áfengi“ sagði Grímur og starði á mig stjörfum, vínrotnum augum. „Ef þú þiggur ekki af mér út í bollann, þá snerti ég ekki á kaffinu, ég hef ekkert nema angur af því að drekka vín, þegar kunningjar mínir eru hjá mér ef þeir geta ekki látið svo lítið að bragða það með mér og ef þú færir nokkurn hlut eftir því sem ég var að ráðleggja þér áðan um stúlkuna, þá ættirðu víst að hafa á móti því að fá þér eitt staup, því „gullsatt“ er það sem Jónas segir í einu af sínum bestu kvæðum

„Á meðan þrugna gullin tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl
þá er það víst að bestu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.“

og þiggðu nú af mér eitt staup.

Ég vildi ógjarna angra Grím og þáði út í bollann. Við drukkum svo kaffið og spjölluðum saman um eitt og annað. Loks varð mér litið á úrið mitt og sá að [illegible] var orðið á liðið kvöldsins. Jeg stóð því upp, þakkaði Grími og kvaddi hann með hrærðum huga því satt að segja rann mér til rifja hve illa hann var farinn. Hann tók þétt í hönd mér og sagði mér að muna nú það sem hann hefði sagt mér. Ég lofaði því losaði hönd mína og flýtti mér út. Áfengið sveif fljótt á mig þegar ég kom út í kvöldkulið, mér varð öllum heitt og ég var eitthvað svo léttur á mér, fanst ég mundi allt geta. Nú fanst mér ekki mikið að tala við Siggu, þarna hafði ég þó loksins fundið tækifærið

Ég gekk rakleitt inn í danssalinn, litaðist um og sá hvar Sigga sat á miðjum bekk að vestan. Það var þá dans. Ég fór og bauð Siggu upp. Það var hægur vals. Þegar við vorum komin út í hringiðuna hvíslaði ég að Siggu hvort hún vildi ekki finna mig út þegar við værum hætt að dansa. Hún játaði því og roðnaði við. Brátt gáfum við upp og leiddi ég Siggu til sætis. Síðan fór ég út úr salnum og að vörmu spori kom Sigga á eftir mér. Við gengum saman niður stiginn. „Var það eitthvað sérstakt sem þú vildir mér?“ spurði hún. Ég játaði því og hóf þegar bónorðið formálalaust hvernig ég kom orðunum að því man ég ekki enda skiftir það minstu. Hitt var mest um vert að Sigga játaðist mér. Ég spurði hana hvort hún héldi að foreldrar hennar mundu vilja samþykkja ráðahaginn og svaraði hún því, að sem betur færi ætti hún svo góða og hyggna foreldra að þau mundu hvorki misþyrma tilfinningum barna sinna né láta þau rjúfa unnin heit. „Unheyrðu vinur,“ sagði Sigga er við höfðum þagað örlitla stund, „þú sagðir mér áðan að þú hefðir lengi ætlað að tala við mig um einkamál en þér hefði aldrei fundist þú fá nógu gott tækifæri til þess, en mér finst að við hefðum getað fengið miklu hentugra tækifæri til þess heima heldur en hér. Hvað kom þá til þess að þú fórst einmitt að tala um þetta núna?“

„Það skal ég segja þér,“ svaraði ég, „þegar ég fór á þessa skemtun var það fastur ásetningur minn að reyna að fá tækifæri til að tala við þig og sú tilraun hefur hepnast betur en ég þorði að vona en ég naut líka annara við að nokkru.“ – „Hvernig?“ spurði Sigga. „Þannig,“ svaraði ég, „að í kvöld hitti ég fornkunningja minn hér úti á götu hann bauð mér kaffi og ég þáði boð hans, en varð að þiggja áfengi út í kaffið til þess að angra hann ekki. Áfengið veitti mér fullt þor og djörfung til að tala við þig.“

„Er þetta þá allt vininum frá kunningja þínum að þakka?“ spurði Sigga. „Það lítur helst út fyrir það,“ svaraði ég. „Það hafa verið sannkallaðar <u>guðaveigar</u>“ sagði Sigga.

Tölum ekki um ástir...

Tölum ekki um ástir – njótum
augnabliksins sæludraums;
Tölum ekki um tryggðir – fljótum
tafarlaust með iðu straums.
Ávalt þarf að öðru hyggja
en að gá hvert fleyið ber.
– Hvert um haf sem leiðir liggja
lýkur för við dauðans sker.

Magnús Þorláksson

Ljóðabrot
(Vegfarandi.)

Morð.

Ekki eitt einasta orð. Það er morð!
Það er morð!
– Ekki manns – ekki líkama eins
Ekki eitt einasta hljóð, hvert ósanngjörð
þjóð
er ósaurguð, heilög jörð. – – –
– – – – – – – – – – – –
– Viltu þjóð, sem að brýtur
hvern fjötur sem finnst?
Viltu feigðaróp deyjandi manns?
Viltu blóð, sem að flýtur
í æðum þess innst
sem eygði hinn tröllslega dans
kringum líkin, sem nýtörn af
mannanna vörum.
Í manngöfgaskini í fræðandi
svörum?
– – – – – – – – – – – –
Hvort mun hugnast oss rós sem að
hefur sér rót
í hálfrotnum, óheygðum val?
Hvort mun duga það ljós sem að
brennur við blót
þar sem börnunum fórnað til
myrkursins skal?
– – – – – – – – – – – –
Ekki eitt einasta orð. Það er morð!
Það er morð!
Og mörg eru framin á hverjum
degi!

Brot.

I

Finn eg orð
ónóg vera
sefa minn
að segja allan.
Líða oft
orðavana
bylgjur hljóms
um huga minn.
– – – – – – – – – –
Tíminn fram
fetum þungum
líður jafnt
og ljóst markar
urðarför
í æfifönnir
einstaklings
og alþjóða.
– – – – – – – – – –
Draumur þver;
deyja vonir;
blikna ljós;
borgir hrynja.
Önnur ljós;
aðrar borgir
rísa upp
af rústum hinna.

II

Svo líða dagar, svo líða ár
með ljós og skugga, með bros og tár.
Svo deyja logar svo eyðist ís
sem alda brotnar um leið og rís.
– Svo líður æfin til dauðadags
sem dagur hver einn til sólarlags.
– – – – – – – – – –
Svo líða dagar, svo líða ár
en letrað geymist í vorri minning
Hvert blik, hver skuggi hvert bros
hvert tár

hver bernskudraumur og einakynning
því sérhvert atvik í okkar sál
með eigin hendi sig letrað hefur
sem straumur vatna sér gljúfur
grefur
og gígur myndast við eldfjallsbál.

Frumbýlingsárin
(B. E.)

Það er ekki langt síðan að eg heimsótti Sigurð gamla á Melum, og af því að við vorum kunnigir frá fyrri tíð, sagði hann mér sitthvað af búskap sínum og fórust honum orð eitthvað á þessa leið:

„Það er gamalt mál – og reyndar nýtt líka, – að þegar maður er orðinn gamall, þá sé hann kominn á raupsaldurinn. Með þessu er líklega meint, að þá hafi maður eitthvað það gert, einhvern afkastað um æfina sem frásagnar sé vert. Að maður geti með sönnu sagt, að maður hafi ekki lifað til einskis. Eg er nú um það bil sextugur. Eg giftist þegar eg var 27 ára, svo þá eru síðan 33 ár.

Það var nú fyrir mér eins og fleirum fyr og síðar, að eignirnar voru litlar til að byrja með. En þetta bættist svona af. Eg smáreitti í búið og bjó líka nokkuð til sjálfur. Fyrst var eg á jörðinni sem leiguliði, en smátt og smátt græddist mér svo að eg fór að hugsa um að eignast jörðina og nú er svo komið að eg á hana að mestu skuldlausa.

Eg er nú ekki að segja þetta af því að það sé neitt einstakt eða framúrskarandi, því eg veit það, að fjöldamargir bændur geta haft sömu sögu að segja.

Eg var eins og fleiri á þeim árum fyrst vinnumaður og þó kaupið væri ekki sérlega hátt, miðað við það sem nú gerist, þá signaðist og varð talsvert. Og mér fanst satt að segja að eg græða mikið óbeinlínis. Eg lærði af þeim sem eg var hjá, – lærði af reynslu þeirra og svo af því sem eg lærði sjálfur og það kom mér að góðu haldi síðar þegar eg fór að búa. Eg sneiddi hjá því sem mér fanst miður fara hjá húsbændum mínum og færði mér hitt í nyt og hélt því. Eg rak mig oft á og sá þá reka sig á líka og þannig var það að eg lærði af reynslu minni og þeirra líka. – Þessi árin voru því einskonar skólatími fyrir mig að mörgu leyti, því eg var stundum hjá allgóðum búmönnum sérstaklega einum sem eg var lengi hjá. Og þá græddi eg líka mest.

Nú orðið vill enginn – eða fáir – vera í vistum. Allir vilja auðvitað græða og það er heldur ekki lastandi. En þeir þykjast græða meira með því að vera lausamenn. En eg er nú ekki á þeirri skoðun. Mér hefur sýnst að gróðinn sé fremur rýr hjá þeim æði mörgum. Og svo þetta, að þurfa að vera á þönum af einu landshorninu á annað til þess að leita sér atvinnu. Hrökkur meira eða minna af gróðanum í ferðakostnað og þegar ekkert fæst

til að gera. Þar að auki finst mér
þeir ekkert vera frjálsari eða óháð-
ari í lausamannsstöðunni. Þeir
eru jafnt undir aðra gefnir sem
verkamenn í hvaða stöðunni
sem þeir eru. En sá mikli mun-
ur er á þessu að lausamenn
verða oft að dekstra aðra til að
þiggja vinnu sína, en vinnumað-
urinn hefur vísa atvinnu árið í
kring, og auk þess oft betri aðbúð
og jafnari en lausamaðurinn.
Svona lít eg nú á þetta mál.
Eftir að eg fór að búa var að vísu
margt örðugt fyrst. Eg þurfti að
vinna og eg get sagt það með
sönnu að eg dró ekki af mér,
lá ekki á liði mínu. Þá var ekki
verið að hnitmiða tímann við vinn-
una. Eg vissi það að sumir
sligu á rótlunni þegar þurkar
voru og þeim þótti illa bíta á
daginn. Stundum vann eg á
slættinum 14-16 tíma. Var eg að
vísu þreyttur, stundum, en það
leið fljótt úr mér þegar eg var
yngri. Nú þykir mér nóg að vinna
12 klukkutíma, en mér veitir það
ekki erfitt enn þá. Enda sýnast
mér þeir ekki endast ver, sem
unnið hafa mikið á yngri árum.
og margt gamla fólkið hefur af
því að segja. Það var ekki malið
undir það.
Þú vilt nú ef til vill heyra
hvernig það gekk fyrir mér í til-
hugalífinu. Það gekk allvel. Við
Sigríður mín byggðum engar skýja-
borgir fyrir framtíðina, — fórum
ekki í neinum loftköstum eða
þurftum að fara í neina skolla-
leik við örlögin. Við höfðum
kynst dálítið áður og okkur kom
saman um að fylgjast að það
sem eftir væri æfinnar og það vona
eg að verði.
En af sambúð okkar er það að
segja að hún hefur verið samnefndir
hveitibrauðsdagar þennan tíma
— þessi 33 ár — Hún var jafnoki
minn til framsýni og framkvæmda
og mér að sumu leyti fremri. Við
höfum eignast 6 börnin og nú
eru þau öll komin á legginn.
Þau eru ekki ófrínleg og það
sem þau eru á eg mikið konunni
minni að þakka. Hún hefur fóstr-
að þau frá því fyrsta og annast
þau að mestu meðan þau voru
ung.
Hún er ein af þeim mörgu
góðu konum sem hafa leyst
þetta vand-verk — barnauppeldið
mjög vel af hendi; en þeim
hefur ekki verið þakkað það sem
vert var og þær áttu skilið, hvorki
af mönnum þeirra né öðrum.
Þetta hefur alla tíð svona
til gengið.
Frumbýlingsárin álíta margir
erfiðasta kafla æfinnar, en það
álít eg ekki. Þá var eg ungur og
óhræddur og fann ekki á mér þó
eg ynni mikið oftast. Meðan
krakkarnir voru ung hafði eg mjög
mikla ánægju af þeim, þó
þau væru hálfóþekk stundum
Mér fanst þá eg lifa í heimi
vonarinnar Og svo var hjóna-
bandið eins og eg hefi sagt.
Fyrstu árin mín var eg á
jörðinni sem leiguliði, en
svo fór mig að langa til að eiga
hana — verða sjálfseignarbóndi
og mér hefur tekist þetta, því
nú á eg hana að mestu skuld-
lausa. — Jörðin mín hefur reynst
mér besti viðskiftandinn. Eftir
því sem eg hef gert henni meira
til góða hefur hún borgað mér bet-
ur. Eg hef ekki þurft að vera að
semja um kaupið, hef fengið það
án þess refjalaust og vel úti-
látið.
Og hvað viljið þið hafa það betra
en þetta: að eiga góða og elsku-
lega konu; vel gefin og efnileg
börn; eiga jörðina sem maður
býr á og húsin; vera sjálfs síns
húsbóndi og herra öðrum að öllu
leyti óháður? — Þið álítið ef
til vill ~~það~~ betra að vera em-
bættismaður eða eitthvað því-
líkt? En eg held það ekki.
Þeir eru í raun og veru ann-
ara hjú, og eiga undir öðrum
það að hafa atvinnu.
Það eru embættismennirnir
og þeir sem eru öðrum háðir
og sama sem annara hjú, sem
hafa einmitt ástæðu til að
öfunda okkur bændurna, enda
hefur þess orðið vart. Við höfum
að vísu færri og minni skemt-
anir sem menn hafa í borgum
og kaupstöðum og verða jafn-
aðarlegast að kaupa fyrir pen-
inga, en við höfum aðrar skemt-
anir, — aðra ánægju, sem í raun
og veru er eins varanleg eða
öllu heldur bæði betri og varan-
legri. Það er með skemtan-
irnar eins og Ameríkuferð-
irnar, og skáldið segir:
„— — en þarflaust hygg eg því
að leita lengst í álfum
vort lán býr í oss sjálfum
í vorum reit, ef vit er nóg“
Eg sagði áðan, að á yngri árum
vildu auðvitað allir græða og er það
líka rétt og sjálfsagt, en mér finst
ekki nóg og ekki aðalatriðið að hafa
sem allra hæst kaup og það fá
ekki nema hina og hina, heldur
finst mér meira um vert að hafa
atvinnuna jafna og ekki síður
það, að eyða ekki öllu kaupinu
eða jafnvel meira í ýmsan óþarfa
Sá sem svo fer að getur ekki búist
við að komast í sjálfstæða stöðu,
orðið öðrum óháður. Hann verður
ekki fær um að stofna heimili
né sjá fyrir konu og börnum;
því eg get ekki hugsað mér að
neinn ærlegur maður hugsi til
þess að stofna heimili með nærri
því tvær hendur tómar og ef
til vill með þá hugsun bak við
eyrað að honum verði hjálpað,
— veittur styrkur af sveitinni. —
Það er reyndar ekki gott að segja
hvað sumir hugsa í þessu efni.
Meðan eg var yngri og vann
hjá öðrum, reyndi eg að eignast
dálítið og eyða ekki öllu sem eg
vann mér inn, og mér tókst
það nokkuð þó mér hefði kann-
ské getað tekist það betur hefði
eg lagt mig meira fram um það
Þetta sé eg alt betur eftir á.
Nú orðið er það ekki óvanalegt
að taka lán til að koma fyrir
sig fótum. Þetta er nú ekki
óþægilegt í svipinn og fljótt á

að lita, og enda kannské gott
fyrir þann sem duglegur er og
kann með að fara en eg held
nú samt að hitt verði affarasælla
fyrir flesta að koma fyrir sig
fótum – eignast smátt og smátt
því það gamla málteki verður
altaf í gildi að „sígandi lukka
er best“ Eg held það að minsta
kosti.
Mér virðist að margir nú orðið
séu svo skapi farnir að meta
það best sem hagast er, en
mér virðist það ekki fara sam-
an nema stundum.
Eins og líklegt er, þar sem eg
er nú orðinn þetta gamall
hef eg mætt mörgum mönnum
á lífsleiðinni. Sumir keptu
móti brekkunni og ætluðu sér
að komast upp, hærra og hærra.
Þeir drógu ekki af sér og sumir
vildu nær því hlaupa á sprettinum
að komast áfram og
upp sem allra fyrst. – Aðrir
aftur á móti fóru í hægðum
sínum, en altaf undan brekk-
unni; sumir með hendurnar
í vösunum. Hvorirtveggju sýnd-
ust ánægðir með sína stefnu.
Mér finnst vel mega líkja
lífinu við svona ferðalag. – –
Eg hef nú sagt frá samtali
okkar Sigurðar gamla. Eg hef
oft verið að hugsa um það sem
hann sagði mér og eg held
að margt af því sé nokkuð
rétt. – Hann hafði reynsluna
við að styðjast og það er sagt að
reynslan sé besti skólinn.

~~~ II ~~~

Stökur

Haust.

Kári þylur kaldri raust,
kletta mylur hrönnin
kafin ýlum helkalt haust
hauðrið dylur fönnin.

Kvöld.

Drínar skína, röðaränd
Rínarveldi gyllir
skína fannir blika bönd
bjartra hnatta milli.

(K. J. H.)
~~~

„Öku-Þór"

Útgefandi
Málfundafjelag Hvammstanga

Ritstjóri: Halldór Sigurðsson
Meðritstjórar: Jónas Sveinsson
Magnús Þorleifsson

II. ár
veturinn 1926-27.

Efnisyfirlit

1. blað Jól (1.) Jól (4.) Úr eigin herbúðum (4)

2. blað Gefum við endurreist alþýðuskólann (7)
Sendibrjef til Ökuþórs (9) Ökuþór kveður kunningja (11) Staka (14).

3. blað Úthorp (15.) Framliðnamál (17) Vísur (18.)
Til stúlkna (18) Stutt athugasemd (18) Aurasjóðir (19)
Hjá slátraranum (20) Opið brjef til Baldvins í Helguhvammi (21.) Um lestrarfjelög og bækur (23.)

"Öku-Þór"

Jól.

(Halldór Sigurðss.)

~ = ~ = ~ = ~

Einu sinni á ári hverju gista Jól vora jörð, og það er á þeim tíma sem skammdegi ríkir og myrkur og kuldi mestur. Þá rennur upp þessi fagnaðarhátíð, sem á að bera birtu og hlýju inn að hjartastað kristinna manna.

Jólin eru trúarhátíð hins kristna heims, og trúarhátíðir eru nær altaf samfara öllum átrúnaði. Það mun varla sá átrúnaður til að hann hafi ekki alið af sér einhverja hátíð sem venjulegast stendur í einhverju minningarsambandi við einhvern sem hefur verið aðalhöfundur þess átrúnaðar. Hinsvegar mun engin trúarhátíð merkilegri en jólin né eiga sína sögu fegri. Eitt það merkilegasta við þau er það, að þau eru ekki eign eins átrúnaðar heldur margra. Þau eru ekki eingöngu eign okkar kristinna manna heldur ýmsra annara trúar manna.

Eins og kunnugt mun vera höfðu forfeður vorir, ásatrúarmenn, um hönd mikinn jólafagnað og jólaguðsþjónustur svonefnt jólablót. Því mun hafa verið trúað bæði af norrænum þjóðum og eins Keltum að guðirnir héldu sig nær jörðu um jólaleytið en ella og því munu jólin hafa orðið helgasta hátíð þeirra.

Einnig með Egyptum þektust jólin. Er sagt að einn helsti guð þeirra eða guðmenni, Horus hafi verið fæddur um vetrarsólhvörf. Þá var farin mikil skrúðganga um götur borganna og mynd af Horus nýfæddum borin í broddi fylkingar. Var mikið um dýrðir og hverskonar fagnaður um hönd hafður á þessum Egypsku jólum.

Þá er og sagt að persneski guðinn Mithra hafi verið fæddur um vetrarsólhvörf, enda héldu Persar jólin heilög Mithratignunin barst þaðan til Rómverja og sá sami siður með.

Grikkir héldu einnig hátíð sem samsvaraði jólahátíðinni hjá okkur. Var sú hátíð helguð guðinum Dionysos, er var af Forngrikkjum skoðaður sem frelsari mannanna og

sá sem flytti fagnaðar-boðskap
guðanna. Hátíðin var einnig
haldin um vetrarsólhvörf.

Sagt er að framan af, á með-
an hin Forngrikkja var á blóma
skeiði og þess megnug að halda
hugum manna og þrám að
æðra unaði. Þá hafi þessi há-
tíðahöld eða blót verið mjög
hátíðleg og siðsamleg og urðu
mjög óbrotin og viðhafnarlaus
í fyrstu en er trúnni tók
að hnigna og kyngimagn hinnar
upphaflegu siðfræði hennar að
dvína út fóru þau að fara út
um þúfur og gjálífis- og
svallbragur að færast yfir há-
tíðahöldin bæði með Grikkjum
og Rómverjum. Er sagt að loks
hafi svo langt gengið að ráðið
í Róm hafi orðið að taka
harðri hendi í taumana,
til að koma í veg fyrir als-
konar ósiðsemi og svall sem
var að koma í stað hinnar
upphaflegu guðsdýrkunar.

Það er segin saga, að
þegar trúarlífi tekur að hnign-
þá fara trúarhátíðirnar að
fá á sig veraldlegri blæ. Og
fátt mun vera til, sem
~~sem~~ betur sýni hvernig
hag trúarbragðanna er kom-
ið en einmitt þessar hátíðir
sem þau hafa alið af sér.

Á blómaskeiði trúarbragð-
anna eru þær lausar við
alla veraldlega nautn og
munað og eru óbrotnar í
alla staði. Menn láta sig
aðeins varða hag og hlut-
skifti hins innra manns, and-
legan unað, sem fæst aðeins
í sambandi við eitthvað æðra
og göfugra. Þá skeyta menn
ekki um fín föt, skrautleg
hús, góðan mat, dýr og ljúf-
feng vín né fína dansleiki.
Hið eina nauðsynlega er að
færa sér sem best í nyt þau
blessunarríku áhrif, sem falla
um heim allan á hverri
hátíð, en til þess þarf hug-
urinn að geta haldið sér frá
jarðneskum munaði og hvers
kyns óhófi. — —

Allir vita að 25. December
hefur um langt skeið verið hald-
inn heilagur sem fæðingar-
dagur Jesú og margir telja
sennilega lítinn efa á að
einmitt þennan dag hafi
hann fæðst. En það er nú
samt ekki talið áreiðanlegt,
meira að segja eru engar líkur
til þess að þetta sé hinn rétti
fæðingardagur frelsara vors.

Ekki vita menn heldur með
neinni vissu hvenær fyrst er
farið að halda fæðingardag
hans helgan, ef til vill
er það orðið þegar um 150
e. Kr. en áreiðanlegt er tal-
ið að kristnir menn hafi
verið farnir að halda einhvern
dag helgan í þessu skyni
tæpum 2 öldum e. Kr.

Í frumkristninni voru ýmsir
sértrúarflokkar og þeim kom
ekki saman um daginn er
halda skyldi heilagan. Sumir
héldu hann í Janúar, aðrir í

febrúar og enn aðrir í Júlí,
Ágúst o. s. frv. Sagt er að als
hafi 136 dagar í árinu verið
~~haldnir~~ haldir fæðingar-
dagur hans.

Það leið samt ekki á
löngu þar til kristnir menn
sáu hve ósamræmi þetta
hafði mikla annmarka í för
með sér, og að miklu betra var
að koma sér saman um ein-
hvern ákveðinn dag. Og það
varð árið 337. e. Kr.

Júlíus páfi I. fékk því þá
til vegar komið að kristnir
menn skyldu skoða 25. Dec.
sem fæðingardag frelsara síns.
Einn kirkjufaðirinn skýrir
frá þessu og segir að þessi
dagur hafi verið valinn, til
þess að kristnir menn gætu
haft hina helgu siði sína
óáreittir um hönd meðan
heiðnir menn voru önnum
kafnir við sín hátíðahöld en
það var sólhvarfahátíðin
sem haldin var til veg-
semdar guðunum Bakkusi
eða Dionysos

Af sögnum þessum sem
vér höfum frá fornöld má
ótvírætt ráða að Jólin hafa
verið með talsvert öðrum
hætti þá en nú gerist al-
ment. Að minsta kosti
hafa þau ekki verið eins
mikil ærslahátíð heldur
hafi hvílt kyrð og ró yfir
blæ og innileiki lýst sér
í hátíðarathöfnum manna.

Smám saman fóru þau
að fá á sig annan blæ
eftir því sem trúnni tók
að hnigna og trúarsannfær-
ing manna tók að fjara út,
og nú má ef til vill gera
ráð fyrir að þau séu varla
nema svipur hjá sjón. Það
er eins og nálægð æðri afla
sé ekki eins finnanleg nú
sem áður var og að þessi
kyngikraftur sem mönnum
fanst áður fara um á hverri
jólahátíð sé nú orðinn svo
lítill, að hann megni ekki
~~að~~ lengur að verja þessa aðal-
hátíð kristninnar fyrir svalli
og nautnafýkn.

Samt er eins og enn eimi
eftir af þeirri hugmynd
að guðirnir haldi sér í
meiri námunda við menn-
ina um Jólin en aðra
tíma ársins því það er
einhvernveginn svo að mörgum
manni verður hlýrra um
hjartað þá en endranær,
eins og einhver barnsleg gleði
grípi mannshugina töfra-
tökum og kærleiksstraum-
ur falli um heim allan
og gleði það sem best er og
göfugast í hverju manns-
hjarta.

Ef til vill er hnignunar-
tími kristninnar í þann
mund að sjá hámarki
sínu og nýir siðir fyrir dyr-
um og þá munu Jólin
fá á sig annan svip en
nú er. Þá fer viðreisnartími
hins andlega lífs í hönd

og nýjum áhrifastraum hleður veitt um veröld alla á hverri trúarhátíð er gerir hana þess megnuga án þess að leita hjálpar hjá svalli og gjálífi að veita mönnum þá gleði og nautn sem hvert hjarta í raun og veru þráir af alhug.

—~—~—~—~—

Jól.

Fer yfir hjarnið blíður blær
boðskapur árs og friðar, Jólin
lífstréð á vetri laufgað grær
ljós eru tendruð fjær og nær.
Rís yfir náttskeið röðull skær
roðar á tinda frelsissólin.

Ennþá er hjarn í hugum lýðs
heimurinn þungu böli mæðist
þjakaður oki storma og stríðs
sturlaður þvargi rógs og níðs
Tvístruð er hjörðin vegar víðs.
Víst er enn þörf að Kristur fæðist

Barnanna hátíð, heilög jól
himneskri gleði í bæinn veitir
hljómar í ranni, „Heims um ból"
huggun fá hreldir hvíld og skjól.
Börn eru allir, sama sól
sálnanna ís í vordögg breytir

M. Þorleifsson.

Staka.

Færð með snilli í fagran kjól
fjöll í hylling loga.
Augað villir aftansól
Ystu gyllir voga. (K. J. H.)

Úr eigin herbúðum.

Fyrsti fundur Málfundafél. vors á þessu starfsári sem haldinn var þann 12. þ. m. fór vel og vandlega fram. Menn voru búnir að hvíla sig frá fundahöldum hátt á annað ár svo að enginn fundur var þótt vel væri af stað farið. Enda mátti víða kenna þess í ræðum og fasi fundarmanna að tölverður framkvæmda- og vígahugur var á ferð.

Í stjórn voru kjörnir 3 forustumenn Hvammstanga tveir þeir sömu og áður voru og Hannes Jónsson í stað þess fráfallna. Að sjálfsögðu áttu hinir fyrverandi að hækka báðir í tigninni enda varð læknirinn víst gerður að formanni en Sigurður varð gjaldkeri áfram. Hann fékk ekki sess sinn hækkaðan, sem mun ef til vill stafa af því að hann gat ekki lagt fram reikninga fél. nema munnlega. Skjölin fundust ekki. En óhætt mun samt að bera fullkomið traust til Sigurðar við þennan starfa áfram.

Magnús Þorleifsson hækkaði líka í tign að mun, þar sem hann var gerður að ritstjóra en hafði áður verið aðstoðarritstjóri. Hafði Halldór áður það virðingarsæti, en var nú skipaður í fyrra embætti

Magnúsar. Vitum við ekki hvað muni valda þeirri forlaga-gletni.

Karl, Baldvin og Bjarni fengu ekkert embætti, þótt þeir töluðu allir og það ekki hvað lakast. Enda fanst oss mega kenna gremju hjá Baldvin er hann kvaddi sér hljóðs í fundarlok og talaði af heilagri vandlætingu um aðgerðaleysi heilbrigðisnefndarinnar á Hvammstanga þeirrar nefndar sem á að hafa eftirlit með sóðaskapnum, mykjuhaugunum og öllum þeim ósóma sem hvervetna mætir augum og vitum manna í þorpinu. Vitnaði hann í gamla samþykkt – en síunga samt – í Stjórnartíðindunum um skipun og starfsemi slíkrar nefndar og vildi láta fara að reka á eftir þessari nefnd. Tóku margir í sama strenginn og helltu mælsku sinni yfir allan þennan óþverra.

Vildi Hannes fá að vita hversu mikið vald þessi nefnd hefði, hvort hún mætti t. d. taka í hnakkadrembið á mönnum og dýfa andlitinu á þeim ofan í óþverrann. Kvað Baldvin já við því og sagði það tekið fram í samþyktinni. Sló þá miklum óhug á fundarmenn og vildu þeir enga hlutdeild eiga í því að vekja heilbrigðisnefndina ef hún mætti fara svona að ráði sínu.

Efnisyfirlit

1. blað: Góðir fjelagar! (1) Til Öku-Þórs (3) Bersi (3) Heiðbjört sumarnótt (6) Stjórnmál (7)

2. blað: Nautnir (9) Sendibrjef til Öku-Þórs (10) Stjórnmál (11) Endurfundir (14) Óvæntir samfundir (14) Humingjarabb (14) Staka (18)

3. blað: Það hlýnar aftur (20) Hendingar (22)

Öku-Þór

3. árg. Hvammstanga 27. nóv. 1926 1. tbl.

Góðir fjelagar —

Það gleður mig að sjá ykkur hjer saman komna aftur eftir svo langan tíma ~~aðan~~ sem liðinn er síðan við seinast sáumst. Það gleður mig að vita að jeg á að fá að lifa og starfa með ykkur í vetur eins og undanfarið, í þessum fjelagsskap sem þið hafið stofnað til eflingar samhugar og samstarfs og til glæðingar andlegu lífi. Og það gleður mig líka að þið skulið öll að muna mig -gamla Öku-Þór, sem ávalt þótti ósæginn og harður í horn að taka, en aldrei lifa í anda þeirra kenninga er síðar bægði á braut gömlu trúnni og sem afkomendur hinna fornu norrænu víkinga hafa alist upp við.

En jeg finn að hin íslenska þjóð á enn krafta í kögglum þrátt fyrir langvarandi dvöl í dáðleysi og eymdarástandi. Jeg finn að enn dáir hún hreysti og karlmensku þrátt fyrir vatnsgrautar miskunnsemi hins nýja siðar, annars mundið þið varla hafa skotið skjóli yfir mig, sem var ímynd afls og harðfylgis á löngu liðnum dögum. En það hryggir mig að þurfa að segja, að ef þið haldið að enn eigi jeg ódeyfðan þann mátt og þá hreysti sem í dögum hinna gömlu goða skaut tröllum og óvættum skelk í bringu, þá skjátlast ykkur mjög. Jeg er allur annar nú, og ekki svipur hjá sjón. Jeg er aðeins ofur óljós endurminning þess frægðar víkings hugar og bardagalundar hinna norrænu kappa frá þeim tíma þegar drenglyndi og hugprýði sátu í öndvegi. Hreysti og vopnfimi var íþrótt allra og ávalt þótti skylt að vera vinur vina sinna og gjalda lausung við lygi.

En nú er komin önnur öld. Kenningin hins nýja siðar hefur gagnsýrt svo hugi og hjarta-

Þá hinna herskáu þjóða
að ekki má lengur vega
með þeim gömlu jötnavopnum
heldur aðeins með eiturlofti
og sprengjunum og
nú á ekki nóg að vera
vinur vina sinna heldur
á móti líka að vera
vinur óvina sinna og
vera sífelt með kærleikans
og bróðurþelsins orð á vörunum.

Mjer hefur því heldur
ekki, að mætur orrust, sem
lífs fima var fræg og haldið
hefur nafni mínu og
gegnum raðir aldanna.
Hyggi hinnar kristnu
tíðar hefur dregið úr mjer
dáð og kjark. Mannanna
hugir hafa gerst mjer frá-
hverfir í glaumi og glysi
aldarfarsins. Andrúmsloft
nýja tímans er orðið óholt
svo gömlu goði sem mjer
að eitrun virðist bora
líkama minn. Armar
mínir eru nú orðnir visnir
og mjóir sem tíræðs karls-
karls, fölir veikir og líkam-
inn allur máttfarinn og
blóðlítill. Allt annað er
breytt, svo og gripir mínir
þeir góðu sem af öllum öðrum
báru á þeim góðu gömlu
tímum. Nú og vart óþrjótandi
í það minnsta. Hjálmurinn
er orðinn að stráhatti, megin-
gjarðirnar að axlaböndum
og glófarnir að tvinna-hönsk-
um. Hamarinn er orðinn
að montpriki og reið mín
líkist rasobiknum bíl.
Áður óx engin svo hart sem
ég og ók ég þá um loft
og lög. Nú þjóta ferleg skrímsl
um loftið með þrumugný og
ópi, og skepnur ægilegar
skunda um hafið, en jeg
má skrölta í reið minni
á jörðu niðri og er hún
ferðlaus sem bensínlaus
bíll. Þið sjáið því að jeg
er ekki orðinn merkilegur.

Þér nú ættuð þið að
skjóta skjóli yfir mig í ellinni
og líf mitt og líðan veltur
eftir því hvernig ykkur
ferst við mig. Hvernin vel
þið búið að mjer og hvernin
örlát þið verðið á að sjá
að mjer bita eða sopa.
Því enn get ég tekið allhraust-
lega til matar míns, þótt
mjer eigi megi minna skemmdur
orðinn af matarhæfi hins
nýja tíma svo sem sætkúpum
og kássumauki, og au ódýrasta
portvíninu úr áfengisverslun-
inni eða bannvörum Íslend-
inganna, sem jeg hef orðið
að neyða ofan í mig á þessari
dýrtíðartíma og gengishækkunar-
öld.

Og eigi jeg að hressast
við, þá þarf jeg kraftfóður,
og eigi jeg að afreka nokkuð
í heimi andans, þá þarfnast
jeg að geta lappað öja upp
á mín gömlu tök og
vita hversu takast má
að líkja þeim við það sem
áður var. Ætt þetta eigið
þið við ykkur sjálf.

En vel væri það ef svo sem
sú er alið hefur hraustasta
og vitrasta Íslendinginn
Grettir Ásmundarson eftir þess
megnug að endurfæða í mjer
eitthvað af ásmegin og
kyngi hins gamla olifanta-
Öku-Þórs.

Í þeirri von að það
megi takast sýni jeg mig nú
í fyrsta sinni.

Öku-Þórr.

Til Öku-Þórs

Ég veit og skil að hart í ári er
og eftir karla hold í þínum
beinum.
hin rýrð og uggar gjarna sjer og
geð
en gott best segðu það ekki neinum

Vor nýji siður kennir „Gerðu gott
en gættu ekki út að láta aðra sjá
það"
Ég gef þjer karl minn glóðum þínum gott
út gleymum því og minnumst ekki á það

Ó, hvað bull? Ég þekki eðli þitt
þú þagað aldrei yfir neinu getur
Ég má því ekki nefna nafnið mitt
en nefnist heldur bara
Svarti Pjetur.

Bersi.

Brot.

Það var komin háttatími
þegar við lögðum af stað
úr kaupstaðnum. Við
vorum tveir á sexæringi, jeg
og fjelagi minn sem Bersi
hjet. Hann var orðinn rosk-
inn maður, en myndar-
legur var hann á velli,
einþjál og góður til allra verka,
bæði á sjó og landi.

Bersi settist við stýrið
meðan jeg kom fyrir segl-
unum. Vindurinn blés
og þandi seglin út. Bátur-
inn skreið áfram inn
sundið í áttina til lands.
Öldurnar vögguðu honum
líkt og móðir vaggar barni
sínu, og kváðu söng vöggu-
ljóð. Síðustu sólargeislarnir
voru að hverfa. Ró og friður
færðist yfir náttúruna. Alt
var að sofna.

Bersi var farinn að
draga ýsur. Hann var kvöld-
svæfur, en öllu betri þegar
frá að líta á nóttina.

Jeg tók við stýrinu og
sagði Bersa að hann skyldi
leggja sig stundarkorn. Það
var óhætt í þessu veðri, jeg
ataði inn á milli eyjanna.
Hann ljet sjer það að kenningu
verða; bjó um sig frammi í

barka og eftir litla stund var hann farinn að skera dárana hrúta.

Jeg hagræddi mjer við stýrið. Í kjölfarið synti gamall og gráhærður útselur. Hann reygði sig upp svo að hann kom hálfur upp úr ~~sjónum~~ sjó og „tróð marvaðann“. Síðan steypti hann sjer og skömmu síðar rak hann trjónuna upp úr rjett aftan við bátinn. Honum fanst víst lítið ganga. Jeg fór að blístra lagstúf, bæði til að skemta mjer og Kobba. Kobbi virtist hlusta á með athygli. Hann hallaði undir flatt eins og hann vildi ekki missa nokkurn tón og þó að jeg segi sjálfur frá, þá var hann auðsjáanlega mjög hrifinn. Hann hefur ekki heyrt svo fagran söng á hverri nóttu.

Jeg hætti við og fór út af laginu. Bersi hvíslaði: „Ásdís Ásdís“ þá rifjaðist upp í huga mínum saga, sem jeg hafði heyrt um Bersa.

Þegar Bersi var um tvítugt, var hann á bæ einum á Vestfjörðum, sem heitir Foss. Bóndinn á Fossi hjet Einar. Ekki man jeg hvað kona hans hjet. Þau áttu eina dóttur barna og hjet hún Ásdís. Hún var innan við tvítugt er saga þessi gerðist. Þótti hún besti kvenkostur í sveitinni og þótt víðar væri leitað. Það spilti heldur ekki fyrir að foreldrar hennar voru vel efnum búin. Sagt var að sumir ungu piltarnir sendu til hennar hýrum augum, en hvort hún endurgalt [illegible] meira en góðu hófi gegndi var ekki rætt.

Skamt frá Fossi bjó hreppstjórinn. Hann átti son er Þór hjet. Lítil þótti hann fyrirmynd ungra manna.

Bersi hafði þann starfa á hendi á Fossi að hirða fje og hross. Ásdís var skepnuvinur mikill og fanst oft í húsin að skoða þær. Þá þótti fólkinu fyrst að, um veturinn sem Bersi var þar. Það kom varla það veður að hún færi ekki í húsin. Það kvisaðist fljótlega að henni mundi aldrei vera neinn ami í því, að Bersi væri í húsunum þegar hún kæmi þangað. Það var heldur engin furða þó að henni litist á Bersa því að Bersi bar af öðrum piltum sins og hún af öðrum stúlkum, og í raun og veru var hann sá eini sem var henni samboðinn. En það vissu líka allir að fyr ljeti Einar brenna sig lifandi en gefa honum Bersa dóttur sína. Honum Bersa, sem var alinn upp á sveitinni. Þó að hann

ætti auðvitað enga sök á því að faðir hans drukknaði í sendiför í hreppsins þarfir og að móðir hans dó af sorg og þreytu, þegar hann var óviti svo að sveitin neyddist til að sjá um uppeldi hans. Það var ekki af skafið. Bersi var alinn upp á sveitinni.

Í gegnum túnið á Fossi fellur á, sem Fossá heitir. Rennur hún í þröngum gljúfrum. Þar eru fossar og sumstaðar grasi grónar brekkur og hvammar. Hjá einum fossinum er fallegur hvammur. Þann hvamm kallaði Ásdís Unaðshvamm. Þar þótti henni unaðslegt að dvelja og hlýða á árniðinn, einkum þegar Bersi var hjá henni og söng lögin sín og ljóðin.

Eitt laugardagskvöld nokkru eftir sumarmálin sátu þau Ásdís og Bersi í Unaðshvammi. Þau töluðu um framtíðina. Þeim fanst æfibrautin liggja björt og hlý framundan. Þó var eins og að eitthvað skygði á. Það var óvíst um samþykki föður sins.

Sólin hneig til viðar — Ásdís hallaðist að brjósti Bersa.

Þetta sama laugardagskvöld komu hreppstjórinn og sonur hans að Fossi. Þeir voru í bónorðserindum. Þótti lítill vafi á því hverju Einar mundi svara. Það var ekki lítið í munni að tengjast hreppstjóranum, sem þar að auki var ríkasti maður hreppsins.

Þegar Bersi kom heim og frjetti um erindi hreppstjórans, gekk hann á fund húsbónda síns og bað Ásdísar. Það er ekki hægt að lýsa með orðum svipnum sem kom á Einar þá. Hann stóð lengi orðlaus, helblár í framan og gapti. Loksins hvæsti hann: „Burt! Burt úr mínum húsum hreppsómaginn þinn!“ Hvað þeim fór fleira á milli veit jeg ekki.

Sömu nóttina fór Bersi alfarinn frá Fossi. Hann fjekk ekki að kveðja Ásdísi. Það segja kunnugir að síðan hefði verið sífeld nótt í huga hans.

Seint um sumarið giftist Ásdís „litla hreppstjóranum“. Þau reistu bú, en búskapurinn gekk ~~illa~~ ekki vel, þó að nógur væri auðurinn. Tveimur árum síðar dó Ásdís, södd lífdaganna. Þá flutti Bersi alfarinn úr sveitinni. Eftir það var hann hingað og þangað — og nú sat hann rótt og rótt í bátnum og dreymdi Ásdísi.

Rjett í austri bólaði [illegible]. Vindurinn hafði aukist. Það var gott sjóleiði alt að því [illegible] leiði

Bátnum miðaði vel áfram.

Alt í einu gægðist sólin sjálf upp fyrir fjallabrúnirnar. Hún sendi geislana út yfir fjörðinn og eyjarnar og gylti það alt. Jeg horfði svo hugfanginn á sólaruppkomuna að jeg tók ekki eftir öldu, sem reis framan við bátinn, fyr en hún teygði úr faldinum rjett við stefnið. Jeg gaf eftir á skautinu og beitti bátnum upp í vindinn. Báturinn lyftist upp, en aldan var hærri; hún hringaði toppinn og steyptist inn í bátinn og yfir Bersa.

Bersi vaknaði við vondan draum, stökk á fætur, hristi af sjer sjóinn og sagði síðan rólega eins og hann var vanur: „Það er enginn verri þó hann vökni."

Jeg spurði hann um drauma hans. Hann kvað sig lítið dreymt hafa. Það hefði eitthvað verið um sólaruppkomu. Svo raulaði hann fyrir munni sjer:

„Æskunnar ástir
aldregi þverra.
Ekkert því eyðir
unnenda harmi."

Veturliði

— „ — „ —

Heiðbjört sumarnótt

Stjörnur tindra skært í himni hátt
heiðskírt glitrar loftið fagurblátt
norðurljósin leiftra um himins sal
lýsir máninn þennan töfradal

Blundar foldin, bærist ekkert strá
birta himins leggur jörðu á
Enginn vindblær. alt er kyrt og rótt
enginn stuna heyrist þessa nótt.

Vora Frón, hve fagurt virðist mjer
fyrir augum það sem núna ber
glitrar jörðin glampar ey á
yndislegra fátt vjer munum sjá

Þetta land guð drottinn blessa bið.
Börnum þess hann veiti sæld og frið
Hann þau leiði lífsins gegnum braut
ljetti af þeim hverri sorg og þraut.

Veturliði.

Stjórnmál

Sjeð frá bæjardyrunum bóndans

Eftir Skúla á Völlum

Hjer á Íslandi eins og víðar eru ekki allir menn á eitt sáttir um það hvaða leiðir best sje að fara til þess að efla hagsæld lands og þjóðar á sem flestum sviðum. Menn skiftast í flokka um þjóðmálin, og hver flokkur reynir að koma sínum mönnum til æðstu valda í þjóðfjelaginu, til þess að geta haft sem mest áhrif á stjórnafarið. Nú eru hjer á landi aðeins tveir flokkar sem nokkuð verulega kveður að í stjórnmálum, íhaldsflokkurinn og framsóknarflokkurinn. Að vísu er til sá þriðji, alþýðuflokkurinn, en enn sem komið er, er hann áhrifalítill á þessi mál. þar sem hann mun ekki hafa nema tvo fulltrúa á löggjafarsamkomunni.

Þessir tveir aðalflokkar sem jeg mintist á, telja sig báðir stefna að því að auka almenna þjóðarsæld, en þá greinir á um það, á hvern hátt það verði best gjört. Íhaldsfl. sem nú er sterkastur í þinginu og hefur menn í ráðherrasætunum, hefur talið aðalstefnumál sitt vera fjárhagslega viðreisn ríkisins, enda skal það viðurkent að síðan sá flokkur tók við stjórn landsins, hefur fjárhagur ríkissjóðs batnað að mun. Framsóknarflokkurinn telur mesta áhugamál sitt vera eflingu landbúnaðarins. Þótt báðir telji sig bera hagsmuni alþjóðar fyrir brjósti, þá er ekki því að fagna að þeir geti altaf unnið saman í bróðerni að framfaramálunum. Þeir deila oft harðlega, og svo virðist sem leiðtogar þeirra reyni oft að gera ágreiningsatriðin sem stærst í augum landsmanna, og er það raunar eðlilegt því tilvera þessara tveggja flokka væri óhugsanleg ef þeir ættu engin deiluefni. Flokkarnir eru andstæðir eins og nöfn þeirra gefa til kynna. Íhald og framsókn eru tvö andstæð öfl sem altaf hafa togast á, bæði hjer á landi og annarsstaðar og munu halda þeirri togstreitu áfram. Bæði þessi andstæðu öfl eiga fyllsta tilverurjett.

Þegar jeg nefni Framsókn, þá man jeg eftir mörgum djörfum og víðsýnum framsóknarmönnum sem Ísland hefur átt, sem hafa unnið því og niðjum þess ómetanlegt gagn. Nöfn þeirra Skúla Magnússonar, Eggerts Ólafssonar, Jóns Sigurðssonar og margra annara ágætra framsóknarmanna munu seint fyrnast í hugum Íslendinga. Þegar jeg nefni Íhald, þá kemur í hug minn sóðinn og roskinn bóndi

þjettur á velli og þjettur í lund. Hann býr í sjálfseign sinni á gróðri af gangandi fje, og í efnalegu tilliti stendur hann á traustum grundvelli. Hann rasar ekki í aðrar framkvæmdir en þær, sem full vissa er fyrir að borga vel fyrirhöfnina. Hann er sparsamur og reikningsglöggur í viðskiftum við aðra menn, og það sem öðru fremur einkennir hann, er gætni í fjármálum, enda kallar hann stundum hjá samtíðarfólki sínu nöfnin nirfill og maurapúki. En hann er orðheldinn og ábyggilegur í viðskiftum og borgar hverjum það sem honum ber, og hefir lagt sveit sinni og landinu í heild drjúga skildinga í beinum og óbeinum sköttum þessi mörg ár og hann tíkar hefir verið, er og mun verða þjóðhagslegur máttarstólpi þjóðfjelagsins.

Jeg lít þannig á að bæði Framsóknar- og Íhaldsflokkurinn hafi fyrstu tilverurjett, og meira en það, þar þurfi báðir að lifa með þjóðinni ef alt á að haldast í sæmilegu jafnvægi. En það lýtur út fyrir að ýmsir núverandi leiðtogar í stjórnmálum hjer á landi sjeu annarar skoðunar eða að minsta kosti benda mörg skrif þeirra og ræður í þá átt.

Framsóknarmennirnir, sem mest ber á, segja: Framsóknarmennirnir eru Íslendingarnir í landinu og þeir þurfa að verða hinir ráðandi menn í þjóðfjelaginu, því nú þarf að leggja alhliða framsókn á Íslandi. En íhaldið er þrándur í götu öllum andlegum og efnalegum framförum og þessvegna þurfa allir sannir Íslendingar og allar hollar dísir að hjálpast að við að slátra Íhaldinu.

En Íhaldsmennirnir segja aftur á móti: Það er landi og þjóð lífsnauðsyn að Íhaldsflokkurinn haldi áfram að skipa æðstu valdasætin í þjóðfjelaginu svo umróts- og byltingamennirnir komist þar eigi nærri til að eyðileggja alt með braski sínu og byltingum. Allir þeir sem vilja að hjer sjeu frjálsir menn í frjálsu landi, þurfa að sameinast undir merki íhaldsins í þjetta fylkingu, sem umróts og byltingamennirnir fái eigi rofið.

Þeir sem eigi vægja í dómum sínum um andstæðingana, stjórnmálamennirnir. Dauðadómar eru þar algengastir allra dóma.

Nitulagnost

– Ökuþór –

3 árg. Hvammstanga. 11. Des. 1926. 2. tbl.

Nautnir

Gleði sú býr í hverjum manni. Hún er ein og óskift að uppruna, þó að vegirnir til að gleðjast sjeu óteljandi. Samt virðist tilbreytingin vera frumskilyrði allrar gleði og nautna. Flest dagleg störf manna eru tilbreytingalítil og einhæf; sífeld endurtekning sömu athafna dag eftir dag. Það er að vísu gott að gleðjast í störfunum, hvert sem það er. En því aðeins er það hægt að einhver tilbreyting fylgi. Breyting er starfandi manni nauðsynleg eins og svefn þreyttum manni og limum. Það er eins og ekkert sje svo yndislegt, að það verði ekki leitt þeim, er altaf verður því að sæta umskiftalaust. Sveitamönnum er kærast að hverfa um stund í hringiðu bæjanna, og bæjarmönnum er ósegjanleg gleði að reika tíma á sumrin yfir móa og merkur, þar sem smalinn er oftsinnis dauðleiður á að vera, hve fagurt sem þar kann að vera í raun og veru. Öll einhæfni er svo þreytandi að menn hafa stundum verið í vafa um hvort hið eilífa líf í himnunum yrði beinlínis skemtilegt við sífeldan englasöng.

Þegar þannig er á litið verður skemtana- og nautnafýsnin skiljanlegri. Nautnir er nokkurskonar hvíld fyrir líkama og sál. Hún á að vera það, og menn eiga hungraðir og þyrstir í nautnir af því að þeir vilja hressa sig og endurnæra. Þeir sleppa sjer í nautnirnar af ósjálfráðri innri þörf, eins og þegar selu-þreyttur maður rjettir úr sjer eftir langa hvíld. Menn hafa ekki alment haft rjettan skilning á skemtanafýsninni; álitið það sprottið af ljettúð og spillingu. Þeir menn hafa blandað saman orsökum og afleiðingum, fordæmt gleðilöngunina, af því að hún leiðir menn í öfgar og villugötur. Af þessu hafa sumir betri menn leitast við í góðri meiningu að stemma stigu fyrir öllum skemtunum. Að þeirra dómi átti æfin öll að vera einlæg vinna meðan vakað er. En eðli mannsins

er altaf samt við sig; það leitar heim aftur, þó það sje lamið með lurk.

Nautnaþráin í brjóstum lifandi manna verður ekki þannig stefnd, en brapandi foreinn á kraumbrunninni. Hvortveggja er náttúruafl, sem má leiða, fara með vel eða illa, en ekki byggja eða loka inni í fangelsi.

Það getur því ekki komið til mála að halda fram þessari stefnu, því að hún er í ósamræmi við mannlegt eðli. Þó mun nú sumum mönnum finnast skörin farað upp í bekkinn ef eðli mannsins á að ráða, ef hver dutlungur, hver ílöngun, hver hneigð á rjett á að verða framkvæmd um leið og hún er í hug borin. Slíkt væri fagnaðarboðskapur nautnamanna, gjettlæting lausungar og hvers konar stjórnleysis. En hjer er alls ekki stefnt að því, þvert á móti á að benda á þann mikilvæga sannleika að allir menn þurfa nautna, og að því verður ekki gert. Enn fremur að nautnirnar eru mjög misgóðar, sumar hressandi í bráð og lengd, aðrar hættulegar eins og eitur. Framför menningarinnar liggur ekki síst í því að flokka nautnirnar; verðleggja þær ef svo mætti segja, að meta innbyrðis gildi þeirra, og að þú lærum að leitast við að hafa áhrif á það, hvernig menn getjast, reyna að draga úr áhrifum fúrdálinga í óhollar og skaðlegar nautnir, með því að beina nautnaþránni í annan heilsusamlegri farveg. Í þessu er fólgin öll veruleg siðabótarstarfsemi.

G. Þ. S.

— . .

Sendibrjef

til Ókuþórs

Þorúdga, gamla goð!

Skylt er mjer að færa þjer þökk fyrir áðant. Vel var það stat farið eftir sumar dvalann og ekki um þjer skýrir í augnsjá dvídir limur. Er því vel farið ef þú getur verið hátt hornaum og rekið rothögg á allan kveifarskap. Þjóðgmeti og heimaskur er á vegi þínum verður, og óska jeg að allar misfellur þeirrar mannfjelagsgötu er þú heitir að þeeða, megi þjer eigi mein vinna nje til þinni brjóta.

Jeg sje að margir góðir menn vilja gjarnan rjetta þjer stan bita af borði sínu, svo að þú hefur sem betur fer annað kjarn. betra þjer til munns að leggja en rotþau gugga er og hef að bjóða, og skamt mun þess að bíða að þú þurfir ei þrota að kvíða, því nú er neytsluvatnsmálið í tryggri höfn. En þó vil jeg sjerstaklega vara þig við öllum þeim skurðum er grafnir verða um þorpið þvert og endilangt, einkum ef þeir verða gerðir nú í skammdeginu:

Efalaust til og að þú fylgir Karli Friðrikssyni og samherjum hans fast að verki við stofnun ríkisins, og er því máli þá best komið ef þú rekur smiðshöggið á það með Mjölni þínum og heldur svo vörð um landamærin.

En mikils mun þá við þurfa, og væri þjer sennilega ráðlegt að reyna að fá hjeraðslækninn til að yngja þig upp. En blessaður karlinn fleytti þjer þó að því áður en þú verður hrumari, svo að þú verðir þó ekki kominn á hreppinn áður.

Vonti þess að sjá þig á grímudansinum á næstu jólum.

Lifðu heill þangað til.

Svarti Pjetur

Stjórnmál

Sjeð frá bæjardyrum bóndans
Eftir Skúla á Völlum

Framhald.

Öllum þeim, sem kosningarjett hafa, er nauðsynlegt að fylgjast með því, sem við ber í stjórnmálalífinu, svo vel sem kostur er á. Þeir þurfa að kynna sjer afrek flokkanna, svo þeir geti sjálfir metið þau og sjeð og tekið sæti í þeim flokk, sem þeir telja bestan, að sameiginlegum málum. En því miður geta aðeins fáir heyrt það, sem fram fer á Alþingi, þar sem öll þýðingarmestu þjóðmálin eru rædd og þeim ráðið til lykta. Vera má, að þeim áheyrendum fjölgi þó áður langt líður, ef útvarpið tekur framförum.

Í Alþingistíðindunum geta menn lesið ræður þær, sem fluttar eru á þinginu, og sjeð afdrif mála. En þau munu almennt lítið lesin. Aðalfregnirnar, sem kjósendur fá úr stjórnmálaheiminum, eru því þær, sem blöðin flytja, þau er stjórnmálaflokkarnir halda úti. En þeim fregnum má sjaldan treysta, því blöðin virðast eiga ókost með að skýra hlutdrægnislaust og rjett frá stjórnmálum. Þeir menn, sem nokkuð hugsa, geta því sjaldnast

hvað frásögnum þeirra, þeim er stjórnmálin snerta, því það má venjulega lesa milli línanna. Söguberinn málar sig sjálfan hvítan sem engil, en andstæðinginn svo svörtum lit sem völ er á. Það er alkunnugt að sjálfhælnir menn eru miklar frægðarsögur af sjálfum sjer, þar sem þeir eru aðalhetjurnar og yfirburðamennirnir, eru oftast óábyggilegir, og raup þeirra eigi trúandi, en getur oft verið hlálegt í gamansömum mönnum. Og má þá eigi búast við að þetta sje eins að því er snertir hina sigrandi blaðamenn? Sennilegt er það, í mínum augum.

Margir íslenskir bændur virðast hafa lítinn áhuga á stjórnmálum, og afsaka áhugaleysi sitt með því, að allir flokkar hafi mikla ókosti og því sje best að vera utan flokka og láta afskiftalaus málefnin. En slíkur hugsunarháttur er skaðlegur og óhafur. Jeg tel að íslenskir bændur eigi að hafa sem mest afskifti af stjórnmálum, svo að þeir verði fjölmennastir í þinginu og áhrif þeirra þar meiri en annarar stjettar. Því jeg er þeirrar skoðunar, að það sje öllum landslýð best að bændastjettin sje fjölmennust í landinu og áhrifaríkust á flestum sviðum. Jeg þykist viss um það, að hollara og farsælla sje fyrir þjóðina að meiri hluti hennar lifi í sveitum, í hinum dreifðu bygðum, við landbúnaðarstörf, heldur en í sjóþorpum. En til þess að sveitirnar geti orðið góðir dvalarstaðir fyrir meiri hluta þjóðarinnar, þurfa sveitamenn að halda saman í stjórnmálum. Ekki með það fyrir augum að stríða við aðrar stjettir og yfirvinna þær, heldur með það markmið fyrir augum að rækta landið og gera það byggilegra, því á því byggist velmegun eigi aðeins bændastjettarinnar, heldur allra landsmanna.

Bændur þurfa að semja stefnuskrá í stjórnmálunum, sem þarf að vera þannig, að þeir geti allir sameinast um hana, hvort sem þeir fylgja íhalds- og framsóknarflokkunum að málum. Á þessa stefnuskrá ætti að setja helstu áhugamál bændastjettarinnar, sem miða til sannra þjóðarheilla. Til dæmis má nefna eftirfarandi:

1. Að hin mesta gætni og varfærni verði viðhöfð í fjármálastjórn ríkisins, reynt af fremsta megni að losa ríkið úr þeim skuldum, sem nú hvíla á því, og forðast að mynda nýjar. Sjerstaka áherslu bæri að leggja á það, að takmarka útgjöld ríkissjóðs, sjerstaklega með tilliti til embættismanna, sem eigi mættu vera fleiri en þörf krefur. Fjárlög og landsreikningar mættu aldrei sýna tekjuhalla.
2. Að ríkið stuðli að því, að bændur geti fengið lán til jarðabóta og annara skynsamlegra búnaðarframkvæmda, gegn góðum tryggingum, með svo lágum vöxtum og hagkvæmum afborgunum sem kostur er á.
3. Að reynt verði að hagnýta afurðir landsins sem best, svo þær geti fullnægt þörfum landsmanna að sem mestu leyti, og það af þeim, sem flutt er til annara landa verði seljanlegt við sómilegu verði. Brýn þörf er á að flytja út meira af unnum vörum og fjölbreyttari en gert hefir verið, og leita nýrra markaða fyrir íslenskar afurðir í öðrum löndum.
4. Að samgöngur um landið og kringum það verði svo hagkvæmar sem kostur er á.
5. Að stofnaðir verði skólar í sveitum landsins, sniðnir eftir þörfum sveitafólks, til þess að það þurfi eigi til kaupstaðanna í mentunarleit. Skólar þessir ættu að leggja sjerstaka áherslu á að opna augu nemendanna fyrir gæðum landsins, og leiðbeina við hagnýting þeirra, glæða áhuga uppvaxandi sveitafólks fyrir hinum heilbrigðu landbúnaðarstörfum og koma því í skilning um þá margháttuðu blessun sem vinnan hefir í för með sjer. Því hjer á okkar ónumda Íslandi á iðjuleysið og ómenskan hvergi að eiga friðland.

Jeg tel víst að fleira mætti taka á stefnuskrá bændanna, en þetta finst mjer að ~~allir~~ ættu að vera aðalatriði hennar, og um þau virðist mjer, að flestir bændur landsins ættu að geta orðið sammála. En aðalatriðið tel jeg það, að á stefnuskrána yrði eigi tekið neitt það mál, sem yrði til þess að sundra bændum. Því samheldni þeirra tel jeg lífsskilyrði, eigi aðeins þeirra heldur allrar þjóðarinnar. Eftir að stefnuskráin væri samin, ættu bændur ekki að kjósa aðra menn til Alþingis en þá, er teldu sig henni fylgjandi, og veita þeim lausn frá þingstörfum, sem kynnu að bregðast áhugamálum

þeim, þá er á þingið kemur.
Jeg tel svo útrætt um þetta mál að sinni, en vænti þess að fleiri aðlandendur Oker-Þórs skýri honum frá skoðunum sínum á þeim.

—:—

Endurfundur

(Magnús Þorleifsson.)

Jeg orti ljóð, sem enginn kvað
því enginn maður kunni það,
í vetrarfönn það falið lá,
sem fölnað blóm er lagt í dá,
er kemur hríð og kólna tekur að

Og enn það maður enginn kann
það aftur þó að vori og fann:
Það syngur ljettur sumarblær
það suðar lindin fagurtær,
það kveður foss við raust í
klettarann.

Óvæntir samfundir.

Við í mundum liðin tvenn.
Hygðum kendir gaman.
Okkar fundum forlög enn
fengu kendir saman.

G. Þ. S.

Skrað.

Kunningjarabb

Jeg kom inn í kaupfjelagið um daginn og bankaði upp á hjá Hannesi.
— Kom inn!
Jeg opnaði og steig innfyrir. Jeg sá ekkert nema mannsfætur sem stóðu ofan undan helgarstóru blaði inn við borðið, sem mjer sýndist vera „Tíminn“. Jeg hneigði mig fyrir fótunum eins og siður er í „Speglinum“ að forstjórar ráðherran geri, en það varð engin hreifing, hvorki á þeim nje blaðinu. Jeg ræskti mig.
— Hum. — Góðan daginn
— Góðan dag, kom frá undan „Tímanum“.
Svo varð löng bið. Jeg var farinn að renna sjónum í kringum mig og tók þá fyrst eftir röðum af Alþingistíðindunum með fram öllum veggjum.
— Nú já, skyldi hann alla að þjóta sig fram, tautaði jeg.
Þá seig Tíminn og andlitið á Hannesi kom yfir röndina.
— Fáðu þjer sæti, sagði hann. Jeg sá bæði stól og svo pappírshnífa. Mjer sýndist stálinn hálfskakkur svo að jeg settist á körfuna, hún fór líka svo dæmalaust vel um bakhlutann á manni og þar er notað í hvað bestum stellingum til að komast í andlegt samband við náttúruna, finst mjer, eftir því sem Þórbergur skrifar.
— Þú ert þá að lesa Tímann nje jeg er, segi jeg.
— Ó já. Lest þú hann ekki?
— Nei, ónei. Ekki nú orðið. Við keyptum hann í fjelagi hjerna um árið við Gunnar Kristófersson og Karl Friðriksson. ~~En svo leystist það fjelag~~ það er að segja Gunnar borgaði en við Karl lásum. Svo leystist það fjelag upp. Gunnar lenti í „Stormunum“. Jeg fjekk Alþýðublaðið gratis þegar jeg gekk í „Hvöt“ og Karl sneri inn á þann breiða veg, sem flestir fara — jeg meina íhaldsveginn.
— Ó já það er nú svo, sagði Hannes.
— Hvað stendur nú í honum blessuðum sagði jeg — jeg meina um hvað er skrifað í honum núna.
— O. það stendur nú sitt af hverju í honum sagði Hannes. En hjerna er blað sem segir sex! Og hann seildist upp í hyllu til Alþ. tíðindanna og tók þann blað í litlu broti.
— Þetta er Harðjaxl. sagði hann, og nú skal jeg lofa þjer að heyra nokkuð skrítið.

„Frá Harðjaxlaforkunni
Vjer Oddur Sigurgeirsson af Guðs náð, Sjómannasonur skáldsonur og ritstjóri af Skaganum, kallaður hinn sterki formaður Harðjaxlaflokksins á Íslandi.
Gjörum kunnugt.
Á næstkomandi Alþingi hefur Harðjaxlaflokkurinn ákveðið að bera fram í neðri málstofunni svolátandi tillögu:
Af því mjög þykir áríðandi að allar hreppsnefndir landsins sjeu vel vakandi í allri hreppa- og sveita-pólitík og fljótar að koma auga á alt sem framkvæma má ~~fyrir~~ hreppunum til hags og sóma, en hinsvegar þykir bera á því að þær verði andlega og líkamlega sljóvgar, einkum er til lengdar lætur, þá ákveður Alþingi Íslendinga að allar hreppsnefndir skuli yngja upp, sem starfað hafa í 2 ár eða lengur.“
— Guð hjálpi mjer! sagði jeg. Hverskonar vitleysa er þetta? Yngja upp hreppsnefndir! Altaf dettur þeim eitthvað í hug.
— Já. Það fara að verða hálfkyndugir tímar sem við lifum á, sagði Hannes. En hvað skyldi hreppsnefndin hjerna segja, kalli hann við.
— Hreppsnefndin hjerna, sagði jeg. Það geta nú allir sjeð að það getur ekki komið til mála að það þurfi að yngja hana upp. Mjer finst hún, að m. k.

tyllilega áköxur og vel vaxin sína
stærð. Við getum bara látið
"verkin tala" eins og Tryggvi
Þórhallsson segir.
Því ætti sjálfsagt ekki bannað
að gleyma auglýsingunni sem
kom á Sláturhúshurðina hjá
þjer í fyrra þar sem allir
voru varaðir við því að drekka
sig fulla. Því þó því rifið
hana niður og sendir hann
aftur eins og útleiping sem
dappið hefur af Kleppi. Þá
var hún jafnljóð fyrir því.
Og því heyrist þó að hafa lekið
eftir því að síðan hefur engum
dottið í sjóinn svo menn viti,
sem oft kom þó fyrir áður, nema
sykurkassinn hans Skúla, og
ekki verður minnst lent um það.
Og ekki verður því heldur kent
um þó einhver hafi nært af
sjer hattinn í sjóinn, það hefur
koti hent þig og oddvitann
og veit jeg ekki betur en kvenfólk
ykkar brygði það. Og andsk.
komið ef gamla brennivínsber-
serkir þorðu að fá sjer neitt í
því fyrst í stað nema spyrja
hreppsnefndina leyfis.
Nei, það var áreiðanlega vel
af stað farið; þessu máli sem
fleirum hjá nefndinni enda er
þetta alt gott og skýrir menn
eins og ýmis verk þeirra bera
vitni um. Og jeg álít, at
það næsta sem hentast bæri að
gera í þessu máli sje það
að rannsaka alt sem flutt er
hjer í land af skipum og helst
að smakka á öllu fljótandi;
því áður getur spíritus verið
á þessum tunnum, ekki síður
í síldartunnunum en olíudunk-
um.
- Já, sagði Hannes, jeg skal
viðurkenna að hún hafði
nokkuð til síns máls.
- Nokkuð til síns máls!
það er altof vægt orð. Þetta
var alveg sjálfsagt. Eða
þá barnafræðslan í fyrravetur!
Fáir hefðu farið kænlegar
með það mál en hún gerði,
og sjest þar best hve afbragðs
hæfur hún er að hún skyldi
geta skilað brjefið til fræðslu-
nefndarinnar svo snildar-
lega að þó það ekki virtist
meining brjefsins þá var ómögu-
legt fyrir fræðslunefndina að
skilja það öðruvísi en svo, að
hún væri þar alvarlega áminnt
um að vera á verði gagnvart
barnafræðslunni og jafnvel vanda
um við kennarann. Eða annað
hefur mjer verið sagt frá
því. Enda var víst ekki
vanþörf á að athuga kensluna
því ekki því sem jeg hef heyrt
þá voru börnin bæði látin
læra Íslandssögu Jónasar og
hafa dæmi til heimareikninga
sem foreldrarnir gátu ekki reiknað.
- En fyrirgefðu, jeg talaði
víst ekki tilhlýðilega um Jónas
og verk hans, en sama munu
ýmsir líta á.
- O, sei sei sagði Hannes.
Við skulum sleppa því. En
hvað segir þú um þetta
nýja. Ámokunn Magnúsar

í Kolhamri?
- Já, þarna kom það! Þar
og hvergi betur sjest hvílík
hugsjónanefnd hreppsnefndin
er!
- Hugsjónanefnd?
- Já, hugsjónanefnd! Það
er einmitt það rjetta orð.
Hvern skrattann var lækn-
irinn að gera með að
fara að yngja upp karlinn
-hreppsómagann. Ekki nema
það þó! Hann mátti þó vita
það að engin mundi óska þess
að hann færi að lengja líf
hans og það ekki minna en
um ein tíu ár, þar sem
það kostar þó hreppinn
fastat eitt þúsund á ári
og bakar Tryggva mörg
óþægindin. Það var dagsatt
sagt "óþarfa fikt úr lækn-
um" eins og Tryggvi komst
að orði, enda var at honum
gremjulegt. Það lítur ekki
út fyrir at lækninum þykir
of hátt á sjer útsvarið fyrst
hann er beinlínis að stuðla
at því at hreppurinn hafi
sem þyngstan bagga að
bera. Og jeg vona að
hreppsnefndin fái hann
dæmdan til að greiða skaða-
bætur, því engin von er til
að Tryggvi hafi karlinn
með sömu meðgjöf eftir-
leiðis ef það er satt sem
Bergmann segir. A
Nei, maður á að hafa það
hugfast sem einhver for-
feðra okkar sagði at ef ein-
hver limur verður ónýtur, þá
skal sníða hann af, því betra
er að einn limur týnist en öll
heildin fyrir farist. Og nefndin
skilur þarna rjett sitt hlutverk
sem er að sjá um hag heild-
arinnar. Því hvar værum við
staddir ef allir hreppsómagar
væru yngdir upp, þegar þeir væru
komnir at endilátinu. Nú það
yrði til þess að útgjöldin
yrðu svo há at fleiri ómagar
bættust við ár frá ári og engir
gætu borgað nema efnuðustu
bjargálnamenninir og það
stæði aldrei lengi at þeir gætu
borgað. Það er þetta sem
mun hafa vakað fyrir karli
Friðrikssyni er hann hóf
að tala um skiftingu hrepps-
ins, því hann hefur sjeð sem
rjett var að þá losnaði Hamra-
tangi við hanga og ótal maga
aðra ómaga at um sveitina
sem lækninum væri trúandi
til at yngja upp á næstu árum
Gæti hreppsnefndin komið því
svo fyrir að læknirinn yrði að
sjá um ómagann eftir at
hann yngir hann upp þá væri
öllu borgið, enda stefnir hún
nú að því.
Hannes sagði. Jeg heyrði
vatn renna úr krana fyrir framan
hurðina og það minti mig á vatns-
veituna
- Í þessu nýafgreidda máli, vatn-
veitumálinu sem hreppsnefndin mat
rjetta hafi sjer af viðist mjer hún
hafa best sýnt at hún þarf ekki upp-
yngingar við, því þar kemur brent.

vel í ljós. Í fyrsta lagi að henni hefir ekki farið aftur með ~~at~~-skipun hugsunar nje góðra ritmerkja-hæfileika, sem dæma má af brjef-inu til ykkar Jónasar, sem var svo snilldarlega útbúið að það ~~varð~~ var hvorki hægt að vita það eða vefja, og í öðru lagi einnig umhyggja fyrir hreppsbúum í slíku velferðarmáli og óvenju mikil víðsýni og andlegur þroski. Og þegar um jafn ríflega fjárveitingu er að ræða og því sem þarna átti að láta í tje og jafn augljós vilji á að koma málinu sem allra best og hagan legast í gott horf þá er auðsjeð að þarna er ekki smásálarskapur á ferðinni, auðsjeð að þarna eru vandamál okkar hreppsbúa í höndum góðra og samviskusamra manna. Enda vantaði nefndina ekki ótvírætt fylgi okkar snjöllustu og bestu manna þarna á fundinum.

— Jæ, greip Hannes fram í, En nú skal jeg segja þjer nokkuð —

— Nei nú skal jeg segja þjer nokkuð. Það getur alls ekki komið til mála að þessa hreppsnefnd þurfi að yngja upp.. a. m. k. ekki meðan hún er skipuð þessum mönnum, sem eru jafn skarpskygnir og vel vakandi í öllum framfaramálum. Og þegar litið er á það, að þetta eru menn sem verða að hafa hreppsnefndarstörfin í hjáverkum og sumir þeirra hafa aldrei tíma til neins þá er furða hverju hún afkastar; og mjer finst að hreppsbúar ættu að sjá það við hana og halda henni veglegt-hóf (?) þar sem henni væri vottað viðeigandi þakklæti. Í fyrsta lagi fyrir sínar framlegu hugmyndir í öðru lagi fyrir sinn góða vilja á að láta gott af sjer leiða og í þriðja lagi fyrir það sem hún kann að geta afrekað.

Hannes brosti. Jeg sá að hann hikaði við að fara að skála við mig. Annað hvort af því að hann var á sama máli og jeg eða af því að jeg var orðinn kátleitur hátur og mælir í mig kominn líkt og ædd í pólitískum fundi.

Símabjallan gall við rjett í þessum svifum og Hannes stóð upp til að gegna. Jeg stóð upp af kollinum og hypjaði mig út. Því þarna var að fyllast af forvitnum áheyrendum og jeg kærði mig ekkert um að vera að prjedika fyrir öllum. Ekki svo að skilja að mjer væri ekki sama hver heyrði ~~til~~ þetta til mín því jeg veit að hreppsnefndin og skjöron er svo að hún spiltist við það að heyra sjer hælt.

Staka

Hygginn augu oft er byrgð.
- að því skulum hyggja.
Sannleik heitum, samt þó hylt
satt má lítinn liggja.

Vitunlidi

Það hlýnar aftur.

Norðri æddi yfir fannþakta jörðina. Hann þeytti hverri snjógusunni eftir aðra framan í Árna á Gili, þegar hann gekk heim túnið, frá húsunum. En það var eins og Árni veitti þessu enga eftirtekt, hvernig stormurinn hamaðist. Árni var svo þunglyndislegur á svipinn, að það leit út fyrir, að honum væri sama um alt og tæki ekki eftir neinu.

Skyldi það vera hinn harðneskjulegi einmánaðarstormur og ískyggilegt útlit með vorgróður sem gera hann svo þunglyndislegan? Nei, það var annað þyngra böl en kuldi veðráttunnar. Það var kuldinn milli hjónanna eða hið „misluktaða hjónaband", eins og Árni kallaði það.

En hversu ólíkt virtist lífið nú eða fyrir sjö árum. Þá lagði hann óhræddur út í það, með Huldu við hlið sér. Þá var hann hress í anda, ljettur í spori og ljek við hvern sinn fingur, þá sýndust honum allir vegir færir, fyrst að Hulda stóð við hlið honum. Hulda! henni hafði hann unnað frá æskuárum. Án hennar hafði honum fundist lífið gleðisnautt og einskisvert.

En hvernig var það nú? Nú fanst honum öll ást til hennar kólnuð. Nú sást hann aldrei brosa og ekki var hann ljettur í spori lengur. Áður var hann teinrjettur, nú var hann orðinn lotinn í herðum og þó ekki nema rúmlega 30 ára gamall. Það var eins og hann bæri byrði, sem hann væri að örmagnast undir.

Var það alveg áreiðanlegt að öll misklíðin væri Huldu að kenna? Gat ekki einhver sök verið hjá honum sjálfum? „Sjaldan veldur einn, ef tveir deila", þó var það svo nú. Ekki deildi hann við Huldu, þó að hann svaraði líku líkt þegar hún var með einhver ónot. En var það þó ekki að deila.

„Kaldur er hann enn og ekki mikið útlit fyrir að hann ætli að hlýna bráðlega", sagði Árni við Magnús vinnumann sinn, þegar þeir mættust við bæjardyrnar.

„Það getur hlýnað þegar minst varir," svaraði Magnús og bætti við í hálfum hljóðum þegar Árni var kominn inn: „Vesalings Árni, mér

líkt var á kuldanum í sál þinni, heldur en á veðráttukuldanum, og er hræddur um að þar muni seinna hlýna".

„Skelfing hefirðu verið lengi úti Árni". Það var Hulda, sem sagði þetta þegar Árni kom inn í baðstofuna.

„Þið haldið altaf að maður hafi ekkert að gera", sagði Árni önuglega um leið og hann fleygði sér aftur á bak í rúmið sitt.

Altaf þurfti Hulda að vera með þessi ónot. Aldrei gat hann gert neitt þannig að hún fyndi ekki að því. En voru þetta nokkur ónot eða aðfinsla. Það var einhver innri rödd, sem altaf var að reyna að halda uppi svörum fyrir Huldu, en Árni kæfði hana jafnóðum.

Hvað voru ónot ef að þetta voru ekki ónot. Hana varðaði víst lítið um það hvort hann var stutt eða lengi úti, henni mátti víst vera sama nú orðið hvenær hann komi inn, því að nú voru þau hætt að lifa hvort fyrir annað.

Út frá þessum hugsunum sofnaði Árni, svo vaknaði hann við það að honum var óttalega kalt. Hann var líka blautur í fötunum og hafði ekkert ofan á sér. Hann hríðskalf, svo að tennurnar nötruðu, og honum fanst hann vera svo máttlaus að hann gæti ekkert hreift sig. Honum var líka hálf illt í höfðinu.

Þannig var Árni þegar Hulda kom inn um kvöldið. Hún hjálpaði honum í rúmið og hlúði að honum sem best hún gat en kuldinn var svo mikill, að honum gat ekki hlýnað.

Loks minkaði kuldinn þegar leið á nóttina, en þá fékk hann hitaveiki og ákafan verk undir vinstra herðablaðið.

Undir morguninn sendi Hulda Magnús eftir lækninum. Þegar læknirinn kom var Árni með óráði. – –

Læknirinn var frímm. Hann hafði lofað að senda meðöl með Magnúsi handa Árna.

Hulda sat við hvílu Árna, hún mátti ekkert fara frá honum, hann var altaf að kalla á hana og tala um hana í óráðinu.

Hvar átti hún líka fremur að vera en hjá manninum sínum?

Læknirinn hafði sagt að hann þyrfti að hafa góða hjúkrun, þetta væri slæm lungnabólga, en hann vonaði að hann lifði hana af, því ╪ hann væri svo hraustbygður, en ef veikin breyttist eitthvað yrði að senda eftir sér.

Hvort hún skyldi ekki hjúkra honum. Alt vildi hún leggja í sölurnar fyrir hann. Nú fann hún það best hve heitt hún elskaði hann. Og hún hafði haldið að öll ást til hans væri útdauð í brjósti sínu.

En nú, þegar hún átti að missa hann, fanst henni að hún gæti ekki lifað án hans

missa hann. Hún gat ekki til þess hugsað.

Guð almáttugur gefi að honum batni.

Það voru erfiðir dagar hjá Huldu. Þá voru næturnar langt um erfiðari.

Aldrei mátti hún sofna rólegan blund eða víkja neitt frá hvílu Árna.

Þetta var sjöunda kvöldið sem að hann var veikur, hann mókti en svefninn var órólegur, svo órólegur að það var lítil hvíld í honum.

„Hulda! Hulda!" Það var Árni sem kallaði, í orðunum lýsti sér ást og þrá. Hulda laut ofan að honum, hann dró hana að sér svo höfuð hennar hvíldi við brjóst hans. „Hulda! Hulda! ég get ekki án þín lifað" stundi hann hvað eftir annað. Alt í einu varð andardrátturinn rólegri augun lukust aftur og bros lék um varir hans

Hulda þorði ekki að hreifa sig svo að hann vaknaði ekki. Henni var líka unun í því að hvíla við brjóst hans eins og hún hafði gert svo oft áður. – –

Það var komið fram á morgun. Heiðbjart loft og sunnanblær. Sólin skein inn um gluggann, í andlit Huldu, sem hvíldi nú við brjóst Árna

Árni var vaknaður, nú var hann rólegur og honum fanst sér líða vel. Hann vildi ekki hreifa sig svo að Hulda vaknaði ekki. En hvað hún var föl og þreytuleg. Hún hafði auðvitað vakað yfir honum. Þetta mátti hún þola hans vegna.

Hann laut ofan að henni og þrýsti kossi á hinar fölu varir hennar sem áður höfðu verið svo rjóðar

„Ó! hef ég sofið?" sagði Hulda þegar hún vaknaði rétt á eftir.

„Þú þurftir þess með, elskan mín, eftir allar vökurnar," svaraði Árni og vafði hana innilega að sér.

Það voru gleðidagar sem nú fóru í hönd. Árna batnaði dag frá degi. Hulda var altaf hjá honum, þegar hún gat. Það var svo margt, sem þau þurftu að tala saman. Bæði þurftu að létta á hjarta sínu. –

Sumarið var komið. Lækirnir fossuðu ofan hlíðarnar. Alstaðar sáust vottur þess að ríki vetrarins var að þverra. Jörðin var að færast úr hvíta vetrarhjúpnum í grænan sumarklæðnað. Hér og hvar sáust sóley skjóta upp kollinum albúin að breiða út blöðin móti vermandi geislum sólarinnar.

Sólin var að ganga undir, hún sendi glóandi geisla sína upp um loftið, svo að það var eins og glóandi eldhaf.

Úti í hlaðvarpanum á Gili sátu Árni og Hulda. Nú voru þau sæl. Sælli en nokkru sinni áður. Þau voru búin að biðja hvort annað fyrirgefningar og öðlast hvort annars fyrirgefningu

„Mikil er gæska guðs" sagði Árni

„Ráð hans eru margvíslig og kærleikar hans óendanligur," svaraði Hulda brosandi gegnum tárin og hallaði høvdinum at bróstinum mannsins síns. —

Vetyrlíði.

Hendingar.

Eftirsøkni: Auglýsing á Stóra-Samleik á Hvanhaustíð 192[illegible], so hljóðandi:

Dans

verður í kvøld í tinghúsinum hér á staðnum, frá kl. 9 síðd. til kl. 3 árd.

Aðgangur kostar 1 króna.

Kátir piltar.

Kvennafans og kátir piltar
klæðast skrúðanum,
hefja dans við hørpur stillar
húms í iðanum

Hljómur léttur hópnum stýrir
hreifast strengirnir
Cigarettum hugahýrir
hampa drengirnir

Liggja slétt á svømmum salum
silkiflíkurnar
yndislétt á háum hælum
hoppa píkurnar.

— — — — —

Þegar glæðist árdagseldur
yvir fjøllunum,
dansinum hræðist, feigur, feldur
fylgir tróllunum.

Skúli á Vøllum.

Ávarp.

Um leið og Málfundafélagið vaknar á ný til starfa, bröltir „Öku-Þór“ úr bóli sínu líkt og björn sem brýst úr híði sínu eftir vetrardvalann.

Hristir hann nú hálfstirðnaða limi og býr sig til ferðar um byggðir vorar.

Knýja mun hann að hvers manns dyrum og reyna auðans rism allra. Má þess vænta að honum verði fagnað vel og veitt af rausn og höfðingsskap og mun hann þá að gömlum þjóðarsið leitast við að launa greiðann með fyndni og fræðum góðum. Þá mun hann og fús að bera orð á milli manna og hvergi mun hann halla réttu máli, enda telur hann sér eigi skylt að svara til sakar hvað sem af kann að hljótast og á í því efni sammerkt við aðra þá er sögur bera manna á milli.

Með friði og spekt mun hann fara og engan að ásækja meiða þótt girtur sé hann sem áður fyrri maki og megingjörðum en bera mun hann hamarinn hátt og hvergi vægja eigi hann eitthvað að vega heldur hella eldhelgrar vandlætingar yfir höfuð óvina sinna.

Gömlum vinum í Málfundafélagi Hvammstanga heilsar hann með kærri þökk fyrir síðast.

— ~ —

Drög
til Hvammstanga-annáls 1927–1928.

Um leið og félag vort, Málfundafélag Hvammstanga rís upp á olnbogann eftir nálega 2 ára ótruflaðan svefn, þykir oss hlýða að litast um í heiminum og sjá hvað gerst hefir á þessum tíma

Kjósum vér helst að fara rétt tvö ár aftur í tímann og athuga gang málanna þaðan í frá til þessa dags.

Vitanlega má búast við að oss sjáist yfir margt og eins kann að koma fyrir að sumt verði ekki alveg áreiðanlegt í frásögn vorri, því minni getur bilað og viljum vér strax taka fram að vér áskiljum oss allan rétt til leiðréttinga síðar meir.

Nú skulum vér byrja á því

að athuga hvernig fór um Málf.fél.
hvernig það stóð fyrir rétum 2
árum eða í Nóvember byrjun
1926 og hvernig lífi þess var
háttað þann vetur er í hönd
fór.
Ekki verður annað sagt, en
að fjelagið færi allmyndarlega
af stað eins og fyrri daginn
enda átti mikið að gera.
Byrjaði það nú eins og næsta ár
áður, með hreinlætis- og
heilbrigðismálum. Þá átti að
aka burtu öllum mykjuhaugum
í bænum, en koma upp smá-
húsum úr timbri í þeirra stað.
Var það auðsjáanlega mikill
fegurðarauki. En nú ~~átti~~
var byrjað með vatnsveitu um
allan bæinn.
En það var nú fljótt séð fyrir
endann á því máli. Hrepps-
nefndin okkar – ekki sú sem
nú er heldur sú sem var – sem
oftast var fljót til þegar hætta
var á ferðum, var ekki sein
á sér, að setja stopphana í
þær ráðagerðir og pípulagningar
svo ekki varð um pípuvatn að
ræða eftir það. Er bót í máli
að Hvammsá þrýtur ekki enn,
og virðist vera alveg óþarfi að vera
að kosta til vatnsveitu, um
bæinn, meðan hún getur nært
oss á svona ódýran hátt. Og
lítum vér svo á, að meðan ekki
eru sannanir fyrir því, að nátt-
úran sé tæmd og þvegin í
henni frá Hvammsmönnum, þá
getum vér neytt róleg þess svala
og tæra vatns, sem hún hefir
að bjóða.
Þá var og fljótlega annað
þarfamál á dagskrá hjá fél.
Var það um elliheimili og um
nauðsyn þeirra. Ekki var þó
nein ákvörðun tekin um að
koma slíku á fót hér í bráð.
Mun fremur vera hallast að því
að gamalmenni og þurfalingar
séu yngdir upp, fyrst svo
vel tókst með Magnús í
Kothvammi.
Þá gáfu einnig 2 félagar
sig fram með mál er þeir
kölluðu gróðrarstöð. Þeir
Sig. Pálmason kaupm. og Þorv.
Jónasson núverandi bílstjóri
en þáverandi daglaunam.
Mun Sig. hafa ætlað að tala
um venjulegar gróðrarstöðvar
með blómum og jurtum, en
Þorv. um andlega gróðrar-
stöð.
Hvorugt þeirra mála komst
að á fundum. Fanst oss að
það hefði líka verið hálfgerður
óþarfi, þar sem oss sýnist
margt þrífast hér fullvel
og hvað sem veraldlegri gróðr-
arstöð líður, þá getum við
allir verið sammála um, að
andlegur gróður er hér í besta
lagi og virðist því algerlega
óþarft að koma upp þess-
konar gróðrarstöðum. Unnum
vér þó alls ekki að vantreysta
flutningsmönnunum á þessu
sviði, því báðir eru þeir vel
færir, hvor á sinn hátt.
Ýms önnur mál var minst
á er leið á veturinn

svo sem þegnskylduvinnuna,
en mörg mál komust ekki að,
og er leið tók að ~~vetrinum~~
miðjum vetri tók að koma
kyrkingur í félagslífið og það að
þjást af andþrengslum, svo lítið
varð um starfsemi. Stafaði þetta
aðallega af tvennu: Fyrst því
að ýmsir góðir félagar brugðu
sér til Reykjavíkur seinni part
vetrar eins og t. d. Karl Frið-
riksson og Sig. Davíðsson og
svo af hinu að önnur félög
komust í stofn og uxu Mál-
f. félaginu yfir höfuð, eins
og síðar skal minst á.
Eitt af þeim málum, sem
varð að sitja á hakanum
og bíður enn er mál sem
Baldv. í Helguhvammi ætl-
aði að flytja og kallaði
„Framtíðarmál". Aldrei
vissu menn hvaða mál
þetta var, en ýmsum getum
var að því leitt. Sumir
sögðu að það væri barna og
bindindismál en aðrir héldu
að það væri brennivínsmál
eða bara mjólkurmál. Ein-
hver stakk upp á að það væri
síldarmál, af því Krossanes
málin voru svikin; aðrir héldu
í fífraði sínu að þetta væri
nýtt tungumál, sem gamli
maðurinn væri að finna upp
og héldu þá helst að það væri
fuglamál
Sumum datt í hug að
þarna væri nýtt húsamál
eða þá breyting á metramál-
inu. Er líð fyrra ekki ó-
sennilegt, því nokkru síðar
birti Ísafold frásagnir um
húsamálningu eina afar
merkilega. Læknir var ekki
óhræddur um að þetta
væri skaðabóta- eða saka-
mál út af aðgerðinni á
Mauga. En ekkert hafð-
ist upp úr Baldvin og
málið er ennþá fram-
tíðarmál og verður a. m.
k. fyrst um sinn, því
nú er Baldvin sem stendur
fyrir austan fjall.
Heldur tókst báglega
að stofna til umræðukvölda
um sýslufundinn, svo sem
gert var árið áður. Þá varð
síðasta afrek fundarins
það, að umræður fóru fram
eitt kvöld um sullaveiki
og pólitík. Hefir oss verið
sagt, að þrátt fyrir það að
málum þessum var haldið
mjög vel aðgreindum um
kvöldið, þá muni ekki ör-
grant um að þau hafi
blandast hjá sumum og
lýsi sér sem pólitísk
höfuðsótt er ku vera
mjög hvimleið veiki og
ill viðureignar.
Er nú sögu Málf.fél.
lokið í bili, því eftir þetta
hvíldist það vel og rækil.
þar til nú þann 17 nóv.
þess herrans árs 1928 að
það reis upp við dogg ~~og~~
néri stýrurnar úr syfjuðum
augum og fór að prófa
hvort allir limir væri

lagi og hvort nokkuð væri
hægt að hreifa þá. Er það nú
farið að bólla á fólki og
vonum vér að það geti nú
staulast eitthvað fram eftir
vetrinum ef tíðin verður góð.

Snúum vér oss nú að
því að nefna ýms önnur félög
er upp risu í ársbyrjun 1927
og seinni part þess vetrar.
Gerum vér það bæði af því
að það er einn merkilegur
þáttur í sögu bæjarins og
auk þess gripa þau, sum a.
m. k. beint og óbeint inn
í starf og líf Málfunda-
félagsins.

Hefur það vakið allmikla
undrun þjóðarinnar hve
mjög hefur blómgast félags-
líf hér í bænum þessi 2
síðustu ár. Hefir bærinn
vakið eigi alllitla eftirtekt
á sér um land alt, og hafa
ýmsir merkir menn þjóð-
arinnar fundið ástæðu hjá
sér til að koma hingað
sér til ánægju og bænum
til virðingar. Má þar t. d.
nefna gamansöngvarana Gísla
Ólafsson og Hannes Björnsson
og stjórnmálamennina Ólaf
Thors, Hannes dýralækni,
Magnús Guðmundsson (sem
kom tvisvar), ~~og Ólaf nokk-
urn Bjarnason frá Akri~~
Jónas dómsmálaráðherra og
Ól. nokkurn Bjarnason frá
Akri. Hafa þrír hinir síðast-
töldu allir komið á kon-
ungsfund. — Ef hinn vinst

til og ástæður eru fyrir hendi
munum vér síðar gefa sundur-
liðaða skýrslu yfir helstu
gesti, er í bænum hafa dval-
ið á þessum 2 árum. En
eins og gefur að skilja verður
allmikið verk að tína úr
gestabókum allra 3ja gisti-
húsanna yfir svo langan
tíma.

Snúum þá til þess, sem
frá var horfið. Glímu-
félag tók til starfa eitt-
hvað um áramót 26–27
Starfaði vel allan þann vetur
og hélt eina virðulega skemt-
un með glímum (8 m. fl.)
dansi og upplestri (Þorvaldur
Jónasson) sem tókst vel að
vorum dómi enda þótt Ísbólfi
fyndist fremur fátt um.

Félagið nefndist „Kári“, en
af hverju vitum vér eigi
því lítið var þar um vind-
gang, nema helst á æfing-
um eins og oft vill verða
þegar menn eru misjafn-
lega fyrirkallaðir og verða
fyrir ýmiskonar innbyggi
áreynslu. — Var Karl bygg-
ingameistari Friðriksson sá
er best gekk fram í þeim
félagsskap og mega allir
honum þakklátir vera
fyrir slíkt starf. Afilok
þess félags urðu samt fyrr
en varði og þau að það
ári síðar leystist upp í annað
félag, sem áður hét „Knatt-
spyrnufélag Hvammstanga“,
en kallast eftir sameining-

una Íþróttafélag og hefir alls-
konar íþróttir á stefnuskrá
sinni jafnt geistlegar sem
veraldlegar.

Þá var um svipað leiti og
glímufélagið stofnað svonefnt
Skákfélag Hvammstanga
Er mælt að það sé afkom-
andi Málfundafélagsins
og arfþegi þess. Óhætt
mun að fullyrða að ekkert
hafi vakið athygli lands-
manna á Hvammstanga
sem það félag, nema ef
vera kynni hafskipa-
bryggja Sig. Pálmasonar.
Barist hefir það við ýms
merkustu og frægustu tafl-
félög þessa lands og ná-
grannalandanna og
hvervetna hlotið sigur eða
svo að segja. Marga nótt
hafa félagsmenn vakað
og beðið og barist og jafn-
an haft, ef ekki sigur
þá hól svo sem alko-
hol. Fremstir hafa
þar staðið Ófeigur nokk-
ur frá Barði og héraðs-
læknirinn. Hafa þeir
báðir sýnt af sér hið
furðulegasta sálar-
þrek í slíkum raun-
um, svo sem og aðrir
hafa gert t. d. Sigurður
Pálmason, Eiríkur, Sig-
urður í Hvammi o. fl.
sem óþarfi er að telja.
Verður slíkum mönnum
seint fullþakkað starf átt
sem orðið hefir til að lypta
vestursýslunni upp og í tölu

merkustu sveita landsins.
Er óskandi að félag þetta
eigi langt og skuldlaust
líf fyrir höndum.

Þá risu upp á miðjum vetri
sama ár 2 önnur félög, sem voru
nokkurs konar taflfélög. Annars
áttu þau víst í byrjun að hafa
margt til meðferðar, en reynslan
varð sú að þau sofnuðu þegar leið
á útmánuði og sofa víst enn.
Ekki fengust þau meðan þau störfuðu
við annað en skák og dans.

Var annað fyrir telpur og nefndist
Hekla. Ekki höfum vér getað fengið
upplýst hvernig á því nafni stóð.
Höfum vér helst sett það í sam-
band við kaffibætinn „Hekla“
þannig að það ætti að vera n. k.
surrogat á hitt félagið, enda slógu
þau sér saman, þegar um dans
var að ræða. Hitt var fyrir drengi
og nefndist Grettir. Er jafnmikil
hula yfir ástæðu fyrir slíku
nafnvali sem á hinu. Má
vera að það hafi ætlað að gera
mörg grettistök og stór. Ekki
þykir oss líklegt eins og sumir
hafa getið sér til að það ætti
neitt skylt við formennina,
sem voru 2 upphaflega. Því vér
höfum ekki getað séð að þeir
væru neitt grettari en aðrir menn
en báðir eru þeir taldir hrausti
vel.

Kvenfélag reis hér upp þennan
sama vetur og þótti það nýmæl-
mikið og einsdæmi enda áttu
menn þá von á stórtíðindum
og jafnvel harðindum, en hvor-
ugt varð. Sögðu sumir að flest
mundi það láta sig varða bæði

á himni og jörð, en ekki getum vér borið því á brýn neinn ungurgapahátt, hefir það þvert á móti sýnt praktiskan sans og sigrandi lukku. Byrjaði það með grímuballi einu mjög sómasamlegu. Urðu að vísu dálitlar sprengingar og eldglæringar er sem hæst stóð, en vér höfum ekki heyrt að neinn hafi orðið skotinn. Einnig fór það af stað með mannasýningar, sem nefndar voru „tableau“ en eiga þó ekkert skylt við tafl.

Þá skulu nefnd tvö félög ~~sem~~ enn er upprisu vetur þennan og störfuðu fram undir vor eða jafnvel eitthvað meira. Eru þau talin pólitisk.

Bæði fæddust þau að nóttu til eins og oft vill verða um slíka viðburði hjá æðstu skepnu jarðarinnar — manninum.

Annað kallar sig Framsóknarfélag Vestur-Húnavatnssýslu og kvað ekkert vera sérlega matvant hvað félaga snertir, þannig að skilja að það útilokar engan frá að gerast félagi í því — hvorki bændur framan úr dölum né verkamenn á Hvammstanga. Þar er ekki farið í manngreinarálit þó til veisluhalda sé stofnað og ekkert kvað þar vera tekið til stéttar kyns né hörundslitar, en um trú og skoðun (pólitiska) kvað vera spurt og gengið ríkt eftir enda fór

svo, að jafnmikill frjálshyggjumaður sem B. Eggertsson gekk fljótlega þaðan ~~og úr~~ af fundi og inn í hitt, en hrökklaðist þaðan jafnharðan ásamt Jóhannesi bílstjóra.

Það félag fæddist síðar og gekk fæðing þess fremur erfiðlega þrátt fyrir góða aðstoð læknis, prests og ljósmóður ektamaka. Hlaut það í skírninni nafnið Stjórnmálafélag bænda í Vestur-Húnavatnssýslu. Er nafnið langt og slitrótt eins og gert var ráð fyrir að æfi þess yrði. Er sagt að það sé allt heldur þrengra og takmarkaðra en hitt. Þó aðeins hvað ytra form snertir. Þar á víst að vera fátt um aðra en bændur og það jafnvel aðeins betri bændur. Samt hefur oss skilist að ekki verði þar amast við vel gefnum kaupmönnum einkum ef þeir hafa búskap að bakhjalli.

Bæði félögin ætluðu að starfa að heill og hag þjóðarinnar. Og af sannri föðurlandsást voru luktir tendraðar, sem áttu að lýsa til starfa í þágu ættjarðarinnar.

Ýmsir hafa látið þau orð falla að óþarfi væri að félögin væri tvö, nema um tvær ólíkar stefnur væri að ræða. En vér skiljum vel ástæðuna til slíks fyrirkomulags: Hundrað menn sem skifta sér í tvö félög þurfa minna húspláss til fundarhalda en ef eitt félag væri. Og hér eru fundarsalir ekki stórir eftir því sem vestanblöðin segja.

Þá var loks í ársbyrjun sama ár stofnuð hér stúka af Alþjóða Reglu Góðtemplara. Þótti sumum það mikil tíðindi og ill en aðrir glöddust mjög og sögðu að nú yrði sopinn dýrari, þar sem færri yrðu um hann.

Virðist stúka þessi hafa haft ýmis góð áhrif á bæjarbúa. Og alveg hefur hreppsnefndin losnað við það að banna með uppfestum auglýsingum öll drykkjulæti og svínarí á götum úti. Hefur allt þesskonar með öllu horfið eða þá að minsta kosti slegið inn.

Söngur heyrist nú aldrei á götum úti að nóttu til. Vera má að þetta dragi eitthvað úr sönghneigð fólks, en ekki höfum vér þó heyrt Ísólf kvarta yfir kirkjusöngnum ennþá. — Enginn hefur heldur dottið í sjóinn við skipakomur og er gott að vera laus við þá hættu.

Allfjörlega hefur stúka þessi starfað. Hafa fundir verið alltíðir, smáskröll og opinberar samkomur eins og vera ber. Þó hefur sumum ekki fundist nóg af þessu öllu og sagt sig úr félagsskapnum. En ekki vitum vér til þess, að þeir karlar og konur hafi fallið fyrir freistingunum og gengið Bakkusi á hönd. Þökkum vér það allt áhrifum stúkunnar.

Eigi vitum vér hvort þau áhrif hafa borist út um sveitir frá stúkunni en nokkuð er víst að fullyrt er að heimilisiðnaður hafi vaxið þessi tvö síðustu ár. Leyfum vér oss í þessu sambandi, að minna á grein er Baldv. Eggertsson reit í Oku-Þór fyrir nál. 2 árum, og svo á öll skrif Sigurjóns á Álafossi um sama efni. —

Nú höfum vér skýrt frá stofnun þeirra félaga er upprisu hér á þessu tímabili, sem um er getið. Munum vér nú hverfa frá þeim og snúa oss að einstökum atburðum sem gerst hafa meðal vor á sama tíma. Dylst oss eigi að þar verður all erfitt um vik og úr mörgu að velja. Mega lesendur vorir ekki búast við, að allt verði það í letur fært, heldur það sem einhverju máli skiftir. Ef einhverjum finnst vér tala óljóst skal þetta skýrt með dæmum:

Dæmi I

Sigurður Davíðsson drepur á einum klukkutíma fjóra blöðruseli með Teitsbyssugarminum fyrir utan landhelgi hérna á víkinni og verður ofsakátur yfir, miklu kátari heldur en þó hann hefði sinn í kappskák.

Þetta teljum vér óþarft að taka með.

Dæmi II

Ágreiningur mikill varð milli Hvammsbanda og ýmsra sjómanna á Hvammstanga út af nokkrum smokkum sem rak hér á land síðast liðið ár.

Þetta munum vér geta um af því þar hefst mjög merkilegur þáttur í verslunarsögu landsins.

Opið bréf

til Málfundafélags Hvammstanga.

Góðir hálsar!

Það er mikið gleðiefni að fél. okkar gamla og góða skuli vera vaknað af dvala þeim er það hefur legið í nú undanfarið.

Eigi veit ég hvað vakning þessi veldur, en sennilegt þykir mér að það sé fjörbrotum fráfarandi stjórnar að þakka. En þetta er nú aukaatriði. Aðalatriðið er að félagið er tekið til starfa á ný með nýja, öfluga og ötula stjórn í broddi fylkingar svo nú ætti eitthvað að vinnast á og það gerir það líka einungis ef við viljum það allir félagsmenn. — Það er svo fjölda margt til að vinna, verkefnin eru allstaðar fyrir hendi ef menn hugsuðu út í það. Í lögum félagsins er sagt að tilgangur þess sé að kenna mönnum að láta í ljósi skoðun sína rökrétt í ræðu og riti, þetta er nú gott og blessað. En nú vil ég gera athugasemd:

Til þess að við, sem erum óvanir að tala stöndum upp til að halda ræður, verðum við að hafa verulegan áhuga fyrir málefninu, hvað framkv. þess snertir. Með öðrum orðum. Við verðum að vita það að annað og meira liggi á bak við en meiningarlaus orð og ráðagerðir. Það er enginn það litilmenni, að hann láti mál fara fram hjá sér til framkvæmda, sem máske snerti viðkvæmustu strengi hjarta hans og hafast ekkert að. Nei, hann léti ekkert hindra sig, en berðist af alefli með eða móti.

Ég vil að hver og einn velji sér það málefni, sem hann hefur áhuga fyrir og ef það gengur í gegn um fundina, þá sjái félagið um framkvæmd þess. Ef þetta lag kæmist á, þá væri félagið búið að ná tilgangi sínum fullkomlega.

Við eigum að standa og starfa saman og kenna hver öðrum, allir hafa gott af því og enginn veit of mikið. Og við eigum að hafa það hugfast að enginn verði útundan og að allt sé athugað, þótt smátt virðist og fátæklegt í fyrstu, þá getur það vaxið og þroskast — ef vel er hlúð að því — meir en nokkurn grunar og það er vel farið ef við getum á þann hátt kent hver öðrum að þekkja sjálfa okkur og ég vil í sambandi við þetta minna ykkur á hin fögru orð Guðm. Magnússonar:

„Munið það og hugsið um það, að fyrsta sporið til sannra sæmdar er það að þekkja sjálfan sig.“

Jæja, góðir félagar. Ykkur leiðist nú máske þessi prédikun en ég vona að þið takið það ekki illa upp fyrir mér og virðið viljann fyrir verkið, því ég er slíku óvanur.

En nú verð ég að fara að flýta mér, ~~því~~ og slá botninn í bréfið, því Oku-Þór, heillakarlinum leiðist að bíða, en hann var búinn að lofa mér því að koma bréfinu til skila og það er ekki hætt við öðru en hann geri það.

Að endingu óska ég fél. okkar langra og góðra lífdaga

Virðingarfyllst

Hvammstanga 28 Nov. 1928

Karl Halldórsson

Vormorgun í Reykjavík.
(Karl Ingvar)

Hér við þjóðar höfuðból
hrynur glóðum sænum.
Er að bjóða ylrík sól
öllu góðan daginn.

Lítill þáttur
úr framþróunarsögu Hvammstanga.

—

Góðir hálsar!

Konur og menn!

Vér getum ekki stillt oss um að stinga niður penna og rita lítið eitt um þá merku tíma, er vér lifum og hrærumst á og verður oss þá fyrst að líta yfir heimili vort, Hvammstanga. Og hversu mikla undrun vekur það hjá oss hvað bæ þessum hefir fleygt fram, sérstaklega á 2 síðustu árum, í einu sem öðru. En vér munum hér einungis taka byggingar til athugunar í þetta sinn.

Ef vér nú lítum yfir árið 1927 getum vér ekki annað en dáðst að því í hjörtum vorum hvað ýmsir einstaðingar þessa staðar hafa unnið stórkostlega sigra á örðugleikum lífsins; má þar til nefna að Sigurbjörn Teitsson reisti sér all veglegt íbúðarhús og er það, þrátt fyrir hans einlífi svo stórt að honum væri í fyllsta máta óhætt að staðfesta ráð sitt, enda þótt slík fyrirtæki útheimti venjulega töluvert húsrúm er stundir líða fram.

Þá má og að maklegheitum minnast þess að jungfrú Björg Sveinsdóttir reis úr rústum hins gamla og geðþekka Verkamannabæjar og nam sér

land fyrir norðan Ingimar.
Á þessum hæsláða velli
reisti þingfrúin hina veg-
legustu byggingu helming
úr torfi og helming úr timbri
klæddu Teopal. Torfverkið
annaðist rafvirki vor Nr. 2 og
vann 8 stundir á dag til að
geðjast kommúnistum, en
tók kaup fyrir 10 stundavinnu
til að þóknast sjálfum sér
Trésmíðið önnuðust góðkunn-
ingjar vorir þeir Jónas á Mála
og Sigurbjörn Teitsson tóku
þeir visst kaup á dag en
unnu flesta daga 14 stundir
einungis til að fullnægja
störfslöngun sinni. Getum
vér eigi annað en dáðst að þeim
glæsilega mismun, sem hér
virðist koma fram á mann-
legum þanka. –
Þá reisti Ingimar all
veglegt og traust geymsluhús
norðanvert við íbúð sína
og skoðum vér það sem glöggt
og óbrotgjarnt merki þess,
hvað menn geta, ef þeir vilja.
Þá viljum vér og geta þess
að Ísólfur Þ. Sumarliðason lét
smíða salerni við hús sitt og
mála all fagurlega. Teljum
vér þetta einn af þýðingar-
mestu þáttum í lífi Ísólfs
því hann er maður giktveikur
orðinn og þyldi því mjög illa
að ganga langan veg í mis-
misjöfnu veðri til örna sinna
Þvínæst lét gestgjafi vor
Sveinbj. Jónsson reisa tign-
legt salerni við hús sitt og
er öllu meira í það spunnið en
hjá Ísólfi, því innangengt er í
það og teljum vér það stór þæg-
indi t. d. ef ófrískar konur hefð-
ust við á hótelinu að þær þurfi
alldrei út að fara þegar kalt er
í veðri og svo er praktiska
hliðin á þessu fyrirkomulagi,
sem vér getum ekki annað en
dáðst að, að með því að hafa
innangengt í salernið sparast
alveg ölmusunakaupa hjá Sig.
Dao. en slíkar vörur eru all-
dýrar enda þótt á útsölu-
tímum sé hvort heldur þær eru
notaðar til þefbætis eður drykkj[ar]
Þá finnst oss skylt að minn-
ast þess að 2 akbrautir voru
byggðar hér upp úr bænum önnur
fyrir norðan ána, en hin fyrir
sunnan. Sú hin norðari brautin
var byggð fyrir sýslufé og stjórn-
aði Björn Þorláksson verkinu
og fór það í alla staði mjög vel
úr hendi enda er Björn maður
vandaður til orðs og æðis og er
verkið honum til sóma, en
sýslubúunum til gagns og gleði.
Hin syðri brautin sem ligg-
ur í sveig fyrir ofan vöru-
geymsluhús Sig. Pálmasonar
var byggð fyrir hreppsfé, en
til afnota fyrir Sigurð Pálma-
son og teljum vér það mjög svo
þarft verk, því áður en braut
þessi var byggð mátti oft heita
alófært fyrir Sigurð að koma
áburði á túnið sitt, sem
er fyrir sunnan Ingimar.
Höfum vér sannfrétt að í
starkinu þar sem brautin
liggur nú hafi Friðrik verri
séð mest tvísýni á lífi sínu
sitt sinn er hann var þar á
ferð í verkstjórnarerindum fyrir
Sigurð og Ríkissjóð í sameim-
ingu. – Verkstjóri við braut
þessa var hinn valinkunni
Magnús vesamoistari Þorleifs-
son og tókst honum prýðilega
þarna sem annarsstaðar. Vér
finnum til sannrar ánægju yfir
því að braut þessi skuli vera
byggð, því nú getur Sigurður
vinur vor keyrt kúamykju
sína hvenær sem vera vill,
bara ef brúnn finnst, sömu
leiðis getur hann hvenær sem
honum dettur í hug keyrt upp
í flögin sín bútung þeim, sem
ekki selst fyrir þá einu sök, að
hann hefir verðlagt hann nokk-
uð hátt af einskærri velvild
við sjálfan sig
Þá hyggjum vér að búið sé
að taka fram það helsta, er
gerst hefir á sviði bygginga
hér það herrans ár 1927 og
viljum vér því ögn drepa á
umbætur þær sem hinir og
aðrir hafa framið hér í ár
Er þá fyrst að byrja á því að
kaupm. vor Sig. Pálmason
ljet byggja hafskipabryggju
suðaustanvert við bryggju-
stúf K. V. H og skemma út.
Er þetta mjög vandað og fag-
urt smíði, með ótal horn-
um og geilum eins og alldrei
hafi verið ákveðið hvaða stefnu
hún skyldi hafa á sannleikt
og kunnum vér Sigurði skorar
þakkir fyrir verkið. Mikla hafnar-
bót teljum vér þetta fyrir sjó-
menn vora, því eftir því sem
oss er tjáð mega þeir nota
hana án endurgjalds á meðan
þeir eru að leggja inn fisk hjá
Sigurði og selja Jóhanni blá-
gómur. – [Alt sterk] mun
bryggja þessi vera enda er hún
samanrekin af þrem þjóðfrægum
smiðum sem sé þeim Jóhannesi
Eggertssyni, Snæbirni Guðmunds-
syni og Birni hreppsnefndar-
manni, öll úr nýjum og
rennilegum trjástubbum og
kassafjölum og svo langt er
hún byggð í sjó fram að „Súlan“
stendur með glans við fremsta
bukka hennar um hálffallinn
sjó – ef Kobbi stýrir.
Þá má og geta þess að við
innri enda bryggjunnar lét
Sigurður reisa feikna stórt
fisk- og saltgeymsluhús er
það að öllu leyti með ný-
tísku sniði enda var Jóh.
Eggertsson þar yfirmaður.
Þá viljum vér næst geta
þess að á síðastliðnu vori
byggði Guðm. Jónsson form.
vor all fagurt íbúðarhús syðst
á svo nefndum Magnúsar-mel
og til frekari skýringar í
norðvestur af húsi því, sem
ýmsir nefna Carlsberg en
aðrir Pilsbury. Þetta hús
Guðmundar er í alla staði
hið vandaðasta enda hefir
Guðjón almáttugur verið ölu-
vert við innréttingu þess, en
fyrsti meistari við það var

Gústaf Adólf ekki Svíakonungur heldur húsmaður á Bátkastöðum og tengdasonur Bergsveins. Hús þetta hefir einkum kost fram yfir öll önnur hús hér á staðnum, sem sé þann að gluggar þeir, sem tilheyra efri hæðinni eru spölkorn fyrir ofan þakið og teljum vér slíkt mjög heppilegt, því með þessu fyrirkomulagi er engin hætta á að viður brotni þó einhverjar hreifingar eigi sér stað innan veggja.

Kunnum vér Guðmundi vorar bestu þakkir fyrir nýbreytni þessa.

Þá viljum vér geta þess að K. V. H. lét smíða nokkurs konar forstofu við svokallaðan gamklefa, sem ýmsir hafa nefnt Ísólfsskála og teljum vér það með því þarfasta, sem K. V. H. hefir látið vinna a á liðnu ári, því árið hefir verið kaldsamt fyrir Ísólf á undanförnum haustum, að standa allan daginn í klefanum, enda þótt hann hafi haft stóra trefilinn sinn um hálsinn, og bíða eftir því að miður áhugasamir fláningsmenn reittu skinnbjálfana af skjátunum. Samgleðjumst vér Ísólfi af alhug yfir þessari byggingu, en kunnum K. V. H. vorar bestu þakkir.

Þá lét og sama firma reisa 2 allvegleg salerni fyrir verkafólk, og standa þau fyrir vestan hina svonefndu óhreinskúra og urðu verkamenn þessum auknu þægindum svo fegnir að sumir hverjir dvöldu langvistum á salerninu í haust og máluðu á veggi þess ýmsar myndir úr hugsanalífi sínu, mjög svo haglega gerðar, já, svo vel gerðar að Sæmundur má fara að gá að sjer ef hann vill bera hærra hlut frá borði málaralistarinnar heldur en salernislistmálari vor.

Þá viljum vér með ánægju geta þess, að á umliðnu hausti byggði útgerðarkomthúsmaður Sigfús Jónsson frá Almenningi sér tvílyft hús meður skúrþaki. Er það að öllu leyti hið reisulegasta, stendur í landnorðurhorni á lóð gestgjafa vors og er því af mörgum nefnt „Garðshorn". Það er enn eigi fullgert og vinnur þó Jónas á Múla að ~~[illegible]~~ smíðinu og lætur Sigfús síst á sér standa, því til sönnunar má geta þess að hann brá sér nýlega til Reykjavíkur og gerði þar ýms innkaup, og síðast þegar Esja kom hér fékk hann „spýtur í loftið" og svo sakir hann „stoppið" fram að Melstað jafnóðum og það vantar. Efumst vér ekki um að bygging þessi verður Sigfúsi bæði til gagns og gleði.

Þá er loks komið að veigamestu byggingunni Rafstöðinni

Til íhugunar.

(Halldór Sigurðsson)

Ætla sýslubúar nokkuð að gera til þess að eignast eitt herbergi í Stúdentagarðinum? Mál þetta hefur verið til umræðu í sýslunefndinni, en ég hef ekki séð hvað í því hefur verið gert. Hygg að það hafi dagað uppi. Ef við hugsum okkur þetta, að eignast herbergi þarf að vinda bráðan bug að framkvæmdum; því nú verður farið að byggja Stúdentagarðinn. Vill Málfundafélagið nokkuð ýta á þetta mál á næsta sýslufundi og hefur sýslan ráð á að leggja fé til þessa. Það þarf að athugast hvort sýslubúar hafa vilja og hug á þessu, þrátt fyrir það að sýslunefnd virðist alveg áhugalaus. - - -

Hvað hugsa menn um Alþingishátíðina 1930? Það er ekki nema hálft annað ár þar til hún verður. Vafalaust ætla margir héðan úr sýslunni þangað, en hefur nokkuð verið hugsað um, að sú för geti orðið sómasamleg? Hvað hefur sýslunefndin gert? Ekkert. Nema helst það að vera á móti því að samtök yrðu meðal sýslubúa um undirbúning þeirrar farar og um þáttöku í henni. Þaðan hafa heyrst raddir um að hver kæmi þangað með sinn tjaldkumbalda og þeim yrði svo dreift um Þingvöll eins og taðhraukum á völl. Væri nú slíkt fagurt og smekklegt? Og verður það leyft.

Skyldu ekki sýslur yfirleitt hafa samtök um að koma upp stórum tjöldum, til afnota fyrir sýslubúa og væri ekki myndarlegra að eitthvert skipulag yrði haft á þátttöku héraðanna í hátíðinni t.d. að allir sýslubúar komi saman á Þingvöll, og fari þaðan saman og þar fram eftir götunum. Mjög ríður á að hátíð þessi fari vel fram og verði landinu til sóma. Hvert sýslufélag getur átt drjúgan þátt í hvort svo verður eða ekki. Allir Íslendingar eiga að vera samtaka um að hún fari sem allra best fram því engin þjóð í heiminum getur haldið slíka hátíð sem við. Fegurð og frægð Þingvalla á það skilið að slík hátíð sem þessi varpi ljóma yfir þjóðina og það land sem hún byggir.

Vill Málfundafélagið nokkuð gera í þessu máli eða er nokkuð hægt að gera ef sýslunefndin

vill því engu sinna. – Allir
sem ætla sér á Þingvöll 1930
verða að hugsa um þetta mál
og það í tæka tíð. En það er
mikið mein okkar Íslendinga
hve seinir við erum að hefjast
handa og hve lengi við liggjum
fram á lappir okkar, þegar nóg
er að starfa og skyldan og
þjóðarsóminn kalla að

— ... — ... — ... —

Kveðið
við lát Jóns S. Bergmanns

Dauðans á kaft dörinn skær
dvínar hörpu kliður.
Foldar til nú fallinn er
ferskeytlanna smiður.

Bergmann jafnan fjúft og létt
lék á hörpu strengi
Fáks og tíðum fjörgan sprett
fékk um Braga vengi

Svift nú erum sónarklið
samt mun ennþá snjalla
harpan sú um hvarra svið
hljóma lóta gjalla.

Veturliði

Heimur versnandi fer.

Nú nálgast blessuð jólin. Kerti
eru keypt, kökur bakaðar. Pottar
á hlóð settir. Hangikjöt bryt-
að og soðið og laufabrauð skor-
ið og steikt. Liðin sú öldin
er, þá steypt voru stærðar kerti
í mótum og Kongaljós kveikt

Erlent glingur útrýmir innlend-
um gagnsmunum
Hugur margra leitar upp til
hæða á hátíðinni, en dvelur
þar skamma stund og sekkur
niður og nálgast magann, sem
er drottinn ýmsra á þessum
síðustu og verstu tímum, því
flestir virðast gleyma helgi há-
tíðarinnar eða minnast hennar
nær eingöngu með kökuáti og
kaffidrykkju. Þykjast menn at
meir er þjóra, en gá þess ekki
að það er til spillingar líffær-
um líkamans og sálarinnar,
dregur fram dýrið í manninum
að hinu veraldlega frá öllu and-
legu
Hér sannast sem víðar orð
meistara Hallgríms er hann
segir: „Heimur versnandi fer"
Það er munur fyrri tíða, þegar
fæðingarhátíð frelsarans var
helguð og haldin dýrðleg með
bænum kirkjugöngum og hús-
lestrum með söng andlegra
en ekki veraldlegra versa, þó
að hver hafi þá kurgið með
sínu nefi svipað og nú og
verið dálítið misfljótir með er-
indin stundum þeir seinlátur
eins og Sirak hálfnaðir er þeir
bráðlátu sem Bjarni á Leiti
voru búnir. Sönguinn varð þó
til að draga hugann að minsta
kosti að nokkru leyti frá mag-
anum á meðan að á honum
stóð. Menn fara guði þess-
um (maganum) fórnir, og það
oft meira en góðu hófi gegnir
Trú mín er það að sú tíð

muni koma er hin sanna jóla-
helgi drukknar ekki í mungáti
eða kasast undir kökum heldur
verði hafin upp í sinn rétta
sess með trúrækni og kristilegu
hugarfari
Eg vona að Öku Þór taki
reið sína dragi á sig glófana
spennist megingjörðum og
reki með hamri sínum, Mjölni
allt gott og gagnlegt inn í huga
og hjörtu manna en burt það-
an illt og ónýtt. Að hann hvetji
til guðsótta og góðra siða og
helgihalds með hug og hjarta,
svo að honum ef til vill líki
betur siðir þeir er nálgast
hinar fornu blótveislur.
Beri hann bögnum þessi
orð. „Mér datt þetta svo átakan-
lega í hug núna rétt fyrir
jólin"
Færi hann öllum hugheil-
ar jólaóskir
frá
Bangsa.

— ∞ —

Drög
til
Hvammstanga annáls
1927 – 1928

Framh.

„Hjúin gera garðinn frægan"
segir gamalt máltæki. Þetta
á við um sveitaheimili og
þetta á við um heil þjóðfélög.
Þetta má líka segja um
vora kæru borg, Hvammstang-
ann er sá maður hér sem
gert hefur staðinn frægan nýj-

svo að hans var getið í flestum
innlendum blöðum svo og mörg-
um erlendum allt frá Finnmörk
suður til Italíu og frá Englandi
og austur fyrir Rússía. Maður
þessi er Jónas læknir. Og það verk
er hann framdi var það að yngja
upp einn þurfaling hreppsins og
gera hann með því vífinn og um-
svifamikinn á heimili því er
ól önn fyrir honum. Þetta hafði
að vonum þá athugaverðu afleiðingu
í för með sér, að líf þurfalingsins
hlaut að lengjast all mikið og með
því var hreppnum bundinn fjárhags-
legur baggi á axlir, hver veit hve
langan tíma. Enda var það mál
manna, að hreppsnefndin, sem þá
var skipuð íhaldsmönnum yrði
allónotalega við þessa fregn og hefði
jafnvel haft ýmislegt miður fagurt
í huga gagnvart lækninum. Eigum
vér hér að vísu ekki við neitt sem
bannað er í hinum tíu boðorðum
en minna má á að þar er hvergi
minnst á sakamál. Varð all-
mikið uppistand út af þessu öllu
saman og hreppsnefnd var skömm-
uð á prenti all gífurlega og af
hranaskap. T.d. voru hreppsnefnd-
armennirnir kallaðir halanegrar þ.e.
negrar með hala, en vér höfum
sannfrétt að slíkir negrar séu
hvergi til og hefði sjálfsagt verið
hægt að finna eitthvert betra orð og
nákvæmara.
Vér viljum ekki hér kasta nein-
um steini að hreppsnefndinni
enda þótt henni kunni að hafa
orðið eitthvað á í þessu máli, því
nógir hafa orðið til þess áður.

Hreppsnefnd þarf auðvitað alltaf að vera íhaldssöm og gera allt sem unt er til að spara útgjöld hreppsins og tæplega verður annað sagt um þessa hreppsnefnd, en að hún hafi haft fullan vilja á slíku.

Læknirinn hafði ólíkt betra upp úr þessu máli. Fyrst og fremst varð hann nafnkendur um gjörvalla jörð vora og svo rigndi yfir hann beiðnum um uppskurði svo eigi leit út fyrir annað en byggja þyrfti vandað og stórt sjúkrahús hér í bænum fyrir uppyngda menn. En þá reyndist Jónas framsýnn mjög, og er óvíst að nokkru sinni sjáist til fulls hve mikið bærinn á honum upp að unna. Hann neitaði nefnil. öllum eða flestum slíkum beiðnum, nema þeim sem með góðu móti var hægt að sinna. Vér þurfum ekki að orðlengja um þetta, en aðeins benda á hvað af því hefði getað hlotist ef bærinn hefði fyllst af slíkum mönnum víðsvegar að úr heiminum.

Það síðasta sem vér vitum um þetta mál er það að á næsta sumri eftir þetta kom filmtökumaður frá Þýskalandi til að filma þurfalinginn, sem var Magnús í Kothvammi og sumir segja hreppsnefndina með. Eigi vitum vér sönnur á því, því vér höfum ekki séð myndina. Hún kvað hafa verið sýnd í Berlín í 1½ mánuð í fyrra haust, en til Reykjavíkur hefur hún ekki komið enn.

Tökum vér svo þetta mál út af dagskrá.

Tökum vér svo þetta mál út af dagskrá

Þegar sól fór að hækka á lofti árið 1927 og þeyrinn þaut um grænkandi lönd, þegar fossar tóku að kveða kátt í og gljúfrasölum sprengjandi af sér freða og fannir og þegar gemlingar þeirra Hvammabænda tóku að slóra úti á kvöldin í stað þess að koma strax heim, þá tók fjör og líf að færa um æðar hinna pólitísku félaga sem vér áður höfum nefnt. Keptust þau nú hvort sem betur mátti og ungu sínu egginu hvort. Spratt skurn þeirra samstundis og hljóp alfiðraður ungi úr hvoru þeirra og gaf hljóð af sér. Þurfum vér sökum kunnugleika eigi að kalla þá annað en Eggert og Hannes.

Svo stóð á að á komandi sumri skyldu Vestur-Húnvetningar velja einn þingmann til Alþingis Íslendinga. En þó aðeins einn mætti komast að var þó vissara að hafa tvo í kjöri, því annar gat fallið, hvað líka kom greinilega á daginn. Og svo eru líka alltaf margir, sem endilega vilja komast á þing og þjóðskipulag vort stuðlar að því að hver einstakur verði það sem hann vill og fái að njóta sín.

Hófst nú mikil orrusta milli þessara tveggja félaga og þóttust æðis vera íhaldsmenn og þá urðu hinir að vera framsóknarmenn. Voru nú bumbur barðar af list og leikni og þóttust menn nú heyra hljóð úr fleirum hornum, en þeir áttu von á. En síst ber að undrast slíkt nú á tímum því eins má ná hljóðum úr hrútshornum og kýrhornum sem valdhornum og bassahornum. Hlupu nú liðsþeytarar og dellumakarar um allar byggðir. Heyrðist ýmislegt kynlegt og ótrúlegt úr liðrum hinna fyrnefndu, en í sporum þeirra síðarnefndu uxu allskyns urtir og ber, sum sem menn máttu eta og sum sem ekki mátti eta. En meður því að ekki var öllum gefið að greina í sundur gott og illt átu sumir en bátu berin meður góðri lyst. Brá þá svo við að þeir tóku sótt eina hvimleiða og ógeðslega og var sú ýmist kend við framsókn eða íhald eftir því sem á stóð og við átti.

Hvorki dugðu þar til hjálpar læknar né homoepatar né heldur Friðrik huldulæknir, heldur urðu menn að þola slíkar kvalir er sótt þessi lagði á menn án þess að mögla eður geta nokkuð að gert. Entist sóttin fram á engjaslátt og var hver maður feginn er henni lauk.

En áður tók á júnímánuð var efnt til orrustu mikillar á Hvammstanga. Fylktust þar að mugur og margmenni. Kom þá úr Reyk ráðherra einn Magnús Guðmundsson að nafni. Skyldi hann nú duga Eggerts liði enda var það lið glatt og með axlum miklum. Voru hinir daprir og fáir í skapi. En er skyldu renna saman fylkingar datt þá af himnum Jónas nokkur frá Skriflu og kom heill á húfi til jarðar og var vígreifur mjög. Sló þá felmtri yfir hóp Eggerts, en Hannesar menn fóru gegnum sjálfa sig af kæti.

Ottu nú báðar fylkingar fram sínum fræustu köppum og stóð at þetta á nóttu fram og mátti vart um sigur eða ósigur ráða. Gerðust þá ýmsir fundulegir atburðir og þótti það vita á stórtíðindi. Verður hér aðeins fátt talið.

Þá gaus Vallahöfði eldi og ösku. Hafði slíkt eigi skeð í manna minnum né sögur farið af þá. Sást Valladraugurinn um hábjartan dag, en annars er hann aðeins sýnilegur skygnum mönnum í myrkri. Sagt er að Friðrik verkstjóri hafi fundið draug þennan í hól einum fyrir neðan Ytri Velli. Er hann síðan á gangi þar fram og aftur um vegina, en gerir engri skepnu mein. Þá hvarf bæði sól og tungl fjörum manna, en þó var albjart sem ekkert hefði í skorist.

Þá sat Friðrik á Ósi allan daginn á stóli úti á grænni jörðinni. Var þá norðanstormur og kalt mjög. Þá kom Karl Friðriksson gangandi austan frá Víðidalsárbrú þrátt fyrir það að Ósbíll væri í besta lagi. Þá hló

Björn í Bæli svo hátt að Karl Friðriksson setti hljóðan en allur lax í Miðfjarðará hljóp upp á þurt land og mátti þar ganga að honum og taka meður höndum.

Þá tók Ófeigur á Barði svo fast í nefið að kvenfólk sópaðist að honum á alla vegu.

Margt fleira gerðist, sem of langt yrði að telja hér og margt var þarna friðra og vaskra manna samankomið.

Þar var Ingþór á Ósprakksstöðum, sem er klæðamálaskjóri í Vestur-Húnavatnssýslu og Þór steinn á Reykjum sem varð banamaður Ingþórs í sýslunefndinni. Þar var Hendrik á Borðeyri, sem gaf eftir eða ellefu skuldir viðskiftamanna sinna hérna um árið og þar var Jósef á Melum. Þar var Magnús á Torfastöðum sem einu sinni var í siglingum víða um heim og sagt er að hafi komið í Timbuktu. Þar var Guðm. í Grafarkoti, sem veiðir refina og smíðar rokkana. Þar var Pétur Ásmundsson bróðir Friðriks Brekkan. Gekk hann með stjórnarhatt á höfði og var mjög fimur að lyfta honum þegar við átti. Var það hattinum að þakka, að Pétur varð fljótlega málkunnur hinum helstu mönnunum er þarna voru. Þar var Magnús á Saurum, sem er meðhjálpari í Melstaðarsókn og við laxveiðar í Miðfjarðará og Sveinn á Litlu Þverá þar sem Draugagangurinn varð í fyrra. Þar var Sigurbjörn í Grittlandi sem gifti sig í fyrra og sr. Ludvig Knudsen sem kistnaði Jónas á Hrifln. Þar var Sigurður Davíðsson, sem stóð í marki þegar Vatnsdælingar voru sigraðir á Hvammstanga og margir, margir fleiri.

Nú er liðið var á kvöldið vék Jónas frá Hrifln af orrustuvellinum og hafði hann hvorki sakað eldur eða járn fremur en vant er. Var honum nú fenginn til reiðar hestur apalgrár og einn mesti stólpagripur. Þann hest átti Jóseppur bóndi á Bergsstöðum. Var hann kominn út af hesti þeim er átti Jóseppur Austurríkiskeisari og notaður var í Heljarslóðarorrustu forðum. Bar nú Jónas hratt yfir og var að morgni kominn vestur á Snæfellsnes og farinn að berja þar á tröllum

En það er frá Magnúsi ráðherra að segja að líkt fór fyrir honum og sagt er um Jörund hundadagakóng, því er hann sat yfir borðum næsta dag og naut allskonar krása í ró og makindum kom sitt ógurlegt herskip grátt að lit vel búið að vopnum og vösku liði og hafði hann á burtu með sér. Skyldi Magnús eftir vasaúr sitt til merkis um að hann ætlaði að koma aftur. En Jóhann og Þorvaldur héldu að hann hefði gleymt því og tóku Sólbungann og reru á eftir skipinu með úrið svo þeir náðu því. Var það hin mesta svaðilför.

Árangurinn af öllum þessum gauragangi varð nú sá að Hannes varð kjörinn þingmaður Vestur-Húnvetninga var það aðallega þakkað því að dýrðinn hans Jóh. Davíðssonar (þ. e. billinn) var í góðu lagi þann dag er kosið var og alveg dyntalaus. Reyndar átti að koma í veg fyrir að Ó. keyrði þann dag og er sagt að hann hafi verið lokkaður upp á hanaloft í einu mjög háu húsi og lokaður inni. En þrítugur steinninn var niður úr glugganum til jarðar. Hafði Ó. því ekki önnur ráð en að skríða út í gegnum skráargatið og lukkaðist það ágætlega. Varð nú kyrð og friður um byggðir allar eftir þessi úrslit. Voru margir hvíldinni fegnir eftir allar þessar orrustur því margir höfðu tekið nærri sér og ofreynst í slíkum raunum

Framhald

Stjarnan.

(Jólasaga.)

„Hvernig er veðrið, fóstra mín“, sagði Siggi á Hjalla þegar hann vaknaði á aðfangadagsmorguninn ~~kvöldið~~

„Það er hægviðri, lítið frost og dimmur“, sagði fóstra hans, „en farðu nú að klæða þig, góði minn þér veitir ekki af tímanum, ef þú ætlar að ná til mömmu þinnar í kvöld“, bætti hún við.

Siggi brá sér framan á rúmstokkinn og eftir dálitinn tíma var hann alklæddur.

„Komdu nú fram í búr og fáðu þér matarbita áður en þú leggur af stað Siggi minn“, sagði fóstran.

Siggi fór með henni fram í búr. Þar var margskonar góðgæti Hangikjöt, laufabrauð o. m. m. fleira. Siggi tók hraustlega til matar síns, því fátt þótti honum betra en hangikjöt og laufabrauð. Það var líka betra að vera ekki svangur í ferðum að vetrinum. Þegar hann var búinn að borða, þakkaði hann fóstru sinni fyrir matinn, kvaddi hana og vinnufólkið og hljóp fram göngin út á hlað. Þar mætti hann nafna sínum og fóstra.

„Ertu að fara, nafni minn“, sagði gamli maðurinn, „hér er poki, sem ég ætla að biðja þig fyrir til mömmu þinnar en ég er hræddur um að hann sé nokkuð þungur fyrir þig að bera hann“.

„Ekki þegar það er fyrir hana mömmu“ sagði Siggi litli sakleysislega.

Gamli maðurinn brosti klappaði á kollinn á Sigga og sagði: „Þetta er fallega hugsað af þér, nafni minn. Þetta er að vera góður drengur að vilja gera sem mest fyrir mömmu sína, þótt það virðist vera nokkuð erfitt stundum. En vertu viss um það, að þess mun engan góðan dreng iðra“. Svo kvaddi gamli maðurinn nafna sinn og bað hann að fara varlega yfir hálsinn eða fá fylgd, ef farið væri að dimma þegar hann kæmi að Dal næsta bænum við hálsinn. Það væri ekki fyrir börn að vera á ferð að vetrinum.

Siggi litli var léttur í spori þegar hann hljóp út túnið. Hann var búinn að vera nærri 2 ár hjá nafna sínum. Á þeim tíma hafði hann aldrei farið

til mömmu sinnar. Mamma hans bjó á Fossi. Sá bær var í annari sveit og hét á milli, sem hét Fosshóls.

Siggi hafði misst föður sinn fyrir tveimur árum. Þá hafði hann farið til fóstra síns og verið hjá honum síðan, en mamma hans bjó áfram á Fossi með hinum börnunum tveimur piltum, sem voru dálítið eldri en hann og tveimur stúlkum yngri.

Siggi tók smásprett alltaf öðru hvoru. Fyrir eyrum hans hljómaði alltaf: Heim, heim til mömmu og allra systkynanna. En hvað það væri gaman að koma heim. Það var eins og hann væri búinn að vera marga áratugi í burtu. Hann var viss um að mamma hans og systkyni mundu hlakka til að sjá hann.

Það var komið myrkur er Siggi kom að Dal. Hann var á báðum áttum hvort hann ætti að koma þar við. En svo hætti hann við það. Því hann var hræddur um að fólkið sleppti honum ekki um kvöldið. En heim, heim til mömmu vildi hann komast vera hjá henni á aðfangadagskvöldið og heyra hana syngja jólasálmana, því enginn söng þá eins vel og hún. Hann stóð upp af steininum, sem hann hafði sest á lagði af stað á hálsinn.

Það dimmdi í loftinu. Kafaldsél fóru að lóðast um fjallatindana ofan í dalinn. Þegar Siggi komst alla leið upp á hálsinn var komið töluvert logn kafald. Það var þó menner að veginum var varðaður. Siggi mundi vel hvar vegurinn lá, þó að tvö ár væru liðin síðan hann fór hann og þá var hann aðeins 12 ára gamall.

Hægt og hægt hélt hann áfram. Hann var farinn að þreytast, en huguninn bar hann hálfa leið. Bara að hann kæmist ofan fyrir Illa Hjalla áður en veðrið versnaði meira. Illi Hjalli var oft slæmur. Þar höfðu menn stundum hrapað.

Kafaldið óx stöðugt. Það var komin mikil fönn. Í fjarska heyrðist hvín í vindinum. Það fór hrollur um Sigga, þegar hann heyrði það. Hann vissi að það boðaði stórhríð. Hann greikkaði sporið, til þess að reyna að komast ofan fyrir brúnina áður en hríðin skylli á. Allt í einu kom snörp vindkviða. Fönnin þyrlaðist upp og myrkrið varð svo mikið að ekki sást handa skil. Sigga varð svo bylt við þegar fyrsta vindkviðan kom, að hann tók sprett. En fljótlega hagði hann á sér aftur. Hann vissi að hann varð að gæta sín að villast ekki, því þá gat hann hrapað fram af brúninni. Hann fetaði sig áfram. Fönnin var svo mikil sumstaðar að hann ætlaði varla að komast áfram. Allt í einu datt snjórinn undan fótum hans. Hann rak upp angistaróp um leið og hann hvarf fram af brúninni.

Niðurlag.

Stjarnan.

(Jólasaga)

Niðurlag

Heima á Fossi var allt hreint og fágað. Búið var að kveikja ljós. Piltarnir voru komnir úr húsunum og telpurnar voru búnar að þvo sér og greiða. Mamma þeirra var ekki farin að þvo sér enn. Hún var orðin óróleg og hrædd um Sigga. Hún var frammi í búri að taka til matinn, þegar fyrsta vindkviðan kom. Það greip hana skjálfti. Henni fanst þetta vera dauðadómur yfir barninu hennar. Hún féll á kné og bað til föðursins á himnum að hjálpa barninu hennar senda því ljós að vísa því leið. Svo datt henni allt í einu nokkuð í hug. Hún tók ljósker, sem hékk þar, kveikti á því og lét dálitinn spegil inn í það, bak til við ljósið. Svo hljóp hún út á hlað með ljóskerið og hengdi það á bæjarþilið og hún bað til guðs að þetta ljós mætti lýsa Sigga litla heim til hennar.

Nú víkur sögunni til Sigga. Það var eins og hann vaknaði

Fyrst gat hann ekki áttað sig. Svo mundi hann allt saman. Hann hafði hrapað fram af brúninni, en það var svo mikil fönn undir að hann sakaði ekki. Hann staulaðist á fætur, fann pokann sinn og stafinn og gekk af stað. En hann var stirður, átti bágt með að hreyfa sig og var ringlaður.

Hann vissi ekki hvert skyldi halda. Þá sá hann ofurlitla stjörnu. Eins og í draumi stefndi hann á stjörnuna og eftir stutta stund hvíldi hann í faðmi móður sinnar.

Veturliði

~~~~ ~ ~~~~

Grínsögur

Eftir að Ökuför birti síðasta Hvammstangaannál, þar sem Halldór okkar, meðal annars segir frá yngingu og filmtöku Magnúss í Kothvammi (sbr. Bílför Magnúss fjármálaráðherra í Ísafold fyrir skömmu síðan) snerum vér oss til Leiths Grön vorrar í Berlín til að fá fyllri og ef unt væri réttari fréttir af máli þess. Þótti oss málið svo merkilegt og mikilsvarðandi fyrir borg vora þar sem myndin var eftir sögn ekki einungis ger
~~~~

af hinum víðfræga þurfaling heldur og af hinni virðulegu bæjarstjórn vorri. Töldum vér og víst að lesendur Öku Þórs mundi fýsa að fá sem gleggstar fregnir um viðtökur þær er myndin hefur fengið hjá erlendum þjóðum.

Gróa veitti greið svör og birtum vér hér kafla úr skýrslu hennar:

Það er ekki rétt sem haldið er fram í Öku Þór að myndin hafi verið sýnd hér í hálfan annan mánuð. Ég held að ég hafi skilið það rétt að hún hafi aðeins verið sýnd hér hálft annað kvöld. Ég skil reyndar ekki vel þetta hrognamál sem nöfnur mínar hérna tala og sjálf hafði ég ekki minnstu hugmynd um myndina fyrr en allt var um garð gengið og þótti mér það verst því sjón er sögu ríkari. En ég býst þó við að óhætt verði að treysta þeim heimildum er ég hef í þessu efni, því nöfnur mínar eru þekktar að samstygli og ráðvendni hér sem annarstaðar og ég vona að ég hafi skilið þær, mikið til, þó þær tali hrognamál og beri ört á.

Mér var sagt að myndin hefði vakið geysimikla eftirtekt. Enda var þetta talandi kvikmynd og vel til hennar vandað í alla staði; enda hafði verið húsfyllir fyrra kvöldið og hafði jafnvel lögreglan sjálf (ríkislögreglan) horft á myndina í blygðunarlausri hrifningu og aðdáun. En er seinna kvöldið er sýning stóð sem hæst og næst lá að börn og kvenfólk træðist undir hafði flokkur vopnaðra berserkja undir stjórn Hindenburgs gamla ruðst inn með gný miklum og gauragangi. Ráku þeir alla leikhúsgestina út, gerðu myndina upptæka, lokuðu húsinu og settu innsigli keisarans fyrir dyrnar. Hafði munað minnstu að uppreisn yrði í borginni út af þessu tiltæki.

Sagt er að jafnskjótt sem Þýskalandskeisari sá myndina (Henni var varpað út bæði kvöldin en fyrra kvöldið sá hann hana ekki því hann var þá að blaða í skjölum sem tekist hafði að stela frá leynifélagi einu.) Hvað var ég nú annars að segja. Já nú man ég. Jafnskjótt sem keisarinn sá myndina er sagt að hans hátign hafi orðið fjúkandi reiður og skipað að banna að myndin væri sýnd. Hér væri sýnilega um bolsivíka undirróður að ræða til að spilla stjórnmálastefnu og siðferði keisaradæmisins og pottur og panna í öllu þessu væru þeir herrar Ól. Thors, Ól. Friðriksson og Ólafur Karlinn Bjarnason seigi eða aðrir enn verri úr íslenskri ráðstjórninni.

Þó alveg væri sleppt að tala um pólitíska hlið myndarinnar taldi hans hátign myndina ~~með öll~~u óhafa. Tilburðir og orðbragð Magnúss hneykslanlegt, sumir hreppsnefndarmennirnir ég ætlaði að segja bæjarstjórnarfulltrúarnir eða hvað það nú annars heitir höfðu verið barrassaðir og þar fram eftir götunum.

Nú gætu íslensku kvikmyndahúsin sennilega fengið myndina fyrir lítið ef ekki er búið að brenna hana eða skíta í hana á annan hátt og sjálfsagt yrði henni þar vel fagnað og alls ekki rekist í því þar frekar en vant er hvað sýnt er á Bíóunum meðan ekki er opinber rekstur á þeim.

Of langt gengið

Ekki voru nema 14 dagar liðnir frá því að þau höfðu sett upp hringana þegar Anny vakti athygli hans á því að hann væri aftur farinn að nota sjálfbundið hálsbindi og það meira að segja rautt.

„En nú verður þú að lofa mér því, að nota það aldrei oftar,“ sagði hún, „því hver sá maður sem nokkuð hugsar um sitt ytra útlit, notar nú á dögum laust hálsbindi og það mislitt. Rauði liturinn er næstum dónalegur að sjá á ungum manni.

„En hann er þó fallegur. Fallegri heldur en öll þessi marglitu „munstur“ á hálsbindum. Og þar að auki er það óþörf fyrirhöfn að hnýta á sig hálsbindið á hverjum morgni“.

„Þú skalt sjá að fljótt muntu venjast því og á morgun förum við í búðirnar og kaupum mislitt hálsbindi handa þér. Viltu það ekki?

Þegar þau höfðu verið trúlofuð þrjár vikur varð Anny þess vör að hann reykti allt of mikið.

„Ég get ekki liðið þennan reyk og svælu,“ sagði hún. „Mamma er líka búin að venja pabba af því að reykja og ef þú athugar málið vel, sérðu það, að miklir peningar fara þar til einskis, peningar sem margt gott mætti gera með. Svo hef ég líka lesið að það sé óhollt að reykja, að það veikli bæði hjarta og taugar. Ó, hvað ég yrði sæl og ánægð ef þú gerðir það fyrir mig að hætta að reykja. Þú gerir það fyrir mig elsku, besti. Er það ekki?“

„En ég reyki alls ekki mikið góða mín, einungis á kvöldin eða þegar ég er þreyttur og þá finnst mér að það hressa mig svo vel. Nei, góða besta. Að ég fari að venja mig af að reykja, til þess getur þig varla langað.“

En hún stappaði niður litlu, gullfallegu fótunum, og tár komu í dökku móbrúnu augun. og svo varð endirinn að daginn eftir fór hann með allt tóbak burt úr skrifstofunni. Öskubikarinn fékk aðsetur í dimmasta skotinu í fataskápnum, en úr vindlaveskinu sem var úr silfri, lét hann smíða ljósmyndabikar handa Anny.

Mánuði eftir trúlofun þeirra náði Anny í flugrit eitt sem hét „Óvinur mannsins“. Allt kvöldið var hún að reyna að sannfæra hann um það hvílíkt hræðilegt eitur alkóhólið væri, hvílíka eyðileggingu það hefði í för með

sér, bæði á sál og líkama. Að það væri driffjöðrin til allra hryðjuverka og að öll óhamingja heimsins ætti rót sína að rekja til þess. Hún sýndi honum á litmyndum hvílíka eyðileggingu það hefði í för með sér fyrir líkamann; hún las sakamálaskýrslur fyrir honum, er sýndu fram á það að flest öll morð sem framin væru þau væru framin í ölæði; hún notaði sem sagt allar mögulegar skelfingar til stuðnings máli sínu.

„Er það ekki alveg víst, góði, besti,“ endaði hún ræðu sína „að á okkar heimili komi aldrei framar öl né vín né alkóhól í neinni mynd. Aldrei skal það eitur fá að eyðileggja líkama þinn eða sál.“

Hann hló. „Vegna eyðileggingarinnar þarftu ekkert að óttast,“ sagði hann. „Ég sem er sá einstakasti hófsmaður með áfengi, en – eitt glas af víni, endur og eins getur þó ekki gert mér skaða.“

En hún hélt áfram. Kom með svartari og svartari dæmi þar til loks að hann lét tilleiðast. Samt varð orustan hörð og löng og það var með dálitlum óánægjukeim í rómnum að hann hét henni því, að gera sem hún bað.

Vissulega hafði hún mikil áhrif á hann. Hún fékk hann til að segja sig úr keiluklúbbnum. Jafnvel venjuleg spilamennska fanst henni koma í bága við þá hugmynd, sem hún hafði skapað sér um óaðfinnanlegan eiginmann.

Meira og meira nálgaðist hann hugsjón hennar og nær og nær færðist brúðkaupsdeginum.

En svo kom eitt sinn umferðapredikari í þorpið. Hann var þektur ræðumaður. Anny var óvæg og vildi endilega heyra til hans. Fyrirlesturinn nefndist: „Hvernig ég varð ötull“. Anny hlustaði með athygli, það var eins og hún gleypti í sig orðin, hún varð heit og rjóð í kinnunum og hún hneigði sig oft samþykkjandi.

Á heimleiðinni sagði hún: „Ég hef lært afarmikið í dag og ég sé nú að þú hefur í raun og veru afar lítinn viljakraft, ég ætla – – –“ Hann greip framí fyrir henni, snögglega. „Fyrirgefðu elsku barn,“ sagði hann. „En ég hef hreint gleymt því að ég þurfti að gera út um mikilvægt málefni. Ég verð nauðsynlega að yfirgefa þig.“

Svo gekk hann frá henni og rakleitt inn á eitt matsöluhús. Hann barði í borðið. „Veitingaþjónn! Halló! Góðan vindil og glas af víni.“

Daginn eftir skrifaði hann:

Kæra Anny

Fyrirlesturinn í gær hefur vissulega sannfært mig um það, að ég er alt of viljalaus maður og hef alt of auðveldlega beygt mig undir annara vilja.

Fyrir því hef ég nú einnig séð það, að ég er hvergi nærri því að vera eins fullkominn maður eins og þú, með þínum háu hugmyndum verðskuldar.

Upp frá þessum degi vil ég reyna að endurbæta mig og fyrsta ákvörðunin sem ég tek – og hana skal enginn aftra mér frá að framkvæma, hún er sú að ég afsala mér öllu tilkalli til þín. Þökk sé þér fyrir öll góðu ráðin, því nú hef ég fengið svo mikla æfingu í þeirri erfiðu list: að afsala, að þetta síðasta mun ekki hafa svo mikil áhrif á mig. Ég finn að ég er þín ekki verður

Karl

Svo drakk hann vænt koníaksstaup kveikti sér í vindli og fór út, til að kaupa rautt sjálfbundið hálsbindi.

Ingi Ó. Guðmundsson
þýddi úr dönsku.

———— ~ —— ~ ————

Draumur Dulins.

Það er margt, sem gjálífsvakan gleymdi
og gróf svo djúpt að enginn fær það sótt
Nú hérna er það, sem Dulinn Karlinn dreymdi
und dúnsænginni síðastliðna nótt

2.

Hann þóttist vera í þorpinu við sjóinn
og þurfa að koma á Málfélagsins fund
og þó hann yrði að hafa kaldan snjóinn
þá kom hann samt á alveg réttri stund.

3.

Hríð var grimm svo hrikti freðin grundi
heljarkuldi í fundarsölum var
Komnar voru kempur sjö á fundinn.
krókloppnar með stirðar

4.

Þar var Kalli, Ingi Ó. og Gvendur
Eiríkur og Björn, sem ekki er stór,
Hannes Jóns, á Alþing sem er sendur
svo var Magnús líka og Óku-Þór

5.

Engum virtist fært að setja fundi
fyrri en læknir kominn væri á hann
en sínum drengjum sagði hann væri bundinn
við sjúklingana, heima í eigin rann.

6.

Halldór var í afarmiklum önnum
engan tíma hafði, að sitja fund.
– Svona er það að líkjast miklum mönnum
Margir þurfa að sofa um tólftu stund.

7.

Siggi P. með Munda var að vinna
að vatnsleiðslu úr skjólum hreppsnefndar.
Máttu því ei fundarsetu sinna
svona þegar kafaldsgangur var.

8.

Margir voru félagsbræður fjarri
fleiri og um það harla lítil von.
Enginn hafði skallann sinn frá skarri
en skipseigandinn, Pétur Andrésson

9.

Nú var klukkan orðin meira en átta
og inni í salnum nepjan svona köld
Flestir vildu helst af öllu hátta
og hlýrri mæta á fundi næsta kvöld.

Dulinn.

"Ekru-Þór"

2 árg	Hvammstanga	II. blað

Getum við endurreist alþýðuskólann?

— . —

Þetta er spurning sem mjer finst að tími sje til kominn að taka til athugunar. Hjer á Hvammstanga starfaði alþýðuskóli um nokkurt skeið, en hætti svo mest sökum veikinda sem komu upp í skólanum að mjer er sagt. Hús það er bygt var handa skólanum hefur nú í nokkur ár staðið að miklu leyti autt og lítið notað. Það er skemdunum háð eins og aðrar byggingar og hefur ef til vill skemst meira á þessum árum síðan skólinn hætti, heldur en þó að ~~skólinn~~ hann hefði starfað áfram. Að miklu leyti er það óbreytt frá því sem það upphaflega var. Tillhat af áhöldum mun þó ónýt orðin. Talsvert stór upphæð hefur verið varið bæði til aðgerða á húsinu og eins til breytinga á herbergjaskipun til að gera það íbúðarhæfara. Ekki er mjer kunnugt annað en húsið hafi þótt viðunandi meðan skólinn var svo að sennilega þyrfti engu við það að auka ef til mála kæmi að stofna skóla á ný.

Viljum við fá lýðskóla? Svarið getur leikið á tveim tungum, en þó mun fáeinum blandast hugur um, að það er tvímælalaust nokkur búningsbót fyrir eitt hjerað að hafa góðan alþýðuskóla. Reynslan hefur sýnt að, sumum sýslum landsins þykir það ekki svo litlu skifta að hafa alþýðuskóla. Og dálítil samkepni hefur átt sjer stað á því sviði.

Við vitum að lýðskólahreyfingin hefur verið mjög sterk í nágrannalöndunum, Noregi og, þó sjerstaklega í föðurlandi þeirrar hreyfingar, Danmörku. Hjer á landi hefur sú stefna aldrei orðið verulega kröftug. Lýðskólahugmyndin hefur aldrei gripið okkur öðrum eins tökum og Norðmenn og Dani. Og við höfum ekki átt neina brautryðjendur á því sviði á borð við þeirra. Enda eru sveitaskólar okkar mjög fáir. Hvað því veldur, er ekki gott að segja. Hunb.

heldur heldur þó, að alþýðumentun vor hafi yfirleitt verið í betra lagi en hinna þjóðanna, eða bara seinlátari sem á öðrum sviðum. Ýmsir af þeim er hjeðan hafa kynst lýðskólunum erlendis hafa orðið snortnir þeim anda og komið aftur heim fullir löngunar til að koma einhverju í lag, en reynslan hefur orðið sú, að þeir hafa litlu fengið áorkað. Venjulegast hefur verið við ramman reip að draga hjer heima fyrir, og þar hafa lagst á eitt: fjeleysi sveitanna og áhugaleysi íbúanna. Þessir sömu menn hafa annað hvort smátapað áhuga sínum og gefist upp við erfiðleikana eða þá hvarflað út fyrir pollinn aftur og sest í betri jarðveg.

En nú er það ekki nóg að eiga skólahús þótt gott sje. Miklu meira vert er að eiga góðan skólastjóra. Það er skólastjórinn sem heldur skólanum uppi, setur sniðið og svipinn á hann og ræður hvort hann skilar nemendunum ómentuðum eða vel mentuðum heim í heimilin aftur. Mönnum þarf að skiljast það, að vel þarf að vanda til skólastjórans því ef vel á að vera, þá eiga þeir að vera meira en leiðtogar skólanemendanna, þeir ættu líka að geta verið leiðtogar hjeraðsbúa í ýmsum málum. Þeir þurfa helst að vera fæddir leiðtogar og vel mentaðir, svo vel að unglingarnir þurfi ekki að streyma úr sveitunum í stærri kaupstaðina, einkum Reykjavíkur, til að leita sjer mentunar, heldur geti notið fyllstu tilsagnar heima í hjeraðinu. Lýðskólarnir gætu með því móti orðið eitt mikilsvert bjargráð sveitanna við fólksstraumnum í kaupstaðina.

Sje aftur á móti ljeleg kensla við skólana og hafi leikalaus skólastjóri þá geta þeir spilt hugsunarhætti fólksins í garð skólamentunar jafnvel svo að fólk fái óbeit á mentun og lærdómi. Lýðskólarnir þurfa að eiga andans mönnum á að skipa ef þeir eiga að koma að notum. Og vafalaust situr margur með góða skólastjóra hæfi-leika í Reykjavík og leysir miklu ótilfjörlegra starf af hendi en hann ella gæti.

Hvort við ættum að endurreisa skólann sem var hjer á Hvammstanga, er málefni sem málfundafjelagið ætti að taka til íhugunar, og í þeim tilgangi eru línur þessar skrifaðar. Jeg hef ekkert grenslast eftir hvern hug menn hjer hafi í því máli en það mundi væntanlega skýrast við umræður. Um fyrirkomulag skólans verður ekki rætt í þetta sinn. Hvernig menn taka hugmyndinni skiftir mestu máli nú. Og þetta ætti að verða okkur kappsmál að flytja ef við sjáum góða möguleika fyrir henni.

Hvammst. 10/1 1926.

H. Sigurðsson

—— „ ——

Sendibrjef

til "Öku-Þórs"

Ritað á 1. laugardag í þorra ár 1926

Heill og sæll „Öku-Þór" minn!

Loks hripa jeg þjer nú nokkrar línur, og hefði það mátt vera fyr. Því bæpart má nú minna vera en maður skrifi þjer einstöku sinnum, blessaður heillakarlinn. En verst er það, ef brjefið verður frjettafátt. Því loks það kemur frá hjer skeður fátt markvert, nema snemmbæran mín gekk í gær og þótti mjer ~~það gott~~ vænt um það. Lítið um gestakomur og þar af leiðandi lítið um tíðindi. Því skal þess getið að þorri gamli kom hingað fyrir fám ~~fám~~ dögum, og dvelur hjer enn, en hann virðist fjeull og meinhægur, karlgreyið, og hefur engin spjöll gert ennþá, sem hann þó fremur stundum

Helst er það til að halda í mönnum golunni. Þegar tjeðbil um að halda eigi ball á Hvammstanga. Sú fregn fer þráðlaust um hjeraðið eins og hvalsaga. Og sem betur fer, hafa böllin verið með tíðara móti í vetur. Að undanförnu hefur sjaldan sekið slíkt hvað oftar en 3-4 sinnum á hverjum vetri, en nú má heita að þar sje ball um hverja helgi, og má það vissulega teljast mikil framför.

Helst er það að þakka nokkrum framtakssömum og duganda ungum mönnum, sem búa í sameiginlegri eign hreppsbúa á Hvammstanga, svonefndu þinghúsi. Þeir eru oftast forstöðumenn skemtananna, enda hafa þeir helgað þeim starfsemi krafta sína að mestu leyti nú í vetur. Eru þeir þakkar verðir fyrir brennandi áhuga og framtak í þessa átt. Því fátt er meiri menningarauki hjer í hjeraðinu en skemtisamkomur þessar, og er gagnsemi þeirra margþættari og víðtækari en svo, að jeg geti gert þjer það fyllilega ljóst í stuttu brjefi. Þó má drepa á það, að mjer þykir mjög ~~senni~~legt að slíkar skemtisamkomur hafi átt einhvern þátt í því, að breyta klæðnaði fólks til hins betra frá því sem áður var, sjerstaklega kvenfólksins. Nú er t.d. smekkur stúlknanna

marga hverra, og sama tilfinning komin á svo hátt stig, sem betur fer, að þær geta með engu móti verið þektar fyrir að nota íslenska sokka á fótunum. Þeir eru svo altof þykkir og grófir og yfir höfuð „ópent". Þær segja „Hej bara" eða „almúgalegir" ef þær sjá slíkan ósóma sem íslenska sokka. Í stað íslensku sokkanna, eru þær farnar að nota nær eingöngu útlenda sem eru þunnir og gagnsæir, og venjulega ljósir að lit. Þessir sokkar eru mjög „fínir" og meira en það, þeir eru oft og tíðum reglulega sætir. Sá kostur fylgir þeim líka, að það gerir ekkert til þó gloppa sje á hæl eða tá, því þar sjást aðeins fínir skór, svo ef aðeins sá hluti sokksins, sem kálfann þekur er í góðu lagi þá er alt gott og blessað. Þegar svo uppeftir þeim [struck through] dregur, þá er búningur allur í fullu samræmi við þennan neðsta hluta.

En það er meira en það, að menn sjái þetta og margt fleira getilegt á samkomum þessum, því þar má líka oft heyra margt það sem [illegible] andann. Það kemur sem sje oft fyrir, að forstöðumennirnir lesa þar upp skáldskap eftir fornustu ritsnillinga þjóðarinnar, og stundum fá þeir einnig Halldór Skagfirðing til að ausa úr Mímisbrunni yfir söfnuðinn.

Af þessari lýsingu minni, þó ófullkomin sje, getur þú máske að einhverju leyti gert þjer í hugarlund hve þjóðþrifafyrirtæki þessar skemtisamkomur eru.

Sá einn er sá, sem ekki kann að meta kosti þeirra og það er hinn þjóðernisfulli og kaldrifjaði íslenski selur. Það hefir sýnt sig þannig, að hann hefir stundum gert tilraun að fólki úr sveitunum, sem hefir verið á heimleið frá skemtunum þessum, og eru dæmi til að tæpt hefir staðið að það næði bæjum, þrátt fyrir ljettan og heppilegan klæðnað. En sem betur fer hefir það bjargast af, og geta þeir haldið áfram að sækja sjer þroskandi líf til skemtananna á Hvammstanga.

Ekki hafa þessir ungu menn mjer vitanlega sótt um neinn styrk úr ríkissjóði til að reka skemtanir sínar og er þó að mínu áliti margt launað af því opinbera sem óþarfara er. Var það yfirsjón af mjer og öðrum að hreyfa því ekki á nýafstöðnum þingmálafundi að þeim yrði ætlaður nokkur styrkur á næstu fjárlögum sjerstaklega fyrst fjárhagur ríkissjóðs er nú að batna, eftir því sem Þórarinn þingmaður okkar sagði.

En fyrst þetta illa tókst nú til, þá ættum við hjeraðsbúar að bæta þeim þetta upp, með því að fjölmenna á samkomur þeirra eftirleiðis og sýna þann veg að við metum þjóðnytjastarfsemi þeirra og fórnfýsi að verðleikum og finnum til þess að slíkir athafnamenn eru hinir þörfustu í landinu. Vil jeg nú mælast til þess við þig, Öku-Þór minn, að þú farir í kerru þinni um alt Húnaþing og smalir fólki á næstu skemtun piltanna og skalt þú þá bera umsvifalaust reiða hamarinn Mjölni að hausum þeirra sem vilja þverskallast og sitja heima.

Jeg man nú ekki eftir fleiru til að skrifa þjer að sinni og bið þig fyrirgefa flaustrið. Ef við lifum báðir, skal jeg reyna að senda þjer betra brjef seinna.

Vona þú takist þessa ferð á hendur fyrir mín orð, og að þjer gangi hún vel.

Kveð þig svo með mikilli virðingu og vinsemd.

Þinn

Skúli á Völlum

„Öku-Þór"

Kveðja kunningja

Heilir og sælir mínir menn! Mjer hefir borist til eyrna sú fregn, að 3 af fjelögum vorum ætli nú að hverfa á brautu um lengri eða skemri tíma. Þykir mjer hlýða að ávarpa þá nokkrum orðum í kveðjuskyni. Geta mín er nú ekki söm og hún einusinni var, og þótt jeg af veikum mætti vildi fylgja þessum þrem köppum alt hvað áleitið með hamarinn minn, þá á jeg einskis annars úrkosta en að hýrast hjer á Hvammstanga við þá ljelegu fæðu sem af nótt er miðlað mjer gegnum Magnús Þorleifsson. En trúa megið þið að frekar fyndist jeg í ásmegin heldur en að jeg [illegible] eins og Bjarni sagði við Baldvin er jeg frjetti að þessir þrír vinir mínir ætluðu í hernað því enn er nokkur löggur í taugum mínum.

Fyrst vil jeg kveðja þig, Karl Halldórs, hetjan unga. Margs er að minnast frá viðkynningunni við þig, en fátt eitt verður talið hjer. Margt hjarta hefir þú glatt, bæði manna og meyja, vetur með auglýsingum þeim er þú hefir skráð og nett á Stóra Samleik. Um það getur þú sannfærst af brjefi því er Skúli minn á Völlum sendi mjer nýlega, sem er einkar hjartnæmt og angar af.

velvild og skilning á góðu málefni. Altaf hefur þú verið góður og skemmtilegur piltur á böllunum. Aldrei með neitt fyllirí eða flangs utan í dömunnar sem víða ber þó við. Samt hefur þú efinlega verið framarlega í flokki í því að halda fjörinu í fólkinu á dansgólfinu og aldrei legið á liði þínu hvað dansinn snerti.

Mína umgengni hefur staðnað við á götunni milli Gunnars og skólans og hlustað í hljóðri hrifningu á tónana sem brjótast út um bleika gluggatjaldið á kvöldin þegar þú af hrifningu þenur harmonikkuna eða blæst á munnhörpuna af fjálgleik, eða þú syngur Joachim úti Babylon. Nú verður þar þögult þegar [illegible] með öllu þú ósennilegt þykir mjer að þar nái annar eins hylli og þú enda þótt stökkvi sönnum flökti tónn og tónn út um gluggann hans.

Ég bið allar góðar dísir að vera með þjer Kalli minn, hvort þú siglir á togara eða gengur um götur Reykjavíkur. Mundu altaf eftir Hvammstanga og öllu hans og komdu fljótt aftur.

Þá verð jeg nú að faðma þig að skilnaði minn elskulegi, Karl Friðriksson. Jeg verð að játa að það kleppir hita í mitt gamla hjarta bæt að sjá svo brauðan og gjörfulegan mann leggja til hernaðar. Jeg veit að ekki þarf að minna þig á að vera við freistingunum. Þú ert reyndari maður en svo að nokkuð raski ró þinni eða ró. Og ofvel þekkir þú lífið til þess að þú ekki vitir hvernig leggja skal til orrustu.

Við missum mikið er við missum þig. Þú ert einn af þeim fáu sem en [illegible] að tala á fundum og auk þess er rökvísi þinni og málsnild viðbrugðið. Það þurfti svengi dug og segang til að segja það sem þú sagðir á síðasta málfundi og segja það eins og þú sagðir það. Og ekki ljetst þú þá slá þig af laginu Karlinn. Nei óná fast og rólega eins og þú værir smiður fyrir Kaupfjelagið hrintir þú af þjer þungum ásökunum, slóst öll vopn úr höndum andstæðinga þinna. og stóðst eftir beinn og tígulegur eins og skorsteininum sem þú steyptir í haust og með kaldhæðnisglott sigurvegarans á öllu andlitinu. Nei þjer er ekki fisjað saman.

Gott er að sjálfmála-nefndin hefur lokið störfum þú svo segir mjer hugur um að lítið hefði orðið um fastan grundvöll í því starfi ef ekki hefði notið við dugnaðs þíns og víðsýni, og er jeg þó ekki að kasta neinni rýrð á samverkamennina. Meðan

sóma mun nefndin hljóta af þjer, bæði störfum þínum innan hennar og framkomu þinnar á fundinum er þú mættir þar skilninginn og upplýsingunum [illegible] og hvast [illegible] hverju mundi kosta frá Bjarna eða samvinnu þinni.

Jeg segi það aftur; þjer er ekki fisjað saman. Og jeg hef verið dálítið hugsandi út af þessari bindfæri þinni síðan hreppsnefndarauglýsingunni skaut upp. Þú ef nú þyrfti að setja hjer lögreglumann um skipakomur til að þagga niður í þeim sem vilja syngja og draga þá upp úr sem detta í sjóinn, hver væri þá líklegri en þú. Jeg bið gefuna jörð að styðja þig og styrkja hvar sem þú ferð og leiða þig heilan heim til konu, barna og kunningjanna á Hvammstanga. Margir sakna þín og vafalaust finst mörgum mannleitarmanninum skarð vera fyrir skildi þú oft reyndist þú vel þegar aðrir brugðust.

Síðast kem jeg að þjer Sigurður minn Davíðsson. Mig langar til að tala margt við þig að skilnaði, vinur, og ekki mættu misvirða það við mig þó eitthvað kunni að vera ~~spot~~ óþarft í ræðu minni heldur muna það að það er af einlægri velvild sagt og

af föðurlegri umhyggju. Fyrir velferð þinni og af því að ~~segja~~ þú ert nú, að mjer er sagt, fyrsta sinn að leggja út í lífið þeim sem ekki hafa komið út fyrir sýsluna, getur orðið margt að fjörtjóni þegar til orrustu er komið.

Ekkert mundi jeg fremur kjósa en að mega fylgja þjer á suðurgöngu þinni og vera altaf við hlið þjer með hamarinn til að berja frá þjer bíla og allskonar ófögnuð sem alstaðar er þar syðra. Jeg veit ekki hvernig á því stendur að mjer finst altaf að hætta sje á því að þú verðir ekki nógu fljótur að forða þjer frá bílunum. Þetta eru voða-skepnur þessir bílar. Hann Guðmundur Sigurgeirsson hefur sagt mjer það að oft hafi hann þurft á öllu sínu að halda í viðureign við bílana, og ekkert hafi komið sjer að meiri liði þá en snarræði sem hann vildi þakka knattspyrnuæfingunum á Hvammstanga. Það er líka eina huggunin mín að þú ert æfður knattspyrnumaður, sjerstaklega í marki, og markverðir eru allra manna snarráðastir.

Margs er nú að gæta Sigurður minn í stórborgarlífinu og eins í ferðalaginu, en fátt eitt get jeg sagt þjer af því er segja þyrfti. Jeg veit að ekki þarf að minna þig á að vera hógvær og lítillátur í umgengni við ferðafjelagana. Vertu ekki ofsmeykur.

því alt kemur það eins vel að áliti eins og matur úti margt. Þú hefðir eigum opin „Ráðið því ekki gjörugur til fótunna", en aðgættu vel siði og hátterni sessunauta þinna og umfram alt. varast að [illegible] ofeinlægur við kvenfólkið. Því ef þú segðir hafa eitthvað af [illegible] gæti með þér, sem þú ættir að selja í höfuðstaðnum, þá hjálpi þjer hamingjan.

Þegar til borgarinnar kemur máttu helst ekki heilsa öllum sem þú mætir með handabandi eða munnlegu ávarpi eins og við gerum hjer á Hvammstanga, heldur bara taka ofan og bregða sjer við ef þú ferð í Bíó. Þú skaltu ekki vera að kaupa þjer sælgæti til að jeta á meðan einir og aðrir sitja, það er svo dýrt í Reykjavík. Best væri að kaupa harðfisk af Skúla eða Kalda kossa hjá Gunnari, það er mun ódýrara og auk þess hollari fæða.

Jeg hef því miður ekki tíma til að segja þjer meira, jeg sje svo ótal margt sem mætti benda á, en best er að láta staðar numið ~~að sinni~~ strax. Jeg veit að enginn þarf að gefa þjer í verslunarsökum; þar ert þú fullfær sjálfur. En það er ósk mín, að þú sækir mikið og gott herfang þaðan sunnan, og ekki dylst mjer að margir þrá síðan að sjá þig í búðinni fimm aftur.

Jeg kveð þig svo með innilegri alúð og ósk um alt gott á ferðalaginu. Vona að þú sendir mjer línu úr höfuðborginni, svo að jeg geti fært fjelögunum kveðju þína og það helsta sem viðber í umheiminum.

Mjer til mikillar sorgar hefi jeg alveg gleymt fjórða fjelaganum Þorláki Björnssyni. Þangað til núna. Ekki verða þó annarar óskir nýrrar til hans fjelegri en til hinna þó að þær ekki komist á pappírinn.

Bið jeg svo allan söfnuðinn vel að lifa.

Ökuþór

Staka

Sjálfsagt mætti sama margt
síðferðis af brotum,
ef það væri orðið bjart
í öllum myrkraskotum.

Snjólfur

Ökuþór

2. árg. Hvammstanga 15. Febr. 1926 III. blað

Útvarpið.

Á fundinum síðasta minntist Eggert Levy á útvarpið. Hverju hálfat vori fyrirkomulagi hjá fjelaginu er hefur einkaleyfi á útvarpsstöðvum hjerlendis og á sölu móttökutækja. Mjer varð sem fleirum fundarmönnum starsýnt á þau háu gjöld, stofngjald og árgjald sem leggjast á hvert móttökutæki. Svo hátt gjald hafði mjer aldrei komið til hugar. Þó mun dálítið eiga þarna upp á móti. Jeg hafði búist við að áhöldin yrðu ódýrari hjá fjelaginu en ef þau yrðu keypt utanlands frá. Og mjer skildist á E. Levy að svo væri, jafnvel svo að munaði vel stofngjaldinu 85 krónum. Þá eru eftir þessar 50 krónur sem árlega verður að greiða og það er vissulega tilfinnanlegt gjald.

Einn fundarmanna drap á að útvarpið væri mikið menningartæki. Og það er það vissulega.

Við skulum bara athuga það, sem við gætum haft gott af stöðinni í Reykjavík ef við ættum móttökutæki hjer á Hvammstanga. Við mundum getað hlustað á allar opinberar söng- og hljómleika. Við fengjum að heyra til Haralds Sigurðssonar ~~og~~ og útlendra söngvara eða fiðluleikara, auk margs annars af því tagi. Kaffihúsamúsík og þ. h. Við mundum geta heyrt á alþýðufyrirlestra Stúdentafjel. og aðra fyrirlestra í háskólanum. Alt sem fram fer í þingsölunum mundi berast að eyrum okkar. Ræður Jónasar, Jóns Tryggva, Þórarins og aðra þessara háu herra. Og við mundum líka heyra frá kirkjunum og heyra þar til snjallasta mælskumanns ~~kirkj~~ hinnar íslensku kirkju, próf. Haralds Níelssonar.

Þeim sem þekkja þetta alt, getur ekki dulist að það yrði okkur mikill menningarauki að geta notfært okkur það. Það mundi áreiðanlega hjálpa til að bæta okkur og göfga, og ef við unum því illa að hýrast heima, þá mun fátt sem flytur okkur jafnlangt og útvarpið, þótt við sitjum á sama stað.

Að geta klestað á ræður þingmannanna, væri vafalaust kærkominn fengur jafn pólitískt spiltu og við erum; og óneitanlega væri það gaman og gagnlegt. Best er það að fáir hafa aðgang að þingtíðindunum og ræðurnar sem birtar eru þar, eru oft öðruvísi en þær voru fluttar. Hefðum við málþráðartæki við eyrað mundum við þrætast um margt. Líka um það, hvort þingmenn tala eins þar og heima í kjördæminu.

Mjer dettur í hug gamla æfintýrið af tröllkarlinum, sem rændi þremur dætrum karls og kerlingar. Sú yngsta sendi hann heim aftur með systur sínar í poka, en bannaði honum að forvitnast um innihaldið. Þótt karlinn bogni af forvitni, þorði hann með engu móti að gæta í pokann á leiðinni; því hann hjelt því að Helga sæi altaf til hans svo "gegnum holt og hæðir og hellisinni" og honum fanst augu hennar hvíla á sjer alla leiðina.—

Víst mundu þingmenn hafa gott af því að augu kjósendanna hvíldu altaf á þeim. Að hvert orð sem þeir töluðu bærist til eyrna samherja og mótflokksmannanna heima í kjördæminu.

— • —

Mannkynið dreymir sí og æ. Frá örófi alda hefur það verið að dreyma; verið að spyrja og spá og glíma við þær óteljandi gátur sem lífið hefur lagt því í ~~að~~ bundu. Spádómarnir ~~eru altaf að rætast~~ rætast. Draumarnir eru altaf að koma fram jafnvel þeir sem stokið hafa svo öldum skifti. Engin vafi er á því að fyrr en varir getum við sjeð um heim allan eins og við nú getum heyrt. Og hver veit nema einhverntíma finnum við óskasteininn og getum horfið hvert á land sem við viljum á sjöpuhundu, eða huliðshjálminum og ferðast ósýnilega um fold alla.

Það verður ekki hrakið að útvarpið er menningartæki og álitamál hvort það er ekki svo mikið menningartæki að það sje gerandi að borga árlega þessar 50 krónur auk hins upprunalega stofnkostnaðar, til að njóta gæða þess. Það skal jeg játa að það er illt að láta hafa sig að fjeþúfu, en þó skulum við muna, að gagnsemin er okkar megin í þessu máli, en ekki þeirra sem hirða peningana okkar. Við uppskerum andleg verðmæti, þeir veraldleg, og hinn veraldlegi auður getur verið horfinn á morgun, en hinn glatast ekki; nje er háður fallvaltleika jarðneskra muna. Hann er okkar göfuga takmark,— hið eina nauðsynlega sem úr býtum verður borið.

H. S.

Framtíðarmál

Þau eru nú mörg málin, sem segja má með sönnu að sjeu framtíðarmál; misjafnlega nauðsynleg að vísu. Sum þessi mál eru þannig vaxin að þau þola enga bið.— þau verða að framkvæmast strax.

Eitt af þessum nauðsynjamálum er það sem jeg ætla nú að minnast á við þig "Ökuþór" minn, og ætlast jeg til að þú flytjir það inn á næsta fund. Jeg sje það tiltækilegustu leiðina.

Nú orðið er altaf verið að tala um að auka ullariðnaðinn í landinu. Að fólkið verði að vinna meira en áður úr ullinni. Og nú eru vjelarnar að koma alstaðar: kembivjelar, spunavjelar, saumavjelar og prjónavjelar. En það þarf meira að gera en tala um að auka iðnaðinn í landinu, því það er ekki nóg. Heldur verður að gera eitthvað, því ekkert gerir sig sjálft.

Mjer dettur í hug að minnast á, hvort ekki væri óskaráð, að einn eða þó fleiri menn í fjelagi keyptu eina handspunavjel. Það en farnar að útbreiðast sem eðlilegt er, því nú er fólkið ekki ætíð til að vinna, svo það verður að taka eitthvað til bragðs.

Það er hörmulegt að sjá hvernig kvenfólkið gengur svona til fara: með beran hálsinn ofan á brjóst, og bera handleggina upp fyrir olnboga, vegna þess að þær hafa enga almennilega spjör til að fara í. Má geta nærri hvaða klæðnaður þetta er í vetrarkuldanum. Og svo sokkarnir, jeg held helst að þeir sjeu búnir til úr flugnaneti. Það má nærri geta hvaða skjól er í þessu úti í frosti og snjó. Og þetta ætti alt vera okkur karlmönnunum að kenna! Við höfum enga fyrirhyggju með að útvega verkfærin til að vinna með;— vinna efnið í fötin, svo að fólkið þurfi ekki að ganga hálfnakið,— einkanlega kvenfólkið. Og segi það satt, að það kemur nærri því hrollur í mig, þó mjer sje fullheitt sjálfum, af að sjá fólkið ganga svona illa klætt. Og mig skal ekki furða á því, þó ungu stúlkurnar leiti suður á bæjinn á haustin, þangað sem er dálítið hlýrra, eins og börnin gera.

Jeg sje ekki þýða að skrifa langt mál um þetta það hjálpa allir að samþykkja það nema kanske einhverjir staðir afturhaldsmenn, en jeg skal ekki í því að þeir

fyrir finnist í okkar hóp. þess-
vegna held jeg að allir segi
til þessa máls já og amen

B. E.

Vísur
eftir
Snjólf

Marga blekkir blíðmæt-
brygðin hrekkja sakleysi
ýmsa hrekkir áleitni
engum þekkir rjettláti

Svar til manns.

Auglýst er þín andans nekt
'Ulfur' inn þorska fínt
Jeg hef engann áður þekt
öllu minna vint.

Síðasta kveðjan

Þó er mjer þótt fallinn væri
hjarni bjóst þinn
ef þú fellir eldheit tár
yfir líki minn.

Til stúlku.

Enga hef jeg þekt sem þig,
þú ert blóma ljómi.
Ef þú vildir eiga mig,
yrði jeg tímans sjómi.

X.

Stutt athugasemd

Hjer að framan er grein
eftir Baldvin í Kelduhvammi
um framlitamál, og er
það heimilisiðnaður í sam-
bandi við handspunavjelar
Jeg játa fúslega að það er
þarft mál, en jeg get engu
lofað um það fyrir bláókunna
hönd aðra en þeirra er gert
Hins heppilegt hefði það
sennilega verið að B. E. hefði
flutt það sjálfur inn á
fund, því fremur er þeim
málum sint en þeim er
blaðið flytur. En á næst
síðasta fundi baðst B. E.
undan því að hafa
framsögu í máli og lét
stjórnina þá bera til greina
Heimilisiðnaðarmál
hefur áður verið rætt hjer
í þessu fjelagi, og nefnd
var kosin. En mjer vitan-
lega hefur sú nefnd ekkert
athafst. Sama mál var
einnig flutt og rætt hjer
í fyrravetur á búnaðarnám-
skeiðinu, og þá upplýstist
að til var gömul nefnd í
því máli, skipuð mönnum
Kirkjubóls og Korsum hjer í
sýslu, en vitanlega hafði
hún ekkert að-hafst. Engum
skrifar komst í málið í-
fyrra, og rétt um mun
sagt ... sinnt enn.

Handspunavjelar eru
orðin tölluvert útbreidd
áhöld og ekki mjög dýr.
Og það ætti ekki að þurfa
nein fundarhöld út af
þeim eða nefndarkosningu
Þeir sem hafa áhuga á
heimilisiðnaði ættu að
kaupa og fá sjer slíka vjel.
Þá mundu fleiri fara
eftir. Í Skagafirði eru
margar handspunavjelar.
Þar eru ýmist eign ein-
stakra manna eða þá
nokkra í fjelagi, en þær
þykja ómissandi í hverjum
hreppi. Ekki veit jeg þó
hvort búningur kvenna er
betri þar en hjer. Þó held
jeg að ekki sjeu fleiri sveita-
stúlkurnar vafðar "flegna-
neti" þar eins og B. E. segir
að tíðkist hjer. Jeg er
dauftrúa á, að búningur
kvenna batni nokkuð að
mun þó handspunavjelar
yrðu almennar hjer. Jeg
efast um að kjóla sem eru
lengdust, hálsmálið þrengdist
eða ermarnar yrðu úr íslenskri
ull. Klæðnaður fer meira
eftir hugsunarhætti og smekk
fólksins en minna eftir
hvað hagt er að veita sjer.
Jeg er B. E. ekki sam-
mála um það, að klæðnaður
kvenna sje sama eins og
hann er af því að þar eigi
enga almennilega spjör
til að fara í. Jeg held að

þeim finnist kjólar sínir og
annar fatnaður almennilegir eins
og þeir eru og kæri sig ekki um
að breyta til í bráðina. Og ekki
álít jeg heldur að þetta sje
okkur karlmönnunum að
kenna - ungönguna.
Jeg skil heldur ekkert
í að B. E. skuli kenna kulda-
hrolli við að sjá þrifalegan
beran kvenhandlegg eða ...
í nettum föt gegnum sokkum
sínum. Jeg hefði haldið að flestum
mundi hlýna við það.
Annars er jeg hlyntur
þessum handspunavjelum;
jeg veit hvergi vinsældum
þær eiga að fagna í Skagafirði
og tel víst að svo yrði einnig
hjer. En heppilegast álít
álít jeg þessa; að 2-3 góð heimili
fengi sjer eina spunavjel og þá
mundi áhugi manna aukast.

H. G.

Aurasjóðir

Jeg hefi verið að leggja
heilann á mjer í bleyti út
af því hvernig jeg eigi að bera
fram þetta mál eða fá því
framgengt, og niðurstaðan hefur
orðið sú að fela þjer, Okkar þó
minn málið. Þú jeg býst
við að þú sjer þú best fengið

Rjettast finst mjer að leggja málið fyrir einhvern fund Málfundafjelagsins, því þá kemst fyrst skrið á það. Jeg geri ráð fyrir að gangurinn verði sá, að kosin verði nefnd í málið. Og eins og allir vita eru vanalega úrvalsmenn kosnir í nefndir, það er að segja ef nefndirnar verða ekki svo margar að alla verði að taka. Og nefndirnar víkjast aldrei um það sem þær eiga að gera, nema einhverjar óviðráðanlegar orsakir sjeu þess valdandi*). Það hljóta því allir að sjá að málinu er lang best borgið á þennan hátt.

Eins og menn vita og nafnið bendir til, er þetta sjóður sem sjerstaklega er til þess, að geyma og ávaxta aura, sem börnum og unglingum áskotnast; sem þeim annað hvort eru gefnir eða þau vinna sjer því inn. Þessir aurar fara oft fyrir lítið — fara til kaupmanna og okrarsala fyrir ýmsan óþarfa, oft og tíðum. Þetta getur með tímanum orðið talsverð upphæð hjá mörgum unglingum. Því „safnast þegar saman kemur“ og „margt smátt gerir eitt stórt“. Og það er betra, að unglingarnir geti notið þess þannig að ávaxta

*) eða því tilbúnar ástæður sem er nokkuð sama

það, heldur en að það gangi fyrir „gotterí“ og „glingur“ í sölubúðum. Um þetta vona jeg að þú sjáir, „Okurþór“ minn.

Þó þetta sýnist ekki stórmál, þá er það þó í raun og veru. Fræið er ekki stórt þegar því er sáð, en það vex og getur orðið að háu trje.

Jeg ætla nú ekki að fjölyrða meira um þetta hjer. Mál þetta er þannig vaxið að það mælir með sjer sjálft. Og svo vil jeg ekki eyða meiru af hinu dýrmæta rúmi á blöðum þínum, og er því best að segja amen.

B.E.

Hjá slátraranum

þýtt

Ung og lagleg ekkja sat í slátrarabúð, og slátrarinn var að vigta handa henni 2 kg. af kjöti. H. Petersen! sagði hún, — mjer þykir leitt að segja það. en þrátt fyrir það að jeg heiðra yður sem vin, þá get jeg ekki þegið hönd yðar. Jeg hef ákveðið að giftast aldrei

— En frú, stamaði slátrarinn forviða Jeg hef alls ekki boðið yður hönd mína —

— Ekki það? Hversvegna eruð þjer þá að reyna að vigta hana með kjötinu

[Verden og Vi]

Opið brjef

til

Baldvins í Helguhvammi.

Mæti og virðulegi vinur!

Mjer finst jeg þurfa að hripa þjer fáein orð í tilefni af því, sem gerðist í lok næst síðasta fundar. En því verður að fyrirgefið, þótt jeg taki ekki upp sið Þórbergs Þórðarsonar og fari að þjera þig, sem hann telur nauðsynlegt þegar tveir þjóðfrægir rithöfundar skrifist opinberlega á. Bæði er það nú af því að þjer er meinilla við öll þjeringheit; því gætir firtst við mig út af því, þótt þjer sje tamara að firtast fyrir annara hönd en þín eigin, og svo af því að jeg er ekki þjóðfrægur rithöfundur, þótt þú hins vegar hafir haft einkar lofsamleg ummæli um stíl minn.

Það var greinin „Okurþór“ kveður kunningja“ sem eitthvað misbauð velsæmistilfinningu þinni og háfína smekk. Þar sem þú fjelaga okkar kvaddir með innileik og jafnvel gafst góð ráð til fararinnar. Öllum var þeim óskað heillar farar og heillar afturkomu.

En því þóttist finna þef af einhverjum óþvergilegum aðdróttunum, og greinin auk þess öll eins endemis vitleysa. Við þessu er í raun og veru ekkert að segja, Baldvin. Smekkur manna er svo misjafn. En þó kemur mjer undarlega fyrir sjónir þröngsýni þín í þessu sinni; því yfirleitt finst mjer þú ekki þröngsýnn maður, nema ef vera kynni í trúmálum. Mjer virðist einna helst að þjer sje illa við alt sem ritað er í gamni; þar sem geti kæti og grín. Alt eigi að vera blábert alvara. Fyrir mitt leyti finst mjer grín og gaman eins mikil lífsnauðsyn og loftið sem við öndum að okkur. Og ef „grunnlómur lilorumnar er meinlaust grín“ eins og Þórbergur segir, því væri síst að undra að það gægðist víða fram.

Og jeg get ekki neitað að mjer fannst það dálítið „grín“ er þú rjeðst þig úr sæti í fundarlokin, með alvarlegasta vandlætingar svipinn sem þú átt í eigu þinni og hjelst í fjálgri megnu ávarpi yfir blaðinu. Það stappaði nærri að þú kallaðir það sorpblað, og jeg nokkurn veginn viss um að það hefur verið þín meining, þó orðin fjellu á annan veg. Jeg ætla ekki að deila um hvort svo sje eða ei; til þess er málið mjer of skylt. Því jeg hefi ritað meiri partinn af.

því sem birst hefur í þessum tveim blöðum sem út hafa komið á þessu ári. Um þau skrif mega allir dæma.

Mjer skildist á þjer að það væri mesta óþarfi hjá þjer þegar nöfn voru nefnd í ritinu. Því mundi kanske þola það betur, að allskonar aðdróttanir væru gerðar að mönnum og engin nöfn nefnd. Það tel jeg ranglega óhæft.

Það var ekki að heyra að þú findir til neinna staða hjá neinum af þeim sem í greininni voru nefndir nema Sigurð Davíðsson. Hvað því veldur veit jeg ekki, enda skiftir það litlu. Ef til vill er öflugri þáttur undir milli ykkar en annara. Og ef til vill var það af því að hann var nefndur síðastur og þú kanske verið búinn að gleyma hverjir hinir voru í sandlátingarmóði þínum yfir síðlegunni hjá mjer.

Eitt, sem þjer fannst athuga vert var við sum skrif er það að þau geymist í blöðunum. Þar geti allir átt aðgang að og lesið ár eftir ár. Og svo kemst blaðið kanske á Forngripasafnið einhverntíma. Þetta tel jeg kost en ekki galla. Á fundunum getum við talað eins og við viljum; við getum reiðst, ausið út óbótaskömmum og talað óíslenskulegt mál, og það er gleymt og grafið eftir stundarkorn. En blaðið, sem við skrifum í, ber vott um þroska hugsunarinnar, leikni okkar í að nota málið og búa hugsanir okkar. Það spegla menningarástand fjelagsmanna ár frá ári og lýgur engu um það, sem þar gjörist.

Nú held jeg að lengra sje komið til að hætta þessu brjefi. Jeg hefði ekki þurft að skrifa það, því aðfinslan þín var í rauninni ekki svaraverð. Jeg hefi gert mjer það til gamans að rita þessar línur. Því er tilgangur minn með þeim sá að sýna þjer að þú gjörir of þunga grein í útmeiskunni til að gera umræður þar eða aðalmeistari. Greinin varð úrlausn ánægju eina og hún átti að gera, en mjer vitanlega hefur hún ekki sært neinn nema þig. Og hlutaðeigendur hafa látið í ljósi ánægju sína yfir henni. Hinsvegar var hún laus frá gallalaus hvað frágang snertir, og þessar aðfinslur eru teknar með þökkum ef í rökum voru bygðar.

Kveð þig svo með sama innileik og verið hefur

þinn einl.

Halldór Sigurðsson.

Um lestrarfjelög og bækur

„Blindur er bókalaus maður“ segir máltækið, og lítt þroskuð er þekking manna, ef engar bækur væru til. Gegnum bækur kemur þekkingin til manna að mestu leyti, hvort sem maður situr á skólabekk eða heima í híbýlum sínum. Að vísu auka margir þekkingu sína með ýmiskonar sjálfstæðum athugunum, en þó munu það vera flestallir nú orðið sem þurfa á bókum að halda til að byggja það undirlag sem þeir svo síðarmeir geta bygt á sínar sjálfstæðar athuganir. Nú eru þeir menn venjul. kallaðir mentaðir sem eru skólagengnir, hafa setið einn eða fleiri vetur á skólabekk. Meðal það sem kennarar flytja nemendum sínum taka þeir úr bókum, að vísu taka þeir nokkuð frá sjálfum sjer, með því að skipa frá reynslu sinni viðvíkjandi hinum ýmsu fræðigreinum sem þeir kenna.

Hvernig ná nú kennarar best tilgangi sínum til að menta nemendur sína? Það er margra álit að fyrst beri kennaranum að kenna nemendunum að lesa, lesa kenslubækurnar og annað þannig að þeir tileinki sjer sem mest af því sem þeir lesa og er nytsamt og hefur þroskandi áhrif. Það er ekki sama hvernig lesið er, það vitum við öll. Tveir menn lesa sömu bókina; eftir lesturinn man annar þeirra kafla úr henni sinna hjer og þar en hinn hefur lesið svo, að hann hefur tileinkað sjer aðeins það sem viðkom aðalefninu, hinu hefur hann slept. Þanna sjest munurinn á lestrinum. Annar hefur lesið sjer til gagns, en hinn eiginl. ekki til neins, mesta lagi sjer til gamans.

Því er það með okkar sjálfmentuðu menn, að þeir hafa kunnað að lesa, þeir hafa numið af þeim bókum, sem þeir hafa haft undir höndum þann fróðleik, sem var nytsamur og þroskandi, en látið eigi upp úr hinu, sem þeim fanst ónauðsynlegt. Og þeir hafa flestir kunnað að velja sjer bækur. Það er ekki alveg sama hvað lesið er, og bækur eru afar misjafnar að gæðum, og þetta gildir bæði um sögur og tímarit og fræðirit. Auðvitað kemur þanna til greina misjafn smekkur manna og misjafnar lífsskoðanir og af því er það að sama bókin getur fallið öðrum alt í geð en ekki hinum.

Það verður að álíta þær bækur góðar sem að einhverju leyti hafa göfgandi eða fræðandi áhrif á lesandann. En hve sorglega oft eru ekki gefnar út og lesnar bækur, sem hvorugt.